

Rebekka í Hjaltalín og fagottuppreisnin



tónlist 34

Lita-sprengja vorsins



tíska 42

Rose eyðilagði ævintýrið



NBA 40

spottið 16



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

16. apríl 2011
89. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

BEST LESNA
DAGBLAÐ Í ISLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt eimistöðlufræsin. Gæmdukt Gællun sjómár - mars 2011



Andleg auðlegð nauðsynleg

Jenna Jensdóttir, heiðursverðlaunahafi Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins, ræðir lífið og tilveruna.

fólk 24



Hverju skilaði skýrslan?

Ár er liðið frá útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

stjórnsmál 26

Orð eru til alls fyrst

Deiluaðilar velja viðeigandi málshætti hverjir fyrir aðra.

páskar 36

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Matur | Allt | Allt atvinna



FRÉTTABLAÐIÐ TÍU ÁRA

Fréttablaðið fagnar tíu ára afmæli laugardaginn 23. apríl næstkomandi. Í tilefni af því efnið blaðið til afmælisýningar sem verður opnuð í Perlunni í dag, þar sem stiklað verður á stóru í fréttum liðins áratugar. Fréttablaðið býður lesendum sínum að fagna með sér í Perlunni frá klukkan 13 til 16 í dag. **Sjá síðu 2**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Strandaði á sjávarútveginum

Langtímasamningur SA og ASÍ er ekki lengur til umræðu. Unnið var að skammtímasamningi í gærkvöld. Forsætisráðherra sakar LÍÚ um óbilgirni. Framkvæmdastjóri SA segir stjórnvöld hafa ráðist á sjávarútveginn.

KJARAMÁL Óvissa ríkti enn í kjaraviðræðum Alþýðusambandsins (ASÍ) og Samtaka atvinnulífisins (SA) í gærkvöld.

Kjarasamningur til þriggja ára var sleginn út af borðinu síðdegis í gær og ekki hafði náðst samkomulag um gerð samninga til styttri tíma. Fundur stóð þó enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í gærkvöld að við-

ræður hefðu strandað á sjávarútvegsáttum. Sátt hefði getað náðst um öll önnur atriði.

„Það er furðulegt að LÍÚ skuli stilla upp þessu stóra ágreiningsmáli til áratuga sem fyrirstöðu við kjarasamninga og koma þannig í veg fyrir þær miklu kjarabætur sem fólust í langtímasamningum.“

Jóhanna segir mikil vonbrigði að samningar til þriggja ára hafi mistekist en ríkisstjórnin hafi lagt sig alla fram til að tryggja frið og

stöðugleika á vinnumarkaðnum.

„Málið strandaði á óbilgirni LÍÚ vegna fiskveiðistjórnunarkerfisins. Það stóð ekkert annað út af,“ segir Jóhanna.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, sagði í gærkvöld að niðurstaðan væri vonbrigði. Hann sagði þungt yfir mönnum við samningaborðið. Sjaldan hefði sést önnur eins áráð á sjávarútvegin einn og í upphafsörðum sáttplaggs ríkisstjórnarinnar sem lagt

var fyrir samningamenn í gær.

„Það varð ljóst að málin þróuðust fljótt yfir í umræður um samkomulag til skamms tíma,“ sagði Vilhjálmur. „Við komumst ekkert úr sporunum með sjávarútvegs málin, samgönguframkvæmdir eða orkumál.“

SA sendi frá sér yfirlýsingu í gærkvöld þar sem harmað er að ríkisstjórnin skuli ekki hafa komið til móts við atvinnurekendur í málefnum sjávarútvegs. -sv

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Páskaglaðningur Icelandair American Express®

Skráðu þig á americanexpress.is

og fáðu **tvöfalda Vildarpunkta Icelandair** af allri veltu

frá 15. til og með 30. apríl!





Margeir, verður Jefferson Airplane á lagalistanum?

„Nei. Við fljúgum hærra með samnefndu lagi Grýlanna.“

Plötusnúðurinn Margeir Ingólfsson hefur verið ráðinn til að velja tónlistina sem leikin verður í vélu Icelandair.

Meiri matur í miðbænum:

Fínum veitingastöðum fjölga

VIÐSKIPTI Fjórir nýir veitingastaðir í fínni kantinum eru að bætast við þá sem fyrir eru í 101 Reykjavík: Sjávargrillid, Kola-brautin, Munnharpan og Grillmarkaðurinn. Svipað á sér stað á Akureyri. Þar hafa Goya og Rub23 nýlega verið opnaðir. Þetta þýðir fjölgun sæta um að minnsta kosti 500, að mati Hafliða Halldórssonar, forseta Klúbbs matreiðslumeistara.

Hafliði telur horfur á stórauknum fjölda ferðamanna til landsins ástæðu þessarar þróunar.

- gun / sjá Allt í miðju blaðsins



ÓVISSA Lögreglan á Fjóni hefur engar haldbærar vísbendingar. NORDICPHOTOS/AFP

Dularfullt morð við Óðinsvé: Lögreglumenn standa á gati

DANMÖRK Enn hefur enginn verið handtekinn fyrir morðið á miðaldra hjónum í Óðinsvéum. Hjónin voru skotin til bana er þau voru á göngu í skóglendi við borgina á miðvikudagskvöld.

Málið er allt hið dularfyllsta þar sem engin haldbær ástæða virðist vera fyrir ódæðinu. Þó hefur lögregla útilokað að annað þeirra hafi orðið hinu að bana og svipt sig svo lífi.

„Við göngum út frá því að það hafi verið tilviljun að þau voru myrt,“ sagði talsmaður lögreglunnar í gær.

- þj

Lögregla lagði hald á eftirlíkingu af skotvopni, barefli og peningaskáp:

Leit hjá stuðningsklúbbi Vítisengla

LÖGREGLUMÁL Lögreglan fann eftirlíkingu skotvopns við húsleit í Reykjanesbæ í fyrradag. Tveir karlmenn, annar á fertugsaldri en hinn tvítugur, voru handteknir í þágu rannsóknarinnar en skotvopnið fannst á heimili annars þeirra. Þessir tveir karlmenn tengjast báðir vélhólaklúbbi í Reykjanesbæ, MC Suðurnes, sem er stuðningsklúbbur íslensku Vítisenglanna.

Húsleit var einnig framkvæmd í félagsheimili MC Suðurnesja í Reykjanesbæ í tengslum við þetta mál, þar sem meðal annars



LÖGREGLUSTÖÐIN Í REYKJAVÍK Málið var á forræði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

var lagt hald á barefli, hafnaboltakylfur og fleira í þeim dúr, og peningaskáp. Lögregla opnaði peningaskápinn í gær og rannsakaði innihald hans, en þar reyndist ekkert saknæmt á ferðinni.

Upphaf þessa máls má rekja til þess að annar mannanna sást með hið ætlaða skotvopn í eftirlitsmyndavél í miðborg Reykjavíkur.

Að aðgerðinni stóðu lögreglu-liðin á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum auk lögreglumanna frá embætti ríkislögreglustjóra.

Samið við Læknavaktina:

Kostar ríkið um 275 milljónir

HEILBRIGÐISMÁL Samningar hafa tekist milli Sjúkratrygginga Íslands og Læknavaktarinnar ehf. um móttökuvakt og vitjanabjónustu. Samið var við heimilislækna utan dagvinnutíma heilsugæslustöðva í Reykjavík og nágrenni.

Ætlaður kostnaður ríkissjóðs er um 275 milljónir króna á ársgrundvelli. Samningarnir gilda til ársloka 2012 og er áætlað að Læknavaktin annist um 63.000 móttökur sjúklinga á ári og sinni um 4.000 vitjunum í heimahúsi. - sv



BASSINN PLOKKAÐUR Dean Ferrell, bassaleikari í Sinfóníunni, kunnir vel við sig í nýjum heimkynnum eins og aðrir meðlimir hljómsveitarinnar. Óhætt er að segja að Eldborgarsalurinn sé öllu tilkomumeiri en stóri salur Háskólalabós.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eldborg einhver besti salur í heimi

Sinfóníuhljómsveitin æfði í fyrsta skipti í Eldborgarsal Hörpu í gær. Að sögn konsertmeistara kunnir sveitin svo vel við sig að enginn vildi hætta að spila.

MENNING Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu æfingu í nýjum heimkynnum í gær. Hálfra aldar dvöl hennar í Háskólalabíó er þar með lokið en framvegis verður Harpa aðsetur hljómsveitarinnar.

Á fimmtíu árum í Háskólalabíó hélt hljómsveitin rúmlega 1.400 tónleika en margir helstu listamanna tuttugustu aldarinnar hafa spilað með sveitinni á tímabilinu.

„Þetta var alveg meiriháttar. Ég þori að fullyrða að þetta er betra en nokkurt okkar þorði að vona. Ég held svei mér þá að þetta sé með betri sölu í heiminum,“ segir Sigrún Eðvaldsdóttir, fyrsti konsertmeistari Sinfóníunnar, um Eldborgarsal Hörpu. Hún segir marga hljómsveitarmeðlimi hafa kvatt Háskólalabíó með trega en hann hafi alveg horfið í gær, hljómsveitin

hafi ekki viljað hætta að spila.

Á sjötta hundrað starfsmenn vinna nú hörðum höndum að því að ljúka framkvæmdum við Hörpu. Áætluð verklok eru í næsta mánuði og eru framkvæmdir á áætlun.

Sinfónían undir stjórn Vladimírs Ashkenazy heldur sína fyrstu tónleika í Hörpu 4. maí og endurtekur svo leikinn 5. og 6. maí næstkomandi.

magnusl@frettabladid.is

Banaslys á Landeyjavegi:

Ungur karlmaður lést

SLYS Rétt tæplega tvítugur karlmaður lést þegar bíll valt á Landeyjavegi í Vestur-Landeyjum suðvestur af Hvolsvelli á fimmta tímanum síðdegis í gær. Maðurinn var einn í bílnum en ekki er hægt að gefa upp nafn hans að svo stöddu.

Vegurinn þar sem slysið varð er malbikaður og var hálkulaus þegar slysið varð.

Ekki fengust frekari upplýsingar hjá lögreglu en málið er til rannsóknar.

- mþl

Átak í atvinnumálum kynnt:

Bjóða 900 störf

ATVINNUMÁL Velferðarráðuneytið og Vinnuálastofnun auglýsa níu hundruð sumarstörf um allt land í átaki til að fjölga störfum á vegum ríkisins og sveitarfélaga. Störfin er ætluð námsmönnum og atvinnuleitendum og verða kynnt í sérstöku auglýsingablaði um helgina. Einnig er hægt að sjá störfin á heimasíðu Vinnuálastofnunar.

Dæmi um störfin er rannsóknarvinna til að kanna áhrif sjóstangaveiðiferðamennsku á Vestfjörðum, starf við viðhorfskönnun á Hornafirði um nýsköpunarsetur og vinna við rannsóknir á sumarexemi í hestum. Til áttaksins renna 250 milljónir króna úr Atvinnuleysistryggingasjóði og 106 milljónir úr ríkissjóði. Umsóknarfrestur er til 8. maí. - gar

UMHVERFISMÁL

Nagladekkinn af

Nagladekk eru bönnuð á götum Reykjavíkur frá og með deginum í dag. Umhverfis- og samgöngusvið borgarinnar hefur sent tilkynningu þessa efnis. Þar segir að nagladekk spæni upp malbik og þau séu áhrifamikill valdur að svifryki í borginni. Ökumenn eru hvattir til að skipta um dekk.

Rýmingarsala á málverkum



Gallery Art2b

Opíð Alla daga frá 12:00 til 18:00

Kauptún 3 - Garðabær - s: 533 22 00 - www.art2b.is

Stærsta páskaeggjaleit Íslandssögunnar í tíu ára afmælisveislu Fréttablaðsins:

Fimm þúsund páskaegg við Perluna

FJÖLMIDLAR Fréttablaðið býður lesendum sínum í tíu ára afmælisveislu í Perlunni í dag milli klukkan 13 og 16. Blaðið fagnar því um þessar mundir að 23. apríl eru tíu ára liðin frá útgáfu fyrsta tölublaðsins.

Af þessu tilefni verður efnt til stærstu páskaeggjaleitar Íslandssögunnar í Óskjuhlóðinni. Verður persónum úr þekktum ávintýrum komið fyrir á víð og dreif í nágrenni Perlunnar og eru heil fimm þúsund páskaegg í boði fyrir fundvísu. Utandyra verða einnig ýmis leiktæki og þrautabrotur.

Inni í Perlunni verður boðið upp á þriggja tíma skemmtidagskrá en fram koma Páll Óskar, Friðrik Dór, Skoppa og Skríttla, Vinir Sjonna, Pollapönk og leikhópurinn Lotta. Herlegheitin kynnir Fransína mús.

Starfsmenn blaðsins munu svo bjóða gestum upp á tíu metra langa afmælisökku, vöflur, kaffi, heitt kakó, safa og súkkulaði.

Þá hefur í Perlunni verið sett upp sýning á minnisverðum ljósmyndum og forsiðum úr sögu Fréttablaðsins. Að lokinni afmælishátíðinni mun sýningin flytjast í Kringluna, þar sem hún mun standa í tvær vikur.

- mþl



AFMÆLISVEISLAN UNDIRBÚIN Forsíður og fréttamyndir sem birst hafa í Fréttablaðinu þrýða vegg Perlunnar í dag. Lesendum blaðsins er boðið til afmælisveislu í dag þar sem boðið verður upp á ýmsa skemmtun og veitingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



tílbod
páskaliljur í potti
tet a tet
199 kr

10^{stk}
Páskaliljur
999

PÁSKARNIR KOMA

með Blómavali

Forsythia greinar
699 kr

Páskakanínur
á vegum Dýrarákís

Alla helgina
í Skútvogi og
á Akureyri



1490 kr

Thuja, stór og flott

1490 kr

Cypriís, stór og flottur

Frostþolnir útipottar
verð frá
1490 kr

Vortlaukar
mikið úrval
20%
afsláttur



Blómvendur á betra verði!
Aðeins **1190** kr
Túlipanar og liljur

Blómportíð
alla föstudaga og laugardaga



Ís á **10** kr.



blómaval
heillandi heimur

Skútvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

GENGIÐ 15.04.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	112,83 113,37
Sterlingspund	184,49 185,39
Evra	162,89 163,81
Dönsk króna	21,837 21,965
Norsk króna	20,817 20,939
Sænsk króna	18,152 18,258
Japanskt jen	1,3519 1,3599

SDR 180,14 181,22

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 217,2144

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Búið að loka deildum á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri vegna nóróveiru:

Sjúklingar og starfsmenn sýktir

HEILBRIGÐISMÁL Búið er að loka lyflækningadeildum á Landspítalanum í Fossvogi og Sjúkrahúsinu á Akureyri vegna nóróveirusýkingar. Alls hafa tíu manns, sex sjúklingar og fjórir starfsmenn, greinst með sýkinguna á spítalanum á Akureyri, þar sem einnig var skipt upp hand- og bæklunardeild til að varna frekara smiti. Vikudagur greindi frá málinu.

Á Landspítalanum eru um átta sjúklingar og átta starfsmenn sýktir af nóróveiru. Ólafur Guðlaugsson, yfirlæknir sýkingavarnadeildar, segir veiruna koma



DEILDIN ER LOKUÐ! Lungna- og lyflækningadeild á Landspítalanum er nú lokað vegna nóróveirusýkingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

reglulega upp á veturna en þó sé ekki algengt að loka þurfi heilu deildunum til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu.

Nóróveira er viðvarandi yfir vetrarmánuðina hér á landi og orðin mjög algeng orsök fyrir sýkingum í meltingarvegi. Algengustu einkenni eru uppköst, ógleði og niðurgangur. Ása Atladóttir, hjúkrunarfræðingur á sóttvarnasviði landlæknisembættisins, segir mikilvægustu vörnina gegn sýkingunni vera handþvott og almennt hreinlæti.

„Sýkingin er mjög smitandi og þar sem er mjög stutt á milli fólks berst hún auðveldlega á milli,“ segir Ása. „Ein sýkt manneskja getur komið af stað faraldri.“ -sv

Áframhaldandi bardagar:

Pattstaða komin upp í Líbíu

LÍBÍA, AP Hersveitir hliðhollar Muammar Gaddafi, leiðtoga Líbíu, gerðu í gær innrás í borgina Misrata í vesturhluta landsins. Er borgin síðasta stóra borgin í höndum uppreisnarmanna í vesturhlutanum.

Flugárásir hersveita NATO á hersveitir Gaddafi hafa ekki þótt skila tilætluðum árángri en yfirmaður heraflans í Líbíu hefur óskað eftir fleiri orrustuflugvélum. Barack Obama Bandaríkjaforseti segir pattstöðu komna upp í landinu. -mþl



SEMENTSVERKSMÍÐJAN Á AKRANESI Framleiðir meðal annars fyrir Búðarhálsvirkjun.

Löngu stoppi lýkur í dag:

Framleiðir sement að nýju

AKRANES Níu og hálf mánaðar framleiðslustöðvun í Sementsverksmiðjunni á Akranesi lýkur í dag. Þetta kemur fram á heimasíðu verkalýðsfélags Akraness. Framleiða á 25 þúsund tonn af sementi, meðal annars fyrir Búðarhálsvirkjun. „Þetta eru gríðarlega jákvæð tíðindi,“ segir á heimasíðunni.

Í fyrra voru framleidd á Íslandi tæplega 38 þúsund tonn af sementi og flutt inn um 28 þúsund tonn. „Verkalýðsfélag Akraness skorar á íslenska ríkið sem og alla verkataka að styðja við íslenska framleiðslu með því að kaupa íslenskt sement,“ segir Verkalýðsfélagið. -gar

LEIÐRÉTTING

Í frásögn af sýknudómi Hæstaréttar yfir manni sem ákærður var fyrir kynferðisbrot gegn syni sínum, sem birt var í Fréttablaðinu í gær, var ranglega sagt að sæðisblettir sem fundust á lak í rúmi drengsins væru frá manninum komnir. Hið rétta er að þeir voru frá drengnum komnir. Fréttablaðið biður hlutaðeigandi afsökunar á þessum mistökum.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag kom fram að áhorf á sjónvarpsþáttinn Steindann okkar hefði verið nærri 25 prósentum samkvæmt bráðabirgðatölum frá Stöð 2. Tölurnar reyndust ekki réttar því áhorfið var tæp sextán prósent í aldurshópnum 12 til 49 ára þegar niðurstöðurnar voru skoðaðar á vef Capacent Gallup.

Fórnarlömb nauðgana gefi öðrum ekki blóð

Ströngum reglum er fylgt í Blóðbankanum til að hindra að smitað blóð berist þaðan í sjúklinga sem þurfa blóðgjöf. Væðiskonur og fólk sem hefur verið nauðgað má ekki gefa blóð. Heldur ekki þeir sem hvorki lesa né skilja íslensku.

HEILBRIGÐISMÁL „Á hverju ári þurfum við að vísa um það bil tvö þúsund manns frá um lengri eða skemmri tíma vegna heilsufars, sögu um veikindi, lyfjanotkunar, aðgerða, ferðalaga, bólusetninga og fleira,“ segir Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir í Blóðbankanum.

Í reglugerð frá heilbrigðisráðuneytinu er lagt fyrir Landspítalan að reka blóðbanka sem hafi gæðakerfi í samræmi við leiðbeiningar sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. „Fyllsta öryggis skal ávallt gætt við vinnslu með blóð til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma í samræmi við leiðbeiningar Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar,“ segir enn fremur í reglugerðinni.

Sveinn segir skimun gegn lifrabólgu hafa byrjað árið 1971, fyrir HIV árið 1985 og fyrir lifrabólgu C (HCV) 1992. „Við þekkjum ekki til neins tilfellis á síðustu tíu árum þar sem einstaklingur hefur fengið veirusmit vegna blóðhluta,“ svarar Sveinn aðspurður.

Eins og sagði í Fréttablaðinu á fimmtudag er körlum sem haft hafa samfarir við aðra karla vísað frá vegna ótta við sjúkdóma sem smitast með blóði. Ýmsir aðrir eru taldir til áhættuhópa. Fórnarlömb nauðgana og þeir sem fengið skartgripagötun eða verið til heimils á sama stað og einhver með lifrabólguvit megna til dæmis ekki gefa blóð í hálf ár á eftir.

Þá eru sérstakar reglur varðandi fólk sem fætt er utan Íslands. Það má gefa blóð þegar það hefur verið hér í minnst þrjá mánuði og

Peir sem ekki mega gefa blóð

1. Sá sem fengið hefur vefjaígræðslu úr dýri eða heilavef úr mönnum.
2. Sá sem hefur heyrt um Creutzfeldt-Jakob sjúkdóm eða aðra smitandi heilahrómunarsjúkdóma í ætt sinni.
3. Sá sem er smitaður af eða gæti hafa smitast af lifrabólgu- eða alnæmisveiru.
4. Sá sem einhver tíma hefur sprautað sig einu sinni eða oftar með fíkniefnum, vefaukandi sterum, hormönnum eða öðrum lyfjum án fyriræla læknis.
5. Karlmaður sem haft hefur samfarir við sama kyn.
6. Sá sem stundað hefur vændi.
7. Sá sem deilir rúmi með þeim sem falla undir liði 3 til 6. Heimild: Blóðbankinn.

Frestun blóðgjafar í minnst sex mánuði

1. Fengið skartgripagötun.
2. Verið í speglun með sveigjanlegum tækjum.
3. Verið í nálastungumeðferð hjá öðrum en lækni, hjúkrunarfræðingi, ljósmóður eða sjúkrapjálfa.
4. Fengið húðflúr eða aðra stungu í húð, til dæmis rafháraeyðing og förðun.
5. Fengið blóð eða vefjaígræðslu frá mönnum.
6. Stungið sig með notaðri nál eða fengið á sig líkamsvessa frá einstaklingi í áhættuhópi.
7. Deilt heimili með einstaklingi sem er smitaður af lifrabólguveiru.
8. Karlmaður sem haft hefur samfarir við sama kyn.
9. Stundað vændi. Heimild: Blóðbankinn.



er frá Ástralíu, Bandaríkjunum, Evrópu, Kanada eða Nýja-Sjálandi. Um fólk af öðru þjóðerni gildir sex mánaða regla. Allir blóðþegar verða þó að geta lesið og skilið íslensku. „Ef tjáskiptaörðugleikar eru til staðar skal vísa blóðgjafa frá,“ segir í reglum Blóðbankans.

Peir sem stunda vændi mega ekki gefa blóð. Sá sem haft hefur mök við þann sem stundar vændi má ekki gefa blóð í eitt ár á eftir.

Sumir sjúkdómar sem fólk hefur og lyf sem það tekur við þeim koma í veg fyrir að það sé gjaldgengt sem blóðgjafar. Alnæmi, HIV og krónískur astmi og hjartsláttartruflanir eru þar á meðal. Einnig geðveiki, gígtsótt, langvinn áfengissýki, efnaskiptasjúkdómar, lifrar-, nýrna- og lungnasjúkdómar og krabbamein. Og ef fólk hefur verið bitni af öðrum manni má það ekki gefa blóð næstu sex mánuði. gar@frettabladid.is

Eftirköst Icesave-höfnunar:

Steingrímur til fundar við AGS

EFNAHAGSMÁL Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sækir nú vorfund fjárhagsnefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS)



par sem hann mun meðal annars, að því er fram kemur í tilkynningu, skýra frá niðurstöðu Icesave-kosningarinnar um síðustu helgi og áhrifum hennar. Fundurinn er haldinn í Washington-borg og mun ráðherra þar hitta helstu stjórnendur AGS sem og fulltrúa ríkja og ríkisstjórna sem sæti eiga í sjóðnum.

Ráðherra mun einnig gera grein fyrir framgangi efnahagsáætlunar AGS í samvinnu við íslensk stjórnvöld. -þj

Bregðast við mengun:

Becromal heitir bót og betrun

UMHVERFISMÁL Forsvarsmenn Becromal á Íslandi, sem rekur afþynnuverksmiðju í Krossanesi við Akureyri, segjast munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að vernda umhverfið og mæta þeim kröfum sem Íslendingar gera í þeim efnum.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem fyrirtækið sendi frá sér í gær vegna umfjöllunar um ítrekuð brot þess á reglum, með því að sleppa víttissódamenguðu vatni í Eyjafjörð.

Fyrirtækið hefur ákveðið að vinna að úrbótum í mengunarvörnum, uppfæra eftirlitskerfi og breyta fyrirkomulagi við skýrslugerð og tilkynningar. -sh

FYLGIR MEÐ BLAÐINU Í DAG!

Sérblað með sumarstörfum fyrir námsmenn og atvinnuleitendur.

NÁNARI UPPLÝSINGAR: VMST.IS

900 NÝ STÖRF
FYRIR NÁMSMENN OG ATVINNULEITENDUR

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

FÍNT EYSTRÁ Það verður ágætt veður á Norðaustur- og Austurlandi í dag á morgun, yfirleitt bjart veður og 6-10 stiga hiti yfir hádaginn. Dregur úr vindi á landinu á morgun en úrkomusamt um vestanvert landið og síðan sunnan til annað kvöld.

Á MORGUN 5-10 m/s
MÁNUDAGUR 3-8 m/s, en 10-15 suðaustast

HEIMURINN	19°
Alicante	19°
Basel	17°
Berlín	17°
Billund	11°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	21°
London	18°
Mallorca	20°
New York	11°
Orlando	31°
Ósló	15°
París	18°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	12°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig erú í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

20% afsláttur af
Toyota aukahlutum



TOYOTA

STÓRSÝNING - sumarið nálgast -

Í dag milli kl. 12:00 og 16:00

Sumarsýning -

Ellingsen
- fullt hús ævintýra

Sumartilboð á
ferðatengdri vöru
frá Ellingsen



Happdrætti

Þar sem í boði eru
vinningar frá Ellingsen:
50 þús. kr. gjafabréf 1 stk.
25 þús. kr. gjafabréf 2 stk.
5 þús. kr. gjafabréf 10 stk.

Afsláttarmiði

frá Ellingsen:



Sértilboð á
völdum bifreiðum



Sumarið nálgast hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota

Við höldum stórsýningu í dag, **16. apríl**,
á milli kl. **12:00 og 16:00**.

Sértilboð á völdum Toyota bifreiðum og
20% afsláttur af Toyota aukahlutum.

Mættu og taktu þátt í **happdrætti**.
Í verðlaun eru **gjafabréf frá Ellingsen**
upp á allt að **50 þúsund** krónur auk þess
sem allir fá **veglegan afsláttarmiða** hjá
Ellingsen. Yngsta kynslóðin fær að gæða
sér á páskaglaðningi.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum
Toyota í dag og byrjaðu að búa þig undir
alíslenskt sumar.



Páskaglaðningur fyrir
yngstu kynslóðina

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

KJÖRKASSINN



Er þú ánægð/ur með almenningsmöglingum í landinu?

JÁ 21,6%
NEI 78,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Er rétt af hálfu borgarstjóra að neita að taka á móti varðskipum?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



6

Seðlabankinn vonast eftir hagnaði með kaupum á erlendum skuldum ríkissjóðs:

Segir erfitt að fá erlend lán

VIÐSKIPTI „Annað hvort róar þetta markaðinn eða skilar hagnaði,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri um tilboð sem Seðlabankinn hefur gert í erlend skuldabréf ríkissjóðs upp á átta hundruð milljónir evra, jafnvirði 130 milljarða króna. Um er að ræða tvo skuldabréfaflokka sem eru á gjalddaga á þessu ári og því næsta.

Már segir að ákveðið hafi verið að fara þessa leið eftir að Ice-save-samningurinn var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir viku. Hefði samningurinn verið



MÁR GUÐMUNDSSON

samþykktur voru áform um að reyna lántökur á erlendum vettvangi. Það er talið örðugt eins og er. Gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans, sem samanstendur að stórum hluta af lánnum frá Alþjóðagjaldeyris-sjóðnum og öðrum löndum, nam 767 milljörðum króna, jafnvirði 4,7 milljarða evra, í lok síðasta

mánaðar. Hann er nýttur til að kaupa lánin.

Már bendir á að gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans sé í öruggum innstæðum með nær engri ávöxtun. Á móti beri skuldabréfin sem boðið sé í nokkuð háa ávöxtun. Skuldabréfið sem er á gjalddaga í ár ber 3,75 prósentu vexti og það sem er á gjalddaga á næsta ári 5,4 prósentu vexti.

„Við erum að fá heilmikla óbeina ávöxtun með uppkauðum,“ segir Már og bendir á að sá forði sem bankinn notar gefi aðeins um eins prósentu ávöxtun. -jab

Andlát Allendes rannsað:

Líkið verður grafið upp

SÍLE Lík Salvadors Allende, fyrrverandi forseta Síle, verður grafið upp til þess að fá á hreint hvort hann hafi framið sjálsmorð eða verið myrtur í kjölfar valdaránsins 1973 þegar Augusto Pinochet tók við völdum í landinu.

Dómari úrskurðaði um þetta í gær en það voru ættingjar Allendes sem lögðu beiðnina fram. Lík Allendes fannst í forsetahöllinni þegar liðsmenn Pinochets nálguðust. Þúsundir manna hurfu sporlaust á valdatíma Pinochets.

Losa innistæðu úr SpKef:

2,5 milljarðar jafnaðir út úr bæjarbókhaldi

SVEITARFÉLÖG Reykjanesbær hefur greitt upp 2,5 milljarða skuldabréf sem var í gamla Sparisjóði Keflavíkur með samvarandi inneign sem færðist yfir í Landsbankann við fall sparisjóðsins.

Formaður bæjarráðs, Böðvar Jónsson, segir bæinn hafa gefið skuldabréfið út 2008 til að styrkja eiginfjárstöðu SPKefh. Féð sem fengið hafi fyrir skuldabréfið sé nú frjálst til ráðstöfunar. Í raun er um að ræða að í stað 2,5 milljarða skuldar í bókhaldinu á móti 2,5 milljarða eign hverfur þessi póstur úr reikningum bæjarins. Böðvar segir skuldir bæjarsjóðs um 30 milljarða. Árlegar tekjur bæjarins eru 8 milljarðar. -gar

ALÞINGI

Purfa ekki leyfi fyrir hundi

Þeir sem eru blindir eða með aðra fötlun geta haldið sérþjálfaða hjálparhunda í fjöleignarhúsum án þess að fá samþykki annarra íbúa í húsinu. Lögin voru samþykkt á Alþingi í gær.

Guðfríður formaður á ný

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingmaður VG, hefur tekið á ný við formennsku í félags- og tryggingamálanefnd Alþingis. Hún var formaður nefndarinnar áður en hún fór í barneignaleyfi, ásamt því að vera formaður þingflokks VG. Púriður Backman gegnir nú því embætti.

LÖGREGLUMÁL

Bílslys rétt fyrir handtöku

Tveir menn á þrítugsaldri lentu í umferðaróhappi rétt áður en þeir voru handteknir af lögreglu í gær. Mennirnir eru grunaðir um sölu og dreifingu á fíkniefnum. Ökumaðurinn var undir áhrifum fíkniefna.

Atvinnuvegaráðuneyti vefst fyrir tæpri stjórn

Erfitt gæti reynst fyrir ríkisstjórnina að ná í gegn frekari breytingum á stjórnarráðinu með eins manns meirihluta, í ljósi þess að Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, er þeim andvígur. Mælt var fyrir frumvarpinu í gær.

FRÉTTASKÝRING

Hvaða áhrif hefur brotthvarf Ásmundar Einars Daðasonar á þingmál stjórnarinnar?

Ríkisstjórnin stendur tæpt. Eftir brotthvarf Ásmundar Einars Daðasonar úr þingliði Vinstri grænna hangir hún á einum manni. Þetta getur valdið henni vandræðum við að koma í gegn málum sem lengi hafa verið á dagskránni.

Eitt þessara mála er stofnun atvinnuvegaráðuneytis. Stefnt hefur verið að því frá valdatöku stjórnarinnar fyrir tveimur árum að steypa iðnaðar- og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinum saman í eitt ráðuneyti atvinnuvega.

Þegar er búið að gera umtalsverðar breytingar á stjórnarráðinu. Velferðarráðuneyti varð til úr heilbrigðis, félags- og tryggingamálaráðuneytum; dómsmál, mannréttindi, samgöngur og sveitarstjórnarmál fluttust í innanríkisráðuneyti; ýmis verkefni fluttust frá fjármála- og forsætisráðuneytinu til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og jafnréttismál fluttust til forsætisráðuneytisins frá félagsmálaráðuneyti, svo fátt eitt sé nefnt.

Stofnun atvinnuvegaráðuneytisins hefur hins vegar trekk í trekk verið frestað, einkum vegna harðrar andstöðu frá hagsmunaaðilum og, það sem meira er, frá Jóni



BRÉYTT OG BÆTT Stjórnarráðið á enn eftir að taka breytingum ef þorri stjórnarliða fær einhverju um það ráðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

En nú lafir stjórnin sem fyrr segir á einum manni – og þar með hefur andstaða Jóns Bjarnasonar býsna mikið að segja.

Raunar svo mikið að ef hann fæst ekki til að samþykkja breytingar á stjórnarráðinu þá þarf ríkisstjórnin að treysta á stuðning stjórnarandstöðunnar til að koma málinu í gegn. Og þar er svo sannarlega ekki á vísan að róa.

Jóhanna Sigurðardóttir

JÓN BJARNASON

mun fljótlega eftir páska mæla fyrir frumvarpinu um breytingar á stjórnarráðinu. Í því er ekki beint kveðið á um sameiningu þessara tveggja ráðuneyta, en með því er forsætisráðherra veitt lagaheimild til að skipa ráðuneytum og skipta verkefnum milli þeirra eftir eigin höfði.

Heimildarmenn Fréttablaðsins eru sammála um að erfitt gæti reynst að koma málinu í gegn en eru þó vongóðir um að það tækist að lokum.

Að lokinni fyrstu umræðu um frumvarpið fer það inn í allsherjarnefnd þingsins.

Róbert Marshall, formaður nefndarinnar, segir að þrátt fyrir eins manns stjórnarmeirihluta standi enn til að gera þessar breytingar. Í raun hafi lítið breyst við brotthvarf Ásmundar. „Þetta er bara sá meirihluti sem samþykkti fjárlögin og hefur verið í stjórn síðan þá,“ segir hann.

stigur@frettabladid.is

FERMINGAR



Skemmtilegar hugmyndir fyrir fermingarveisluborðið á www.gottimatinn.is

Prag

28. apríl í 3 nætur frá kr. 64.900

Frábær þriggja náttu helgarferð - allra síðustu sætin!

Nú er upplagt að skreppa til Prag og njóta vorsins í þessari einstaklega fögru borg. Gríptu tækifærið og skelltu þér til Prag og njóttu góðs aðbúnaðar í ferðinni. Ath. mjög takmarkaður fjöldi herbergja í boði á þessum kjörum.

Verð kr. **64.900**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli á Hotel Iff *** í 3 nætur með morgunmat.

Verð kr. **70.090**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli á Hotel Clarion Congress **** í 3 nætur með morgunmat



Heimsferðir Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Samflokkskonurnar Ólína Þorvarðardóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir rifust á þingi:

„Ég hef aldrei vitað annað eins“

ALÞINGI Til snarpra orðaskipta kom á milli Samfylkingarkvennanna Ólínu Þorvarðardóttur og Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur þingforseta á Alþingi í gærmorgun.

Ólína kvaddi sér hljóðs í umræðum um fundarstjórn forseta og kvartaði yfir að fá ekki tækifæri til að svara ávirðingum stjórnarandstöðuþingmanns í sinn garð, sem komið höfðu fram í umræðum um störf þingsins. Þeim umræðum var lokið.

Þegar Ólína tók að rekja efni ávirðinganna sló Ásta í bjöllu sína og stöðvaði ræðuna með þeim rökum að í umræðum um fundarstjórn mætti ekki ræða



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR



ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESSDÓTTIR

mál efnislega. Þær stöllu kyttu nokkra stund sinn ræðutíminn var uppurinn og Ólína yfargaf ræðustólinn með þjósti.


Síðar í umræðunum óskaði hún eftir að fá orðið til að bera af sér

sakir, eins og það var orðað, og hóf mál sitt á því að gera alvarlegar athugasemdir – aftur – við fundarstjórn forseta, „sem mér finnst vera komin út úr öllu góðu höfi“.

Þegar Ásta stöðvaði svo ræðuna í miðju kafi, þar sem henni þótti hún vera komin út fyrir efnið, var Ólína nóg boðið. „Hvað er að gerast hér?“ spurði hún. „Ég hef aldrei vitað annað eins,“ bætti hún við og óskaði eftir skýringum á því hvernig hún hefði ekki farið að þingsköpum. Að svo búnu rak Ásta hana úr pontu með orðunum: „Ræðutíminn er búinn fyrir tuttugu sekúndum.“ -sh

Eignastýring MP banka

ÁRANGUR OKKAR TALAR SÍNU MÁLI



Meðalávöxtun er 14,4% á síðustu 8 árum.*

Súluritið sýnir ávöxtun leiðar 1 hjá eignastýringu MP banka 2003-2010. Leið 1, varfærin stýring, má fjárfesta í skuldabréfum 50-100% og hlutabréfum 0-50%. Öll innlend hlutabréf leiðarinnar voru seld fyrir mitt árið 2008. Starfsfólk eignastýringar hefur vakandi auga fyrir nýjum tækifærum sem kunna að myndast á hlutabréfamarkaði á næstunni. Meðalverðbólga er 6,4% á síðustu 8 árum.

* Nafnávöxtun eignastýringarleiðar 1, 2003-2010 skv. útreikningi MP banka. Ávöxtun miðast við söfn í stýringu allt árið. Ávöxtun er sýnd án þóknana en þær eru mismunandi eftir stærð safna. Um 65% viðskiptavina eignastýringar MP banka eru nú í leið 1. Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

14,4%

Meðalávöxtun á síðustu 8 árum*

MP banki hefur langa reynslu af eignastýringu fyrir einstaklinga, félög og sjóði. Aðferðafræði eignastýringar MP banka hefur skilað viðskiptavinum framúrskarandi árangri óháð markaðsaðstæðum hverju sinni.

Kynntu þér eignastýringu MP banka á www.mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.



BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is



1. Hver er formaður Samtaka atvinnulífsins?
2. Hvaða íslenska hljómsveit hefur fengið hina bandarísku Heather Kolker sem umboðsmann?
3. Hvaða leikmaður KR-inga skoraði 24 stig í fyrri hálfleik gegn Stjörnunni í fyrirkvöld?

SVÖR

1. Vilhundur Jónsson 2. Of Monsters & Men 3. Marcus Walker

Barist við sárustu fátækt:

Tvö af þremur halda áætlun

EFNAHAGSMÁL Tveir þriðju hlutar þróunarlanda hafa náð, eða eru við það að ná, markmiðum um að taka á sárustu fátækt og hungri, að því er upplýst var á kynningarfundum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans í gær.

Kynnt var skýrslan „Global Monitoring Report 2011: Improving the Odds of Achieving the MDGs“. MDG stendur fyrir Millennium Development Goals, alþjóðleg markmið um að útrýma sárustu fátækt.

Staða þróunarríkja er sögð misjöfn. Þó lofi góðu að um helmingur þeirra sem ekki hafi náð markmiðunum sé nærri áætlun. „Með bættri stjórnsýslu og öflugri vexti gætu þessi lönd enn náð markmiðunum árið 2015 eða fljótlega eftir það,“ segir í skýrslunni. - óká

Ný lög um fjölmiðla voru samþykkt á Alþingi í gær með 30 atkvæðum gegn 14:

Samræmd lög um alla fjölmiðla

FJÖLMIÐLAR Ný heildarlög um fjölmiðla voru samþykkt á Alþingi í gær. 30 þingmenn greiddu atkvæði með lögunum og 14 gegn þeim.

Markmið laganna er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum. Með þeim á að samræma löggjöf á alla íslenska fjölmiðla, óháð því miðunarformi sem notað er. Einnig eiga þau að efla vernd neytenda á vettvangi fjölmiðla.

Í lögunum segir að mennta- og menningarmálaráðherra skuli skipa nefnd til að gera tillögur í



ÍSLENSKIR PRENTMIÐLAR Meginmarkmið nýrra laga er að samræma löggjöf um alla fjölmiðla landsins, óháð miðunarformi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

frumvarpsformi um viðeigandi takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum.

Einn þingmaður gerði grein fyrir atkvæði sínu, Sigurður Kári Kristjánsson, og greiddi hann atkvæði á móti frumvarpinu. Sigurður gagnrýndi að lögin tækju ekki á eignarhaldi á fjölmiðlum. Þá var staða Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaðnum einnig gagnrýnd.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hóf umræður um frumvarpið á Alþingi í gær og sagði álítaefni sem líta að lögunum mörg, en samþykkt þeirra væri engu að síður jákvætt skref fyrir starf fjölmiðla í landinu. - sv

Breytingar hjá borginni:

Óvænt áform um sameiningu

REYKJAVÍK Meirihlutinn í borgarráði samþykkti á fundi sínum á fimmtudag að hefja undirbúning að sameiningu leikskóla-sviðs, menntasviðs og þess hluta íþróttá- og tómstundasviðs sem heyrir nú undir skrifstofu tómstundamála.

Nýtt svið mun hafa á að skipa tæplega 30 milljörðum króna af 56 milljarða heildarútgjöldum borgarinnar í ár.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks segir tillöguna afar óvænta. - þj

Fimmtán mánaða fangelsi fyrir alvarlega líkamsárás:

Dæmdur fyrir að slá mann og skera á háls

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í fimmtán mánaða fangelsi, þar af tólf á skil-orði, fyrir heiftarlega líkamsárás.

Maðurinn var ákærður fyrir að ráðast á annan mann í heima-húsi í Reykjavík, slá hann í höfuðið með björglasi og skera hann á háls með glerbroti. Fórnlambið hlaut meðal annars tvo krosslaga, djúpa skurði sem náðu 15 til 20 sentimetra þvert yfir hálsinn.

Mennirnir höfðu hist á bar og farið þaðan saman heim til fórnarlambins. Þar réðst hinn á húsráðandann, sló hann með björkönnu í ennið, svo hún brotnaði og skar hann svo á háls með glerbroti. Árásarmaðurinn hringdi að því

búnu í unnustu sína, tjáði henni að hann hefði drepið mann og ætlaði að ganga í sjóinn. Hún hringdi þegar í lögreglu og tilkynnti um málið. Húsráðandinn lá nakinn að ofan og bjargarlaus á gólfinu þegar lögregla kom að honum. Hann reyndist vera með stóran tætingslegan skurð á hálsinum, sem mikið blæddi úr, þegar hlúð var að honum á slysadeild.

Mennirnir gátu litlu ljósi varpað á aðdraganda árársarinnar fyrir dómi, þar sem þeir höfðu verið mjög ölvaðir þegar hún átti sér stað, en dómurinn taldi sök árársar-mannsins sannaða. Hann var dæmdur til að greiða húsráðand-anum 400 þúsund krónur í miskabætur. - jss



DR. VISNJA SAMARDZIJA Segir brýnt að íslensk stjórnvöld skapi samstöðu um aðildarviðræður og leysi deiluna við Breta og Hollendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekkert nema ESB er í boði

Þótt stór hluti Króata sé efins um ESB-aðild hefur lítið heyrst af öðrum kostum. Dr. Samardzija segir landið annað hvort ganga inn eða samræmast ESB utan frá. Mikilvægt fyrir Ísland að leysa Icesave.

EVROPUMÁL Þótt allt að helmingur Króata sé efins um Evrópusambandsaðild hefur lítið heyrst af öðrum kostum, segir dr. Visnja Samardzija, yfirmaður hjá Alþjóðamálastofnuninni í Zagreb, sem flutti erindi hjá Alþjóðamálastofnun Háskólans í gær. Hún segir króatíska aðildarandstæðinga benda á einstaka hluti gegn inngöngu, svo sem kröfur ESB um afnám ríkisstyrkja í skipaðnaði og um heilnæmari landbúnaðarframléiðsluhætti en enginn breiðfylking andstæðinga hafi sýnt fram á möguleika landsins utan sambands.

„Króatía á engra kosta vól en að ganga í ESB því við erum lítið land og verðum að samræmast sambandinu. Þeir sem eru efins um ESB nefna hluti eins og hefðir. Bændur tala um hvernig þeir hafa alltaf selt kotasælu á markaði og að nú vilji ESB að þessari vöru verði skýlt [þannig að bakteríur komist ekki í hana]. Þetta er neytendum til hagsbóta en þessir framléiðendur mótmæla. Svo tala aðrar raddir um skert fullveldi og menningararfleifð okkar, en heilt yfir hafa ekki verið háværar raddir á móti,“ segir hún.

Ef Króatía gengi ekki inn þyrfti landið hvort sem er „að laga löggjöf sína alveg að lögum ESB og setja á fót Evrópusambandsþæfar stofnanir. Það myndi virka eins og eyja sem er ekki hluti af ESB. En

við hefðum engan hag af því og nytum engra styrkja,“ segir hún. Þetta væri ósjálfbær staða.

Króatar sóttu um aðild að ESB fyrir um átta árum, en hafa unnið að henni mun lengur. Dr. Samardzija var aðstoðarráðherra í Evrópusamrunaráðuneytinu um aldamótin og telur að vandi króatískra aðildarsinna sé skortur á almennri þekkingu á Evrópusambandinu. Þessu þurfi stjórnvöld að bæta úr svo fólk geti tekið upplýsta afstöðu.

Allir flokkar í Króatíu styðja inngöngu landsins, en almenn-ingur sveiflast í afstöðu sinni. Samardzija kveður það áhuga-vert að þessu virðist öflugt farið á Íslandi, þar sem meiri andstaða við aðild hefur verið meðal stjórn-málaeltunnar.

Hún telur Ísland geta gengið inn fljótlega á eftir Króatíu, ef íslensk-um stjórnvöldum tekst að leysa úr innri málum. Með því vísar hún til deilna um ferlið innanlands og milliríkjadeilu við Breta og Hollendinga.

Slóvenar beittu neitunarvaldi á aðildarviðræður Króata vegna deilna um landamörk ríkjanna og frystu viðræðurnar í 13 mánuði. Þessar deilur drógu úr vilja Króata til aðildar. „Það er mjög mikilvægt að leysa tvíhliða vanda-mál því viðræður við ESB eru jú viðræður við aðildarríkin.“

klemens@frettabladid.is



Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefninu MARGAR HENDUR VINNA LÉTT VERK sumarið 2011.

Landsvirkjun hefur um áratugi starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna viðhaldi, uppbyggingu og fegrun starfsstöðva Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfsverkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfisgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Í boði er vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefnið lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt stígagerð og stikum gönguleiða.

Óskað er eftir að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni. Umsóknareyðublað með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Ólafsdóttir, umhverfisstjóri Landsvirkjunar, í síma 515 9000 ragnheidur@lv.is.

Umsóknarfrestur rennur út 29. apríl. Umsóknareyðublað er að finna á www.landsvirkjun.is

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík - Iceland
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Tel: +354 515 90 00
Fax: +354 515 90 07



Landsvirkjun

10

Nr. 10: Við ætlum að birta opinberlega upplýsingar um stjórnarhætti bankans

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU



Stjórnarhætti bankans má nú finna á landsbankinn.is.

Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.

Stjórnarhættir Landsbankans eru nú opinberir

Landsbankinn hefur það markmið að efla góða stjórnarhætti í þágu sameiginlegra hagsmuna bankans, hluthafa, viðskiptavina og samfélagsins alls. Góðir stjórnarhættir stuðla að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila, og eru leiðarljós í því að styrkja hlutlægni, heilindi, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans.

Góðir stjórnarhættir

Landsbankinn stefnir að því að stjórnarhættir bankans séu á hverjum tíma í samræmi við bestu framkvæmd að því er varðar leiðbeiningar um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja.

Bankaráð hefur stofnað Stjórnarháttanefnd, sem er sérstök undirnefnd Bankaráðs og í sitja þrír Bankaráðsmenn. Hlutverk nefndarinnar er að þróa gildi, markmið og viðmið um stjórnarhætti bankans í samræmi við bestu framkvæmd á hverjum tíma, og tryggja eftirfylgni með breytingum á stjórnarháttum sem ákveðnar verða af Bankaráði.

Við munum endurskoða með reglubundnum hætti



Bankaráð Landsbankans.

hvort viðeigandi og viðteknum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt.

Stjórnarhætti Landsbankans má nú finna á vef okkar, landsbankinn.is.

Tíunda loforðið

Við kynntum nýverið þær aðgerðir sem við ætlum að ráðast í á fyrstu sex mánuðum ársins til samræmis

við stefnu bankans og framtíðarsýn. Með því að birta opinberlega upplýsingar um stjórnarhætti bankans efnum við tíunda loforðið á aðgerðalista okkar. Við ætlum að takast á við skuldavanda heimila og fyrirtækja, bæta þjónustu og leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð og gott siðferði. Þjóðin á þennan banka og því fylgir mikil ábyrgð að vera Landsbankinn þinn.



Beint flug með Icelandair

Barcelona

5.-9. maí

Frá aðeins 89.800 kr.
á fjögurra stjörnu hóteli í 4 nætur

Heimsferðir bjóða frábæra ferð til Barcelona á sérstöku tilboðsverði. Um mjög takmarkaðan fjölda flugsæta er að ræða og gistirými er einnig takmarkað.

Beint flug með Icelandair báðar leiðir.

Auk leiks Barcelona og Espanyol fer fram Evrópukeppni félagsliða í körfubolta þessa helgi (Final-four).

Frá kr. 89.800

Hotel Zenit ★★★★★

Netverð á mann í tvíbýli, 5.-9. maí.

Önnur góð hótél í boði á frábæru verði!



Getum útvegað miða á nágrannaleik Barcelona og Espanyol. **Verð frá 14.900**



Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Síðustu sæti á frábæru verði

Óhefðbundið útlit talið geta höfðað til barna:

Kveikjarar innkallaðir

NEYTENDUR Neytendastofa hefur ákveðið að innkalla fjórar tegundir kveikjara. Þeir eru í laginu eins og gaskútur, slökkvitæki, gallabuxur og skrúflykill. Ástæðan er að kveikjararnir hafa allir óhefðbundið útlit sem býður þeirri hættu heim að börn sæki í þá. Sala slíkra kveikjara er bönnuð, er kemur fram í tilkynningu frá Neytendastofu.

Öll aðildarríki evrópska efnahagssvæðisins hafa bannað kveikjara með óhefðbundið útlit. Fyrir bannið var talið að um 30 til 40 dauðsföll hefðu



ÓLÖGLEGIR KVEIKJARAR Sala á kveikjaram sem eru óhefðbundin að lögun eru bannaðir á evrópska efnahagssvæðinu. MYND/NEYTENDASTOFA

orðið árlega af völdum ólöglegra kveikjara. - sv



Á UPPLIÐ Leiðtogar BRICS-landanna kalla eftir umbótum á regluverki alþjóðaviðskipta. Hér sjást þau Dilma Rousseff, forseti Brasilíu, og starfsbróðir hennar frá Suður-Afríku, Jacob Zuma.

FRÉTTABLAÐID/AP

Styrkir

úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu

Þróunarsjóður framhaldsfræðslu auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu, sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Forgangssvið við úthlutun árið 2011 eru:

- Námsfemisgerð í framhaldsfræðslu
- Nýsköpunarverkefni í framhaldsfræðslu
- Undirbúningur/grunnvinna fyrir rannsóknir

Viðmiðin sem þróunarsjóðurinn gengur út frá við val á verkefnum eru að þau:

- Nái til þeirra sem falla undir ramma laganna um framhaldsfræðslu
- Mæti sýnilegri þörf fyrir menntunarræði í framhaldsfræðslu

Áhersla er lögð á að öll verkefni sem sótt er um styrk til séu vel undirbúin og umsóknir vandaðar. Kostur er að verkefni sé samstarfsverkefni. Verkefni sem styrkt eru mega ná yfir tvö ár frá úthlutun.

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi. Umsóknareyðublað má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is sem jafnframt er umsjónaraðili verkefna sjóðsins.

Umsóknarfrestur er til 6. maí 2011

Umsækjendum er bent á að kynna sér lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og úthlutunarreglur sjóðsins sem má nálgast á www.frae.is

Stjórn Fræðslusjóðs

FRÆDSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

BRICS-löndin vilja meiri völd

Leiðtogar upprennandi efnahagsveldna vilja að regluverk alþjóðaviðskipta endurspegli stöðu ríkjanna. Kalla eftir aðgerðum til að tryggja efnahagslegan stöðugleika og minnka vægi Bandaríkjadals.

KÍNA, AP Leiðtogar upprennandi stórveldna í hinu alþjóðlega efnahagslífi, BRICS-landanna svokölluðu (Brasilía, Rússland, Indland, Kína og Suður-Afríka), kalla eftir umbótum í regluverki alþjóðaviðskiptakerfisins og segjast munu styðja aðgerðir til að auka stöðugleika í alþjóðlegu efnahagslífi. Auk þess horfa þau til þess að minnka vægi Bandaríkjadalsins sem aðalgjaldmiðils heimsins.

Þetta var meðal þess sem kom fram á leiðtogafundi ríkjanna á fimmtudag. Þetta var í fyrsta sinn sem Suður-Afríka sækir fundinn, en landið var formlega tekið inn í þennan lausbyggða félagsskap við þetta tilefni.

Löndin fimm eiga það sammerkt að hafa vaxið fiskur um hrygg síðustu ár sökum kröftugs efnahagslegs uppvaxtar. Fyrstu fjögur löndin hafa síðustu ár verið að móta nánara samstarf með það fyrir augum að jafna valdahlutföll í alþjóðlegum viðskiptastofnunum líkt og Alþjóðaviðskiptastofnuninni og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS). Hafa þau fengið ýmsu áorkað að því

leyti og til merkis um það er jöfnun atkvæðaréttar innan AGS og útvíkkun hóps helstu iðnveldna heimsins úr G8 upp í G20, þar sem öll fimm BRICS-löndin eiga nú sæti.

Löndin telja ekki að núverandi kerfi þjóni tilgangi þeirra, og í ályktun eftir fundinn á fimmtudaginn sagði meðal annars:

„Við köllum eftir því að hinar fyrirhuguðu umbætur á Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem voru ákveðnar á síðustu fundum G20-landanna, verði að veruleika sem fyrst og ítrekum að stjórnarhættir alþjóðafjármálastofnana ættu að endurspeglar breytingar í efnahagslífi heimsins með því að raddir þróunarlanda og upprennandi efnahagsveldna heyrast frekar.“

Þá mælast löndin til þess að hin svokölluðu Sérstöku dráttarrettindi (SDR), eins konar gjaldmiðill AGS sem stundum er notaður í viðskiptum milli ríkja, verði notaður í auknum mæli.

Löndin hyggjast auka enn á samstarf sitt á komandi árum, meðal annars á sviðum íþróttar og menningar. thorgils@frettabladid.is

Uppgangur BRICS-landanna

Samtök BRICS-landanna fimm gætu orðið ein af helstu áhrifastofnunum alþjóðaviðskiptaheimsins með tíð og tíma.

Það er í krafti gríðarlegs mannfjölda og hagvaxtar, enda telja löndin nú um 40 prósent af mannfjölda heimsins, 18 prósent af alþjóðaviðskiptum og 45 prósent af hagvexti á heimsvísu.

Heimild: AP

TAKTU SKREFIÐ



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- umsóknarfrestur til 30. maí

NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:



LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

GÆÐASTJÓRNUN

FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR

- fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör

VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN

HUGRÆN ATFERLISMEÐFERÐ

- Eins árs þverfaglegt, hagnýtt nám

- Tveggja ára nám fyrir sálfræðinga og geðlækna

FJÖLSKYLDUMEÐFERÐ (NÁM Á MEISTARASTIGI)

NÁM TIL LÖGGILDDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA OG SKIPASALA

REKSTUR, STJÓRNUN OG MARKAÐSSETNING SMÁFYRIRTÆKJA – MARKVISS LEIÐ

- umsóknarfrestur til 9. september



Allir sem hafa sótt námskeið hjá okkur síðastliðna 12 mánuði eru jákvæðir gagnvart Endurmenntun.*

*Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í febrúar 2012.

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Námsráðgjöf og upplýsingar:

sími 525 4444

endurmenntun.is

Engir virkjanakostir eru óumdeildir

Landsvirkjun stefnir á að reisa fjórtán virkjanir. Mikilvægt er að ná sátt um uppbyggingu í virkjanamálum, að sögn Harðar Arnarsonar forstjóra. Stjórnarformaðurinn segir ríkið verða að hætta að skipta sér af rekstri fyrirtækisins.

IDNAÐUR Landsvirkjun áætlað að reisa tíu vatnsfallsvirkjanir og fjórar jarðvarmavirkjanir fyrir 4,5 til fimm milljarða dala, jafnvirði tæpra 570 milljarða króna, á næstu fimmtán árum og auka raforkuframleiðslu um ellefu teravattstundir. Við það mun raforkuframleiðsla Landsvirkjunar fara í um fjórutíu teravattstundir.

Fyrstu tíu árin mun raforkuframleiðsla Landsvirkjunar aukast um 7,3 teravattstundir. Það sem upp á vantar verður fengið með öðrum orkukostum á borð við virkjun sjávarfalla, vindorku og jarðvarma. Virkjanirnar verða meðal annars í neðrihluta Þjórsár, á Þeistareykjum og Hólmsá. Þá er á meðal virkjanakosta Búðarhálsvirkjun. Framkvæmdir við hana fóru á fullt í fyrra og er stefnt á að hún verði gangsett í lok árs 2013.

Uppbyggingin er liður í fimmtán ára áætlun sem Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar kynnti á ársfundi fyrirtækisins í gær. Hann sagði alla virkjanakosti umdeilda en taldi líkur á að sátt myndi nást um aukningu raforkuframleiðslu í á milli þrjátíu til fimmtíu teravattstunda. Á svipuðum nótum talaði Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðgjafi, sem sagði mikilvægt að þjóðin næði sátt í virkjanamálum.

Hörður benti á að þótt góður árangur hefði náðst í rekstri Landsvirkjunar væri fyrirtækið enn of skuldsett í samanburði við evrópsk orkufyrirtæki. Stefnt væri að því að greiða niður skuldir. Áætlun Landsvirkjunar um aukna arðsemi ætti stóran þátt í því.

Hörður sagði jafnframt að þegar uppbyggingu lýkur muni áhrif af arð- og skattheimtum hins opinbera af rekstri Landsvirkjunar verða sambærileg og áhrif olíugeirans á Noreg. Þær gætu numið á bilinu fjögur til átta prósent af landsframleiðslu á ári. Áhrifin



STJÓRNARFORMAÐURINN OG FORSTJÓRINN Mikilvægt er að ríkið móti sér stefnu um það hvað gera skuli við arðgreiðslurnar af rekstri Landsvirkjunar í framtíðinni, að sögn Harðar Arnarsonar forstjóra.

Alþingi á ekki að skipta sér af rekstrinum

Ríkið verður að setja sér stefnu um það með hvaða hætti það eigi að fara með eigendavald sitt, að sögn Bryndísar Hlökkversdóttur, stjórnarformanns Landsvirkjunar. Í ræðu sinni á ársfundinum sagði hún fyrirtæki í opinberri eiga að fá að starfa óhindrað á viðskiptalegum forsendum og án íhlutunar eigenda sinna.

„Hér á landi hefur á síðustu mánuðum borið á vaxandi kröfu úr samfélaginu um að íslenska ríkið beiti eigendavaldi sínu gagnvart Landsvirkjun í því skyni að koma hjólum atvinnulífsins í gang. Kröfur hafa verið settar fram um það, meðal annars á Alþingi og hjá aðilum vinnumarkaðarins, að stjórnvöld gangi til samninga við tiltekin fyrirtæki í þessu skyni, sem augljóslega myndi setja Landsvirkjun í vonlausa samningsstöðu. Sem betur fer hafa stjórnvöld ekki tekið undir slíkar kröfur,“ sagði hún og nefndi að stjórnarmálemenn eigi að láta stjórnendur Landsvirkjunar um daglegan rekstur fyrirtækisins. Þeir geti hins vegar látið skoðun sína í ljós á árlegum aðalfundum eins og hluthafar annarra fyrirtækja.



BRYNDÍS HLÖKKVERSDÓTTIR

af olíuiðnaðinum ytra nema sex prósentum af landsframleiðslu. Miðað við þetta gæti ríkissjóður fengið á bilinu sextíu til 120 milljarða króna í arð og skatta frá

Landsvirkjun á ári hverju. Hæst fóru arðgreiðslur í tæpar níu hundruð milljónir króna árið 2008 en hafa engar verið síðastliðin tvö ár.

jonab@frettabladid.is

App, app mín sál!

Ferminartilboð í öllum verslunum

Stórsnjallir símar á frábæru verði auk úrvals framúrskarandi ferminargjafa.

Prófaðu nýjustu tæknina og sjáðu framtíðina með þínum eigin augum. Láttu ekki app úr hendi sleppa.



LG Optimus Me

200 MB
á mán. fylgir
með í 6 mán.

2 miðar
í Sambíóin
fylgja
á meðan birgðir endast

2.499 kr.
á mán. í 12 mán.
Fullt verð: 29.990 kr.

power to you



Aðalfundur VR

verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli, miðvikudaginn 27. apríl nk. og hefst fundurinn kl. 19:30.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar
Innborgun í VR varasjóð

Sumargjafir sem gleðja


Það er gamall og góður siður að gefa börnum bækur í sumargjöf. Hjá Eymundsson finnur þú úrval skemmtilegra, sígilda bóka og annarra gjafa til að gleðja börnin stór og smá á sumardaginn fyrsta.



VERÐ KRÓNUR
3.399



VERÐ KRÓNUR
3.490



VERÐ KRÓNUR
2.990



VERÐ KRÓNUR
3.490



VERÐ KRÓNUR
3.399



VERÐ KRÓNUR
2.990

939 kr.

FLUGDREKAR
Ernir úr nylon



529 kr.

SIPPUBAND
2 litir, bleikt og fjólublátt

1.599 kr.

TENNISSPAÐASETT
með bolta

Afmæling Fréttablaðsins

SJÁUMST Í PERLUNN

LJÚFAR AFMÆLISVEITINGAR

10 metra löng Fréttablaðskaka
Vöfalusmiðja Fréttablaðsins
Heitt kakó fyrir þá sem vilja
Súkkulaðismakk í boði Freyju
Djús og vatn fyrir börnin, kaffi fyrir fulloröna

AFMÆLISSÝNING

Sérstöku aukablaði um F
Ljósmyndasýning, brot af því best
Eftirminnilegustu og athyglisverðustu

Vertu með í afmælisleiknum!

Skráðu þig á Vísir og þú gætir unnið Freyju
páskaegg númer 10!



FRÉTTAB

Fréttablaðið

10
ÁRA
2001-2011

Fréttablaðsins

MIÐDAG MILLI 13-16

FRÁBÆR SKEMMTIATRÍÐI

Páll Óskar, Friðrik Dór

Pollapönk og Skoppa og Skritla

Nokkrir af Vinum Sjonna syngja Eurovisionlagið

Leikhópurinn Lotta

Fransína mús kynnir og sprellar



FRÉTTABLAÐSINS

Fréttablaðið dreift til gesta

ta frá ljósmyndurum Fréttablaðsins

tu forsíðurnar úr 10 ára sögu blaðsins

BLAÐIÐ

10
ÁRA
2001-2011

VONUMST TIL AÐ
SJÁ ÞIG OG ALLA
FJÖLSKYLDUNA

Almenningssamgöngur í stað umferðarmannvirkja:

Strætó fyrir alla

Próun almenningssamgangna á Íslandi hefur verið heldur óheillavænleg undanfarin ár. Í Reykjavík hafði verið rekið strætisvagnakerfi sem stóð undir nafni, þ.e. tíðni ferða var nógu mikil til þess að það væri brúklegt og strætóleiðirnar tengdust með þokkalega skilvirkum hætti. Með ört stækandi borg gekk kerfið úr sér, auk þess sem talið var nauðsynlegt að sameina og samræma almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Kerfið stækkaði en varð um leið dýrara í rekstri. Ferðum var fækkað og svo fækkað enn meira. Nú er svo komið að vagnar ganga það sjaldan að erfitt er að nota almenningssamgöngur nema í þeim tilvikum þegar búseta og vinnustaður eða aðrir þeir staðir sem sækja þarf liggja á sömu strætólínu og, vel að merkja, að menn þurfi ekki að komast á milli staða of snemma á morgnana eða seint á kvöldin því ekki hefur bara dregið úr tíðni ferða heldur hefur aksturstími yfir daginn verið stytur.

Próun almenningssamgangna í borginni sýnir vel þann víta-hring sem skapast getur með skerðingu þjónustu, sem dregur úr notkun, sem svo aftur leiðir til enn meiri skerðingar þjónustu vegna tekjutaps.

Tillögur starfshóps á vegum samgönguráðs sem gera ráð fyrir að einum milljarði króna verði varið á ári næstu tíu árin til að efla almenningssamgöngur hljóma því vel fyrir þá sem vilja eiga almenningssamgöngur sem raunverulegan valkost, að ekki sé nánast nauðsyn að hafa til umráða einkabíl til að komast milli heimilis og vinnustaðar og reka þau erindi sem almennu heimilishaldi fylgja. Nothæfar almenningssamgöngur snúast um þetta. Þær snúast þó líka og ekki síður um umhverfið, en óvída fer jafnmikið eldsneyti í að flytja jafnfátt fólk og hér á landi. Sömuleiðis snúast þær um skipulagsmál, að borgin eða höfuðborgarsvæðið sé ekki allt sundurskorið af hraðbrautum og mismögum gatnamótum.

Verkefnið á að vinna í samstarfi ríkis og sveitarfélaga og er markmið þess að tvöfalda í það minnsta hlutdeild almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og þar í kring með gagngerum endurbótum á grunnneti almenningssamgangna á suðvesturhorninu. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði hluti af samgöngu-áætlun til tólf ára sem lögð verður fyrir Alþingi í haust. Það vekur bjartsýni að tillaga starfshópsins virðist njóta brautargengis bæði í borginni og innanríkisráðuneytinu.

Ekki hefur verið afráðið hvernig fjármunirnir verða nýttir, hvort þeir fara alfarið í að auka þjónustu strætó eða að einhverju leyti í þróun á framboði á öðrum samgönguúrræðum. Ljóst er þó að ef tillagan nær fram að ganga þýðir hún að ríkið kemur að almenningssamgöngum, sem er bylting fyrir sveitarfélögin.

Meginatriðið er að ef næst að byggja upp almenningssamgöngukerfi sem þjónar fólki nægilega vel til þess að það sjái hag í því að velja það fram yfir einkabílinn minnkar um leið þörfin fyrir að byggja dýr umferðarmannvirki til að bera þéttan straum einkabíla, sem hver flytur iðulega ekki nema einn mann. Innsþýting í almenningssamgöngur gæti þannig reynst sparnaður þegar upp er staðið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. **STJÓRNARFORMADUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI:** Ari Ewald **RITSTJÓRI:** Ólafur P. Stephensen **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **steinunn@frettabladid.is**

Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

Issn 1670-3871

FLOTTAR FERMINGARGJAFIR
HJÁ JÓNÍ OG ÓSKARI

Kærleikskrossinn úr silfri Ísbringur úr Icecold línunni
Frá kr. 10.600 kr. 12.900
m/festi – íslensk hönnun úr silfri – íslensk hönnun

ICECOLD
JÓN & ÓSKAR 1971-2011

WWW.JONOGOSKAR.IS LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Stjórnarbót eða lokleysa?

Forsetinn hefur breytt grundvallarþætti í stjórnskipun landsins. Óumdeilt er að afleiðingin af staðfestingarsynjun forseta er þjóðaratkvæði. Áður fyrr var það skilningur bæði stjórnskipunarfræðinga og stjórnmálamanna að það hefði einnig afleiðingar að beita ákvæðinu. Því fylgdi einfaldlega ábyrgð. Annað hvort viki forsetinn eða ríkisstjórnin eftir því hvorum málsaðila þjóðin treysti.

Forsetinn breytti ekki hinni skrifuðu stjórnarskrá. Hann sniðgekk hins vegar hina óskrifuðu reglu um ábyrgð. Umturnun hans á stjórnskipuninni felst í



ÞORSTEINN PÁLSSON

því að aftengja siðferðisgildi sem hún var reist á. Þó að breyting forsetans hafi fyrst og fremst þann tilgang að grafa undan Alþingi hafa allir stjórnmálaflokkarnir fallist á ábyrgðarleysiskenningu hans.

Sakir þess situr ríkisstjórn sem tapaði stærsta pólitíska máli sínu í þjóðaratkvæði. Rökin fyrir vantraustinu í vikunni voru ekki þau að stjórnin ætti að taka afleiðingum

þess að hafa tapað þjóðaratkvæðinu. Þau lutu fremur að hinu að hún er yfirhöfuð ekki vandanum vaxin. Vantraustið snerist því meir um pólitík en þá siðferðilegu kjölfestu sem áður var einn af hornsteinum stjórnskipunarinnar.

Þegar forsetinn og forysta allra stjórnmálaflokka sameinast um að minni pólitísk ábyrgð bæti lýðræðið ætti að vera unnt að ganga út frá því sem vísu að svo sé. Allt er breytingum undirorpið. Ábyrgðarleysiskenningin virðist vera vinsæl hjá almenningi. Eigi að síður er ástæða til að velja því fyrir sér hvort hún er stjórnarbót eða lokleysa.

Svívirða þá og nú

Í fornöld voru kenningar í Aþenu um að málshefjendur ættu að hafa snöruna um hálsinn meðan þeir töluðu. Býsna harkalegt en sýnir að kenningin um að menn beri ábyrgð á skoðunum sínum á djúpar rætur. Þingvallafundurinn 1873 er þekkt dæmi úr sögu okkar og sýnir meiri hófsemd. Þar varð Jón Sigurðsson undir. Þegar eigi að síður átti að kjósa Jón til að mæla fyrir meiri hlutatilögum á konungsfundi lét hann „á sér skilja að það væri að svívirða sig að ætla sér að flytja konungi það erindi sem alveg væri gagnstætt sannfæringu sinni“.

Ófugt við þetta sæmdarviðmið telur ríkisstjórnin að það sé sví-

virða að ætla henni ekki að flytja það erindi á erlendum vettvangi sem er andstætt sannfæringu hennar. Hér hafa gildi eins og ábyrgð og sæmd algjörlega verið slitin frá stjórnskipunarreglunum eftir kenningu forseta Íslands. Fyrir vikið lítur Alþingi út sem einhvers konar lokleysa. Þó að forsetinn segi að þetta sé lýðræðisleg framför sér þess hvergi stað.

Álítaefnið er ekki hvort menn eru með eða á móti ríkisstjórninni heldur hitt á hvaða siðferðilegu stöðum menn telja að stjórnskipunin eigi að hvíla. Ef ákvarðanir og ábyrgð fylgdust enn að hefði forsetinn viðurkennt að synjun á staðfestingu laga

fæli eftir eðli máls í sér andstöðu við ákvörðun Alþingis. Eðlilegt hefði verið að ríkisstjórnin svaraði umsvifalaust með afsögn eða þingrofi.

Eftir að dómur þjóðarinnar gekk gegn ríkisstjórninni átti hún að biðjast lausnar. Þá hefði verið rétt af forseta að fela þeim flokkum sem stutt hafa sjónarmið hans, Framsóknarflokknum og Hreyfingunni, að mynda ríkisstjórn. Þjóðin valdi þeirra afstöðu. Það hefði orðið þung þraut fyrir slíka stjórn að lifa með minnihluta í þinginu. Hún hefði þá átt þess kost að rjúfa þing og láta þjóðina ákveða hverjum hún treysti til að framkvæma vilja sinn.

Óvirkt kerfi

Ríkisstjórnin segist ekki geta farið frá vegna þeirra þungu verkefna sem við blasa. Í engu er ofmælt hversu mikill vandi þjóðinni er á höndum. En sú pólitíska upplausn sem hlýst af því að skilja ábyrgðina frá stjórnskipunarreglunum er til lengri tíma hættulegri en sá skammtíma órói sem fylgir kosningum. Í þessu ljósi eru röksemdir ríkisstjórnarinnar ekki gildar.

Sjálfstæðisflokkurinn er að nokkru leyti í sömu stöðu og stjórnarflokkarnir. Hann þarf eins og þeir á endurnýjuðu umboði kjósenda að halda. Vandinn hans er hins vegar sá að hann hefur ekki vald til að kalla eftir dómi kjósenda sem hann hefur þó óskað eftir. Gild pólitísk rök voru fyrir vantrausti á stjórnarstefnunna. Það er annað mál. Hitt hefði verið beittara að knýja á um kosningar út frá kenningunni um

stjórnskipulega ábyrgð. Ein afleiðing af ábyrgðarleysiskenningu forsetans er sú að héðan í frá er enginn hvati fyrir stjórnarandstöðuflokka að taka sameiginlega ábyrgð með ríkisstjórn á pólitískt erfiðum málum. Þjóðaratkvæði án afleiðinga fyrir þá sem verða undir, hvort sem það er þingið eða forsetinn, leiðir til upplausnar. Traustið hverfur. Án þess virkar stjórnmálakerfið ekki. Við erum á þeirri leið.

Komdu í dag
Opið milli 10 og 16

47 ára afmælisýning Brimborgar og Mustang klúbbsins



Nýtt tákni um gæði



Frítt inn
Taktu börnin með

Gefðu goðsögninni gaum: Ford Mustang BOSS 302

Coca-Cola
zero.

SONAX®

Leynigestur afhjúpaður
Taktu þátt í getraun

Í ár eru 42 ár frá því að goðsögnin fæddist, Ford Mustang BOSS 302 og í ár mun Ford endurlífga goðsögnina með hinum glærýja Ford Mustang BOSS 302 sem væntanlegur er síðar á árinu.

Hin árlega sýning Brimborgar og Mustang klúbbsins mun því í ár verða tileinkuð goðsögninni. Yfir 30 Ford Mustang bílar verða til sýnis.

Finndu okkur
á fasbókinni

Brimborg Max1 Vélaland Saga bílaleiga Dollar bílaleiga Thrifty bílaleiga
Volvo á Íslandi Ford á Íslandi Citroën á Íslandi Mazda á Íslandi Ford Truck á Íslandi

Í dag laugardaginn 16. apríl.
Opið í Brimborg, Bildshöfða 6
milli kl. 10 og 16

Komdu í Brimborg og sjáðu afmælisýningu Brimborgar og Mustang klúbbsins

Gefðu goðsögninni
gaum. Sjáðu hvernig
goðsagnir verða til.



Born in The USA

Komdu í Brimborg í dag laugardag. Opið milli 10 og 16

Er fátækt á meðal einstæðra foreldra á Íslandi í dag?

Fátækt

Oktavía Guðmundsdóttir

Félagsráðgjafi hjá Félagi einstæðra foreldra



Fátækt er oftast tilkomin vegna þjóðfélagslegs vanda, atvinnuleysis, láglaunastarfa eða of lágra bótagreiðslna. Það vill stundum gleymast í dagsins önn að einstæðir foreldrar með börn hafa einungis einar ráðstöfunartekjur. Þær tekjur eru misjafnar, allt frá því að teljast góðar tekjur til mjög lágra tekna, sem eru mun lægri en nýleg lágmarksframfærsluviðmið. Þeir foreldrar sem leita sér ráðgjafar hjá Félagi einstæðra foreldra hafa sumir hverjir ágætis fjárhag og búa við öryggi. Það eru samt sem áður mun fleiri sem eru að basla í lífsins ólgusjú, með börn á öllum aldrarskeiðum, með tekjur sem duga skammt fram á veginn. Þeir hinir sömu tóku ekki þátt í lífsgæðakapphlaupinu, þegar þenslan fór um samfélagið á ógnarhraða.

Þeir sem eru verst settir eru ungir einstæðir foreldrar með eitt

barn eða fleiri, sem hafa ekki aflað sér menntunar og lifa af einföldum verkamannalaunum, atvinnuleysisbótum eða annars konar bótagreiðslum.

Fjöldi einstæðra foreldra á Íslandi í dag og eignir þeirra miðað við aðra.

Um helmingur einstæðra foreldra á Íslandi býr í leiguhúsnæði en 20% annarra fjölskyldna eru á leigumarkaði.

Einstæðir foreldrar á Íslandi árið 2010 eru 10.702 (samkv. tölum frá Hafstofu Íslands).

Börn sem skráð eru á heimilum einstæðra foreldra 2010 eru 14.401.

Fjöldi einstæðra foreldra í leiguhúsnæði er 5.122 á móti 5.580 sem búa í eigin húsnæði.

Önnur heimili í eigin húsnæði eru 88.430 og 22.598 í leiguhúsnæði.

Þarna er vísbending um að eignarstaða einstæðra foreldra sé yfir miðað við aðra. Einnig er vitað að einstæðir foreldrar með börn sem leigja á frjálsum markaði búa ekki við sama öryggi og fjölskyldur sem búa í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga.

Foreldrar af báðum kynjum sem misstu atvinnu – viðbrögð þeirra Neyðin hefur breitt hratt úr sér eftir hrun og hitt marga fyrir á ferð sinni.

Til að nefna dæmi segi ég hér á eftir frá ólíkum einstaklingum, einstæðum föður og einstæðri móður. Þau áttu það sameiginlegt að búa ein með börn sín og að hafa misst atvinnu eftir nokkurra ára

Ekki virðist gert ráð fyrir að börn einstæðra mæðra þurfi jafn mikla samveru við foreldri og önnur börn á mikilvægasta mótunarskeiði bernskunnar.

starf. Það reyndist báðum foreldrunum mikið áfall og breytti miklu bæði fjárhagslega og heilsufarslega. Höfnunin reyndist nífstingsár. Áhyggjurnar og óvissan sem var fram undan tóku sér fljótleiga bólfestu í huga foreldranna. Hinir

daglega skorðuðu lífshættir hurfu eins og döggr fyrir sólu.

Foreldrarinnir brugðust við breyttum aðstæðum á mismunandi hátt. Annað foreldrið sagði upp leiguhúsnæði sínu eftir þriggja mánaða atvinnuleysi og flutti með barnið sitt í eitt leiguhvergi, þar sem ekki voru lengur peningar fyrir íbúðinni.

Hitt foreldrið ákvað að spara í matarinnkaupum og skera nánast allt mögulegt burtu til þess að geta haldið húsnæðinu. Sameiginlegt hjá báðum var að þau leituðu allra leiða til að komast aftur út á vinnumarkaðinn og nýttu sér það sem í boði var hjá Rauða krossi Íslands, Vinnu- málstofnun og annars staðar. Það var ekki auðvelt, því atvinnuleysið olli streitu og andlegri vanlíðan.

Höfnunin var einna verst meðan á atvinnuleitinni stóð, því ýmist barst ekki svar eða þetta klassíska „þakka þér fyrir að sýna áhuga en því miður hefur staðan verið veitt öðrum“.

Allt gekk upp að lokum, því bæði einstæða móðirin og einstæði faðirinn fengu störf á ný. Lægri laun en áður, en atvinna var það samt. Þeim óx styrkur og kraftur við að komast aftur út á vinnumarkaðinn og voru

staðráðin í því að leita áfram uppbyggilegra sóknarfæra.

Það sitja ekki öll börn við sama borð

Einstæðar mæður eiga rétt á sex mánaða fæðingarorlofi, meðan sambúðarforeldrar fá níu mánuði samantlagt.

Ekki virðist gert ráð fyrir að börn einstæðra mæðra þurfi jafn mikla samveru við foreldri og önnur börn á mikilvægasta mótunarskeiði bernskunnar.

Þrátt fyrir að lög um fæðingarorlof heimili föður sem ekki er í sambúð með móður að taka þriggja mánaða fæðingarorlof er það háð samþykki móður og vilja föður.

Ekki hafa allir foreldrar nýfæddra barna samband sín á milli. Ýmsar ástæður liggja að baki, þar á meðal landfræðileg fjarlægð. Við slíkar aðstæður þarf að koma aukinn réttur fæðingarorlofs móðurinnar sem annast ein barnið sitt. Hér þarf að vera heimild í lögum til að móðir geti nýtt sér ónýttan rétt föður.

Þennan galla á annars mjög góðum lögum þarf að leiðrétta, án þess þó að skemma jafnréttissjónarmið þeirra.

Nýtt Norður

Norðurslóðir

Einar Benediktsson
fv. sendiherra



Norðurheimskautið undir þessi fáu lönd, gagnstætt því sem væri um Suðurheimskautið.

Það kemur fleira til, svo sem Smith prófessor segir söguna. Við lok kalda stríðsins höfðu stórveldin misst allan áhuga á norðurslóðum sem ekki var svo lítil fyrirferðar áður. Prófessorinn sér merki nýrrar hervæðingar hefjast um 2009 þegar þau mál höfðu legið í láginni í nær tvo áratug. Mestur viðsnúningur í þessum efnunum sé hjá Rússum. Hafin sé endurreisn norðurflota þeirra með nýrri gerð ársarkafbáta o.fl. og eftirlitsflugi með langdrægum sprengjuflugvélum. Kanada og Noregur koma einnig við sögu og þá stefni Norðurlöndin til aukins samstarfs í öryggismálum. Ekki hafi þó Bandaríkjamenn aðhafst um aukna hernaðargetu á þessu svæði en haldi fyrri herafli í Alaska. Þá sé stefnumörkun, sem gerð var á síðustu dögum valdatíma Bush forseta í janúar 2009, í fullu gildi eftir að Obama varð forseti. Þessi forsetatilskiptun setti norðurslóðir í sömu forgangsroð og verið hafði í kalda stríðinu.

Þessi áhugaverðu atriði eru aðeins lítil hluti bókarinnar. Hún fjallar um spádóma um þróunina á fjölmörgum sviðum. Forsendur eru að tækniframfarir verði hægfara, að þriðja heimsstyrjöldin brjótist ekki út, engin stórvá eins og óstöðvandi drepsóttir skelli á og að spádómslíkønin bregðist ekki. Þá verður alþjóðasamfélag það sem skipaðist eftir seinni heimsstyrjöldina orðið óþekktanlegt. Leiðandi efnahagsveldi nú eru Bandaríkin, Japan og Þýskaland en 2050 verði það Kína með þjóðarframleiðsluna \$ 44,4 trilljónir, Bandaríkin 35,1 trillj. og Indland 27,8 trillj. En mergurinn málsins varðandi 2050 er að norðlægi fjórðungur hnattkringlunnar muni hafa gjörbreytt. Á þessari öld verði þar fyrirsjáanlega mjög aukin umsvif; strategísk þýðing svæðisins aukist stórum sem og þess efnahagslega vægi.

Hlýnun Norðurskautsins mun ekki breyta miklu um hitastigið á Íslandi. Því ráða sjávarstraumar, segir þessi spámaður. En hann fór því miður út af sporinu alveg í lokin þegar hann fór að fábulera um að Ísland ætti ekki að ganga í Evrópusambandið. Þetta átti víst að vera vegna þess, að þá mundi ESB einhvern veginn komast til áhrifa á norðursvæðinu fyrir okkar tillit. En ætti það þá ekki öllu heldur þá þegar að vera hlutverk ESB-landanna Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands?

Orkan, Landsvirkjun og framtíðin

- fjölbreytt markaðstækifæri í orkuiðnaði

Þriðjudaginn 19. apríl kl. 12:00 -13:15. Háskólatorgi 105

Breyttar aðstæður á heimsmarkaði hafa leitt til nýrra viðskiptatækifæra í orkugeiranum. Á Íslandi eru markaðstækifærin fjölbreyttari en áður. Landsvirkjun hefur unnið að greiningu tækifæra í ljósi breyttra aðstæðna á heimsmarkaðum og leggur nú áherslu á að vera markaðs- og rekstrardrífandi fyrirtæki. Hver eru tækifærin og hvað þýða þau fyrir viðskiptaumhverfið á Íslandi?

Á fundinum mun Dr. Hörður Arnarsson forstjóri og Magnús Bjarnason framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarviðs kynna og ræða framtíðarsýn félagsins með sérstaka áherslu á breytt vinnubrögð í markaðsmálum.



Dagskrá:

- Framtíðarsýn Landsvirkjunar.
- Dr. Hörður Arnarsson, forstjóri Landsvirkjunar.
- Hvaðan kemur eftirspurnin? Hvað hefur breyst og hvaða áhrif hefur það á rekstur Landsvirkjunar?
- Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarviðs Landsvirkjunar.
- Í framhaldi af framsögurindum verða umræður.



Fundarstjóri:

Dr. Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent við Viðskiptafræðideild og formaður Viðskiptafræðistofnunar.

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis



HÁSKÓLA ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Ondregi

Glæsilegir bókaskápar frá Boknäs

**25%
afsláttur**

Nýkomin handgerð
ítölsk glös

Karafla 9.800,- nú 7.350,-
Kanna 9.800,- nú 7.350,-
Vatnsglas 1.950,- nú 1.463,-
Vínglas 1.950,- nú 1.463,-
Kampavínglas .. 1.950,- nú 1.463,-



Veneziano - 5 litir

LINIA TIA

Karafla 4.900,- nú 3.675,-
Kanna 4.900,- nú 3.675,-
Glös* 980,- nú 735,-



Tia Platinum
Litur: Silfur

* Vatnsglös, vínglös, kampavínglös

LINIA TIA

25% afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru!

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

HEIMA  lifum
HÚSIÐ GALLERY GÓLF
PARKET • FLISAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

Vanþekking VG eða virðingarleysi Samfylkingarinnar?

Stjórnsmál

Ragnheiður Elín Arnadóttir
Þingflokksformaður
Sjálfstæðisflokksins



Línurnar eru skýrar þegar NATO tekur ákvörðun um hernaðaraðgerðir. Annað hvort styðja öll ríkin þær, eða ekkert verður af aðgerðum á ábyrgð aðildarríkja bandalagsins. Það eru engir aðrir valkostir í boði við það borð. Því er allt tal formanns Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ekki-stuðning en þó ekki-höfnun hjákátlegt. Með höfnun hefðu Vinstri græn getað beitt neitunarvaldi og komið í veg fyrir að þessi ákvörðun væri tekin – en þeir gerðu það ekki.

Hvernig tók ríkisstjórnin ákvörðun?

Utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson sagði á fundi utanríkisráðgjafaradgerðar að hann hefði haft óskorað umboð til að styðja að Atlantshafsbandalagið tæki yfir stjórn hernaðaraðgerða í Líbýu. Frá þessu hafa fjölmiðlar sagt, sem og viðbrögðum formanns Vinstri grænna, sem á Alþingi, mánudaginn 28. mars sagði, spurður um hvort flokkurinn styddi þá sömu ákvörðun: „Nei, við gerum það ekki enda vorum við ekki spurð.“

Það liggur sem sagt fyrir að þegar Norður-Atlantshafsráðið, NATO, tók ákvörðun sunnudaginn 27. mars um að taka yfir stjórn hernaðaraðgerða í Líbýu

lét utanríkisráðherra samþykka ákvörðunina án þess að bera hana undir samstarfsflokkinn, Vinstri græn, sem var og er andvígur loftárásunum. Umræður utan dagskrár á Alþingi voru nægilegt umboð fyrir utanríkisráðherra eftir því sem hann sjálfur segir í Fréttablaðsgrein þann 7. apríl.

„Nei, við gerum það ekki enda vorum við ekki spurð,“ sagði Steingrímur Jón.

Þar með var Vinstri grænum neitað um þann möguleika að ríkisstjórnin beitti neitunarvaldi í Norður-Atlantshafsráðinu sem hefði komið í veg fyrir að bandalagið tæki að sér stjórn hernaðaraðgerðanna. Hvert bandalagsríki NATO hefur klárt neitunarvald. Þannig vinnur NATO. Vinstri græn hefðu getað haft söguleg áhrif á utanríkisstefnu bandalagsins og komið sinni á alheimskortið.

En þau voru ekki spurð.

Um leið er ljóst að Samfylkingin hefur gert Vinstri græn ábyrg fyrir hernaðaraðgerðum NATO í Líbýu, án þeirra samþykkis og gegn vilja þeirra.

Og hvernig fór það framhjá Steingrími?

Það er svo sjálfsgert rannsóknarnefni hvernig aðdragandinn að þessari ákvörðun gat farið fram hjá bæði formanni Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og formanni utanríkisráðgjafaradgerðar úr sama flokki sem virtust koma algerlega af fjöllum. Þó átti ákvörðunin sér talsverðan aðdraganda og var til umfjöllunar í fjölmiðlum út um allan heim

í marga daga. Spurningin er því kannski frekar þessi – sváfu forystumenn VG viljandi á verðinum til þess eins að bjarga ríkisstjórninni frá enn einu ágreiningsmálinu eða gerðu þeir sig seka um yfirgripsmikið þekkingarleysi af áður óþekktu stigi á því hvernig ákvarðanir eru teknar á vettvangi NATO?

Ábyrgðin er skýr

Hvorug skýringin, sem forystumenn Vinstri grænna kjósa að nota, firrir þá ábyrgð. Þegar ákvörðunin var tekin á vettvangi bandalagsins átti ríkisstjórn Íslands sæti við borðið. Og ríkisstjórn Íslands átti tvo valkosti – að styðja þessa ákvörðun eða hafna henni. Það eru engir aðrir valkostir í boði við það borð. Með höfnun hefðu Vinstri græn getað beitt neitunarvaldi og komið í veg fyrir að þessi ákvörðun væri tekin – en þau gerðu það ekki.

Það er beinlínis hallærislegt að koma svo eftir á og segja vera á móti stríði og hernaðarbandalögum til þess að tala inn í hóp hernaðarandstæðinga í flokknum. Enda benda fréttir af félagsfundum VG til þess að sá hópur sé ekki heldur að kaupa þær afsakanir. Staðreyndin er sú að ríkisstjórn með Samfylkingunni hafa Vinstri græn gefist upp á því að reyna að setja sitt mark á utanríkisstefnu Íslands. Og Samfylkingin veit það og telur sig ekki þurfa að ræða þessi mál lengur við samstarfsflokkinn. Það er alfarið þeirra mál, en væri ekki heildarlega að viðurkenna það bara?

Stjórnarráð Íslands og lærdómar hrunsins

Stjórnarráðið

Hrannar Björn Arnarsson
aðstoðarmaður
forsætisráðherra



Stjórnarráð Íslands hefur verið það breytast og eflast í samræmi við þann lærdóm sem draga má af vinnubrögðum í aðdraganda efnahagshrunsins. Frumvarp forsætisráðherra til nýrra laga um Stjórnarráð Íslands sem lagt var fram á Alþingi í vikunni er mikilvægur áfangi í þeirri vegferð.

Samhæfing og samstarf ráðuneyta

Úrlausn sífellt fleiri verkefna sem sinnt er innan Stjórnarráðs Íslands kallar á aðkomu tveggja eða fleiri ráðuneyta. Samkvæmt frumvarpi forsætisráðherra er skýrt kveðið á um hlutverk forsætisráðherra, sem verkstjóri ríkisstjórnarinnar, að tryggja að verkaskipting og um leið ábyrgð ráðuneyta, sé skýr og að hann geti haft framkvæði að því að ráðuneyti samhæfi stefnu sína og aðgerðir ef á þarf að halda. Þá er í frumvarpinu einnig lögð sú sjálfsgöta skylda á alla ráðherra að samhæfa stefnu og aðgerðir þegar málefni og málefnavið ráðuneyta skarast. Því verður hvorki haldið fram að með þessu sé forsætis-

laga um Stjórnarráð Íslands sem birt var í desember 2010 og nefndist Samhent stjórnsýsla. Sú nefnd byggði tillögur sínar m.a. á rannsókn sem fólst í viðtölum við núverandi og fyrrverandi ráðherra og stjórnendur innan Stjórnarráðs Íslands sem leiddi í ljós að kallað er eftir meiri samvinnu og samstarfi þvert á ráðuneyti. Þá er þessi áréttung um frekara samstarf ráðuneyta í takt við niðurstöðu þingmanna-nefndar er fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis en í skýrslu hennar segir „[s]karist valdsvið tveggja eða fleiri ráðherra ber þeim með formlegum hætti að hafa samvinnu um þau vinnubrögð sem viðhöfð skulu hverju sinni þannig að ávallt sé ljóst á ábyrgðarsviði hvers þeirra er starfað.“

Aukið svigrúm til samhentra vinnubrögða

Til þess að tryggja enn betur að Stjórnarráðið geti unnið samhent og markvisst að tilteknum stefnumálum hvers tíma er í frumvarpinu lagt til að ríkisstjórnir á hverjum tíma hafi meira svigrúm til þess að færa til verkefni og skipuleggja Stjórnarráð Íslands. Er þetta í samræmi við 15. gr. stjórnskrárinnar og meira í líkingu við það hvernig málum er háttað í þeim löndum sem við

Forsætisráðherra er forystumaður ríkisstjórnar sem sameiginlega stefnir í ákveðna átt.



Lán og styrkir til tækninýjunga og umbóta í byggingariðnaði

Íbúðalánasjóður auglýsir til umsóknar lán og styrki til tækninýjunga og umbóta í byggingariðnaði. Lán eða styrki má veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem vinna að þróun tæknilegra aðferða og nýjunga sem leitt geta til lækkunar á byggingarkostnaði og viðhaldskostnaði íbúðarhúsnæðis, styttri byggingartíma eða stuðlað með öðrum hætti að aukinni hagkvæmni í byggingariðnaði.

Rafræn umsóknarblöð er að finna á vefsíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is

Nánari upplýsingar veitir Helga Arngrímsdóttir hjá Íbúðalánasjóði í síma 569 6900 og með tölvupósti helga@ils.is

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2011

www.ils.is

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími: 569 6900, 800 6969



Íbúðalánasjóður

ráðherra falið einhvers konar gerræðisvald varðandi það hvernig verkefnum verður sinnt innan Stjórnarráðs Íslands né að þetta festi í sessi „foringjaræði“ eins og einhverjir hafa sagt. Ákvæðið breytir engu um ábyrgð einstakra ráðherra á þeim verkefnum sem ráðuneyti viðkomandi sinna en er sett fram til þess að tryggja aukna samvinnu og samstarf á milli ráðuneyta við úrlausn mála í almannabágu og til að tryggja að ráðherrar sem sannarlega ættu að hafa aðkomu að einstökum málum komi að þeim. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að forsætisráðherra er forystumaður ríkisstjórnar sem sameiginlega stefnir í ákveðna átt og vinnur að framgangi þeirra málefna sem ríkisstjórnin hefur sameiginlega ákveðið að beita sér fyrir. Hér er því um fullkomlega eðlilega og faglega framsetningu að ræða.

Lærdómar hrunsins nýttir

Við lestur skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er augljóst að skýrari verkaskipting, formfastara samráð og skilvirkara flæði upplýsinga á milli ráðuneyta og á milli ráðuneyta og stofnana þeirra hefði hugsanlega orðið til þess að fyrr og markvissar hefði verið brugðist við í aðdraganda efnahagshrunsins. Þá má lesa útúr niðurstöðum hennar að forsætisráðherra hefði mátt beita sér af meiri festu fyrir því að ráðuneytin samhæfðu viðbúnað til að bregðast við aðsteðjandi hættu. Krafa um aukna samvinnu og betra vinnulag kemur líka sterlega fram í skýrslu nefndar forsætisráðherra um endurskoðun

berum okkur einkum saman við, s.s. Danmörku og Noreg. Í þessu samhengi er mikilvægt að áréttast að ákvörðun um það hver skuli vera lögbundin verkefni framkvæmdarvaldsins verður eftir sem áður að sjálfsgöðu í höndum Alþingis sem og eftirlit með því hvernig sú framkvæmd gengur og breytir frumvarpið engu þar um. Frumvarpið skerpur hins vegar á mörkum milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds í samræmi við vaxandi kröfur þar um.

Markvissar breytingar í samræmi við rannsóknarskýrslu

Með því frumvarpi sem forsætisráðherra hefur nú lagt fram á Alþingi er verið að bregðast við ábendingum rannsóknarnefndar Alþingis, þingmannanefndarinnar, starfshóp forsætisráðherra um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndarinnar og síðast en ekki síst tillögum úr skýrslunni Samhent stjórnsýsla. Í athugasemdum við frumvarpið eru sérstakir kaflar um það hvernig frumvarpið mætir þeim tillögum sem þessar nefndir og hópar hafa sett fram á undanföllum mánuðum. Fullyrðingar um að frumvarpið fari gegn varnaðarorðum skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis eru úr lausu lofti gripnar. Þvert á móti eru í frumvarpinu og ýmsum öðrum breytingum sem unnið hefur verið að innan Stjórnarráðsins eftir hrun, markvissar tillögur og aðgerðir sem miða að því að tryggja öflugri stjórnsýslu í samræmi við ábendingar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um breytt og betra vinnulag í Stjórnarráði Íslands.

AF NETINU


Sjálfstæðir þjóðrembingar

Megineinkenni Íslendinga felst í að misskilja háð Halldórs Laxness. Hann gerði grín að þeim í hlutverki Bjarts í Sumarhúsum. Í stað þess að forða sér úr hlutverkinu hafa þeir sett sér það við hjartastað. Telja lofsvert að haga sér eins og Bjartur. Feta með þúfnagöngulagi í einstefnu út í einangrun og meint sjálfstæði, sem felur í sér þrældóm og dauða. Standa í lappirnir eins og það hét í þjóðaratkvæðinu. Rækta það, sem séríslenskt er, ríkisrekinn landbúnað og kvótagreifa. Leggja þreyttir og sælir til svefnis að kvöldi eftir ónýtt dagsverk. Séríslenskir Íslendingar eru góðra manna háð og spott.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Betri notaðir bílar



TOYOTA

Vetur, sumar, vor og haust

Komdu á Nýbýlaveg eða Kálettháls og skoðuðu frábært úrval af betri notuðum bílum fyrir **sumarið**

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota RAV4 GX
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 47.600 km
Verð: 3.590.000 kr. Raðnr. 996983*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Yaris 5 dyra Sol
1300 bensín 5 gíra MM
Á götuna: 05.08 Ekinn: 58.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Raðnr. 996954*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser 200, Navi
4500 dísil sjálfsk.
Á götuna: 01.08 Ekinn: 78.000 km
Verð: 12.500.000 kr. Raðnr. 996993*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Avensis S/D Sol
1800 bensín 5 gíra beinsk.
Á götuna: 05.07 Ekinn: 67.000 km
Verð: 2.380.000 kr. Raðnr. 996952*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser 120 VX
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 11.07 Ekinn: 73.000 km
Verð: 7.390.000 kr. Raðnr. 996650*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Corolla S/D Sol
1600 bensín 5 gíra MM
Á götuna: 12.07 Ekinn: 56.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Raðnr. 996940*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Auris Terra
1400 dísil 5 gíra
Á götuna: 05.08 Ekinn: 71.600 km
Verð: 2.120.000 kr. Raðnr. 996907*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Aygo
1000 bensín 5 gíra MM
Á götuna: 01.08 Ekinn: 67.000 km
Verð: 1.350.000 kr. Raðnr. 996848*

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



Toyota Avensis S/D Sol
1800 bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 116.000 km
Verð: 1.890.000 kr. Raðnr. 996666*

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



Toyota Corolla S/D Terra
1400 bensín 5 gíra
Á götuna: 06.07 Ekinn: 78.000 km
Verð: 1.770.000 kr. Raðnr. 996567*

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



Toyota Hilux 35" breyttur
2500 dísil 5 gíra
Á götuna: 08.05 Ekinn: 74.000 km
Verð: 3.290.000 kr. Raðnr. 997007*

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



Toyota Yaris Sol
1300 bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 74.800 km
Verð: 1.290.000 kr. Raðnr. 996021*

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



Toyota Yaris Sol
1300 bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 52.500 km
Verð: 1.850.000 kr. Raðnr. 995914*

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



Toyota Tundra
4700 bensín sjálfsk.
Á götuna: 01.07 Ekinn: 72.000 km
Verð: 4.790.000 kr. Raðnr. 996507*

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



Toyota Land Cruiser 120 GX
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 104.800 km
Verð: 5.190.000 kr. Raðnr. 150298*

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



Toyota RAV4
2000 bensín 5 gíra
Á götuna: 05.02 Ekinn: 138.700 km
Verð: 1.130.000 kr. Raðnr. 996536*

Hvað er Úrvalsbíll?
Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð.

Hvað er Gæðabíll?
Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð.

*Farðu á www.toyotakopavogi.is
og fáðu nánari upplýsingar um bílana
með því að skrá raðnúmer í leit.

BNB-sölugreining

Bílar ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhalds-sögu bílsins. Þeir sem standast kröfur lenda annaðhvort í floknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070

Toyota Kletthálsi
Kletthálsi 2
Sími: 570 5220

Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 og lau 12.00 - 16.00

toyotakopavogi.is bnb@toyota.is kletthals@toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota



KAPPI
VERÐ PR. MTR.

995,-

ELISABEC kappi, dúkur, löber, viskustykki, svunta og diskamotta

Mjög sæt páskalína, með einstaklega fallegu munstri. Efni: 65% polyester og 35% viscose. Kappi br. 40 sm. 995,- pr. mtr. Dúkur 85 x 85 sm. 1.495,- Löber 40 x 120 sm. 1.295,- Svunta 1.295,- Viskustykki 695,-



SÆNG FULLT
VERÐ: 39.950,-

24.950,-

SPARIÐ
15.000

TUSINDFRYÐ gæsadúnssæng
Þessi sæng er fyrir kónga, greifa, prinsessor og...já, þig! Það er hreint ævintýri að sofa undir þessari sæng. Fyllt með snjóhvítum gæsadúni. Áklæði er úr 100% bómullarsatín. Sængin er saumuð í 5 x 7 ferninga. Sængurtaska fylgir. Stærð: 135 x 200 sm.

20%
AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR
FRÁ: 3.995,-

3.195,-

Ferðatöskur

Fást í 3 stærðum. Lítil áður 3.995,- nú 3.195,- Miðstærð áður 4.995,- nú 3.995,- Stór 5.995,- nú 4.795,-

SVEFNPOKI

4.995,-



FRASER svefnpoki

Þægilegur og góður svefnpoki. Stærð: 225 x 55/80 sm. Þyngd: 1650 gr. Má þvo í vél við 30°C. Poki fylgir.

4 STK.

499,-



Páskakerti
Flött, eggлага kerti í bakka. 4 stk. saman.



ALLT SETTIÐ

595,-

Páskaföndur

Skrautegg til að mála á. Litir og pensill saman í pakka ásamt skrauteggjum.

SKART-GRIPASKRIN

2.995,-



Skartgripaskrin

Huggulegt skartgripaskrin með góðu plássi. Stærð: 15,5 x 15 x 24 sm.

1 STK.

99,-



RUSTIC kerti

Fánleg í mörgum fallegum litum. 1 stk. 99,- 4 stk. 299,-

MUFFINS KÖKUDISKUR


1.495,-



MUFFINS kökudiskur

Flottur 3ja hæða kökudiskur á frábæru verði! Tilvalinn í afmæli og aðrar veislur.

20%
AFSLÁTTUR




FULLT
VERÐ: 9.995,-

7.995,-

TRINE gestarúm

Góð lausn er gest ber að garði. 5 sm. þykk svampdýna. Leggst vel saman og tekur lítið pláss í geymslunni. Stærð: B80 x L193 sm.



SÆNGUR-VERASETT

2.995,-



BÓMULLARSATÍN

ANNIKA sængurverasett
Efni: 100% bómullarsatín. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

Páskaskraut

4 litlar körfur með ungum. Nokkur mismunandi sett fánleg.



4 UNGAR

399,-

AÐEINS ÓDÝRARI!

TILBOÐIN GILDA 16.04 - 17.04



Páskaservíettur
Mikið úrval af fallegum páskaservíettum. 20 stk. í pakka. Komdu og gerðu góð kaup!

20 STK. VERÐ FRÁ:
249,-



SÆNGURVERASETT
1.995,-

STRAUFRITT

BARBRO sænguverasett
Flott sængurverasett úr 100% bómullarkrepi. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm. Lokað að neðan með tölum.



STÓRT FIÐRILDI 1 STK.
399,-

Skrautfiðrildi
Flott skrautfiðrildi með klemmu. Fást í nokkrum fallegum litum og 2 stærðum. Stórt: 17 x 13 sm. 1 stk. í pakka **399,-** Minni: 10 x 9 sm. 3 stk. í pakka **595,-**



VINDSÆNG
12.950,-

VELOUR COMFORT vindsæng
Sniðug lausn fyrir þá sem þurfa að taka á móti gestum en hafa lítið pláss. Auðveldara getur þetta ekki verið! Innbyggð rafmagnspumpa. Taska fylgir. Stærð: B163 x L208 x H50 sm.



1 STK.
299,-

Kubbakerti
Falleg, gul kubbakerti. Fást í 3 litum. Hæð: 12 sm.



SKARTGRIPATRÉ
1.495,-

Skartgripatré
Flott tré fyrir skartgripina. Litur: Sílfur.



33% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 5.995,-
3.995,-

SECTION bókahilla
Flott, kirsuberjalituh bókahilla. Stærð: H175 x B60 sm.



STÆRD: 140 X 200 SM.
2.495,-

ALMA flisteppi
Töf flisteppi með fallegu og sígildu munstri. Stærð: 140 x 200 sm.



FULLT VERÐ: 9.995,-
7.995,-

TIMO skrifborðsstóll
Góður skrifborðsstóll með pumpu. Hægt að hafa í ruggandi eða læstri stöðu.



30% AFSLÁTTUR

6 PÖR FULLT VERÐ: 995,-
695,-

Herra- og dömusokkar
Góðir sokkar fyrir dömur og herra. 6 pör saman í pakka. Stærðir: 36-46.



1 STK.
595,-

Páskakerti
Flott páskakerti með hænum. Fást í nokkrum mismunandi gerðum.

Hef alltaf verið með góðu fólki

Mér finnst ég vera ótrúlega hamingjusöm, segir **Jenna Jensdóttir**, heiðursverðlaunahafi Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. Jenna vann sem kennari um áratugaskeið og er þjóðkunn fyrir barnabækur sínar. **Sigríður Björg Tómasdóttir** ræddi við Jennu um upp-vöxtinn í Dýrafirði, þörfina til að skrifa og áratuga starf við kennslu barna og unglunga á Akureyri og í Reykjavík.

Mér hefur alltaf gengið illa að taka á móti verðlaunum, þá fer ég að hugsa um það sem miður fer. En auðvitað hef ég glaðst, og ég gladdist yfir verðlaununum ykkar," segir Jenna Jensdóttir þegar hún tekur á móti blaðamanni Fréttablaðsins.

Jenna, sem er 92 ára gömul, skrifði fjölmargar bækur á löngum rithöfundarferli. Samhliða sinnti hún kennslustörfum og fyrir ævistarf sitt er hún heiðursverðlaunahafi Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í ár. Hún segist þakklát fyrir að vera enn ern.

„Ég er voðalega hamingjusöm að hafa vitundina, ef maður hefur vitundina þá er maður maður, þó að fæturnir séu farnir að bila," segir Jenna, sem lætur sig ekki muna um að hella upp á fyrirtaks kaffi fyrir gestkomandi.

Jenna er fædd á bænum Læk í Dýrafirði og þar segist hún hafa verið farin að segja sögur á unga aldri. „Mér er sagt að þegar ég var fimm ára hafi ég farið út í fjós með mér eldra fólki og alltaf verið að segja sögur. Þegar ég var sextán ára höfðu nokkrar þeirra birst í Unga Íslandi, það var vinur foreldra minna Gunnar M. Magnús sem tók þær suður fyrir mig," segir Jenna og rifjar upp eina sögu sem vinir hennar á handritadeild Þjóðar-bókhöfundunar færðu henni til lestrar fyrir skömmu. „Hún hét Ranglæti, og á ég að segja þér hvert það var? Þannig var að við systurnar vorum að þrifa litla torfbæinn heima, við vorum tólf ára, þá kemur bróðir minn sem var ári eldri og fékk að fara á skónum inn, og er ekki ávitaður. Hitt var það að það var byrjað að selja hesta til útlanda á þessum tíma og pabbi lætur tvo hesta. Það hafði óskapleg áhrif á mig og ég velti því fyrir mér í sögunni hvort fólk verði hamingjusamt að fá pening fyrir hest," segir Jenna og hlær þegar hún rifjar upp þessar hugleiðingar unglingsstúlku um ranglæti.

Amma hvatti mig til dáða

Spurð hvort hún hafi verið hvött til skrifa segir Jenna að amma hennar og alnafna hafi alltaf hvatt hana til dáða. „Amma mín sem ég elskaði mjög mikið hafði mikil áhrif á mig. Hún studdi mig óskaplega mikið til skrifa. Hún sagði mennt er máttur og sagði mér að ef ég kæmist í það ætti ég að fara út í heiminn. Og ég fór niður að sjónum og horfði á hafið og víðáttuna og hugsaði með mér að ég yrði að komast að því hvað væri að finna í heiminum. Amma tók í nefið og hún sagði eitt sinn við mig: Sjáðu ég get ekki hætt þessu og hún ráðlagði mér að láta aldrei neitt ráða svona yfir mér. Ég er ekki fanatísk á áfengi en ég hef varla bragðað það. Ég hef nefnilega alltaf hugsað um vitund mína," segir Jenna.

Þegar Jenna var sextán ára knúði sorgin dyra á heimili hennar þegar móðir hennar veiktist af krabbameini. „Þá var ekki lengur pláss fyrir okkur öll á heimilinu. Tvíbúrasystir mín, Áslaug, var farin að líta hýru auga til sonar óðalsbóndans á Núpi og hana langaði ekki að heiman, en ég fór bara." Fyrsti áfangastaður Jennu var Stykkishólmur. „Fyrst var ég vinnukona í Stykkishólmi og svo fór ég til Reykjavíkur. Ég átti ekki mikið en ég hef alltaf verið með góðu fólki. Ég var alltaf að skrifa, ég var alltaf að hugsa og ég var alltaf hamingjusöm. Ég hef alltaf vitað að andlega þjáning er meiri en líkamleg en reynt að vinna úr henni með því að finna það góða í veröldinni og gleðjast," segir Jenna.

Vann á daginn og las á nóttunni

Komin til Reykjavíkur kepptist Jenna við til að komast inn í Kennaraskólann. „Ég leigði mér herbergi en vann fyrir mér með þrifum. Og einmitt dagana sem prófið var þá var verið að gera hreint, svo ég vann allan daginn og las á nóttinni. Ég var neðst á prófinu, en ég komst inn. En svo hætti ég í Kennaraskólanum því maðurinn minn var einu ári á undan mér og hann



JENNA JENSÐÓTTIR. „Ég var alltaf að skrifa, ég var alltaf að hugsa og ég var alltaf hamingjusöm," segir Jenna Jensdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

fór til Akureyrar og stofnaði það sem kallað var smábarnaskóli fyrir fjögurra, fimm og sex ára börn. Ég fór með honum þó að ég ætti eitt ár eftir. Sjáðu hvað tímarnir hafa breyst, mér þótti svo sjálfsagt að fara með honum þó að ég væri búin að þræla fyrir þessu námi. En prófið tók ég mörgum árum seinna," segir Jenna sem vegna anna við kennslu kom sér upp ákveðnu vinnulagi við skriftir.

„Þegar við fluttum norður þá töluðum við um að ég heldi áfram að skrifa og fengi til þess tíma. En annirnir kalla og ég fór að kenna og í framhaldinu fór ég að skrifa milli fimm og hálfátta á morgnana, og nú bý ég að því. Ég fer alltaf á fætur um sex og skrifa. Ég er mjög léttsvæf og ef að liggur eitthvað í huga mér þá verð ég að leyfa því að koma út. Sérstaklega ef að ljóðin koma til mín," segir Jenna sem er þekktust fyrir barnabókaskrif sín.

Öddu-bækurnar eru hennar þekktustu verk en Jenna sem var skrifuð fyrir þeim ásamt manni sínum Hreiðari Stefánssyni. Hún segir þau þó alltaf hafa skrifað í sitthvoru lagi. „Ég skrifaði Öddu bækurnar fyrstar, handskrifaði þær og fjölritaði í 30 eintökum. Svo létum við krakkana í skólanum fá þetta til að lesa. Svo ákváðum við og það var með fullri vitund minni og gleði að setja á bækurnar þegar þær voru gefnar út bæði nöfnin. Við hugsuðum sem svo að skólinn yrði kynntari við það. En við skrifuðum alltaf út af fyrir okkur þó að nöfn okkar beggja væru á öllum bókum. Ég get nefnt til dæmis að bókina Sumar í sveit skrifaði maðurinn minn einn."

Andleg auðlegð nauðsynleg

Jenna og Hreiðar fluttu suður árið 1963. „Við fórum bæði að kenna í Langholtsskóla, þar var ég í 21 ár. Ég kunnist best við mig hjá fjórtán, fimmtán og sextán ára börnum en ég kenndi á öllum stigum. Mér féll þessi aldur best því að þessi börn eru að vakna til þess að verða fullorðin. Ég verð að nefna að ég var stundum óánægð með hvað þjóðfélagið lagði á börnin. Mér fannst svo mikið fara fyrir því að eignast veraldleg auðævi, börnin biðu hnekki við það. Ég fann líka hið góða í



Ég var stundum óánægð með hvað þjóðfélagið lagði á börnin. Mér fannst svo mikið fara fyrir því að eignast veraldleg auðævi, börnin biðu hnekki við það.

Sígildar Öddubækur



Öddu-bækurnar eru vinsælustu bækur Jennu og þær hafa margsinni verið endurútfærnar síðan þær komu fyrst út árið 1946. Í þeim segir frá Öddu sem er munaðarlaus en er tekin í fóstur af góðu fólki í fyrstu bókinni. Bækurnar eru sjö talsins og í þeim fylgjumst við með Öddu eldast og þroskast en á þeirri leið lendir hún í ýmsum ævintýrum og uppákomum. Árið 2009 hóf Bókafélagið Ugla endurútgáfu bókana og eru nú þrjár fyrstu komnar út, Adda, Adda og litli bróðir og Adda lærir að synda. Bækurnar eru gefnar út í upprunalegri mynd með teikningum Halldórs Péturssonar. Að sögn Jakobs F. Ásgeirssonar útgefanda hefur bókunum verið vel tekið af nýjum lesendum. „Þær standa alveg fyrir sínu þessar bækur enda umfjöllunarefnið sígilt," segir Jakob.

manneskjunum og hef aldrei hitt foreldri sem ekki vildi barninu sínu það besta, en fólk réði ekki við þjóðfélagið. Það er ríkt í okkur Íslendingum það sama og er ríkt í litla bróður þegar hann sér stóra bróður, ég veit að þú skilur hvað ég á við," segir Jenna og brosir. Andleg verðmæti skipta hana meirnu en veraldleg og þau telur hún gagnast börnum best. „Að alast upp á heimili þar sem er andleg auðlegð, ég held að það sé nauðsynlegast öllu."

Sjálft á Jenna tvo syni, Stefán og Ástráð. „Þeir sögðu synir mínir að þeir vissu ekki hvornig þeir ólust upp. Maður ávitaði þá ekki en reyndi að kenna þeim. Það er óskaplega kært á milli okkar, þeir bjóða mér góða nótt á hverjum degi og vaka yfir mér. Ekki bara þeir heldur barnabörnin og barnabarnabörnin. Ástráður á fimm börn og Stefán þrjú. Þetta er allt svo nálægt mér og gott við mig. Þegar við tölum saman þá tölum við um mannlífið og

þjóðlífið. Mér finnst ég vera ótrúlega hamingjusöm. Amma mín sagði við mig; Sofnaðu sáttað kvöld og þegar þú vaknar hugsaðu þá: Til hvers hlakka ég í dag? Mér hefur tekist að gera þetta. Ég hef ekki orðið reið þó að þjáningu hafi borið að höndum heldur hugsað að við verðum að gleðjast yfir því sem hægt er," segir Jenna sem segir rétt-sýni, kærleika og heilindi það mikilvægasta í lífinu. „Ég man að ég skrökvaði einu sinni að ömmu minni, hún varð hrygg og sagði að þegar maður hefði skrökvað einu sinni þá væri hætt á því að maður gerði það aftur. „Og það á eftir að valda þér svo miklum vandræðum en ef þú segir sannleikann þá veldur hann þér ekki vandræðum því hann rekur sig sjálfur," sagði hún við mig," rifjar Jenna upp. Og bætir við að markmið allra hljóti að verða vandaður maður. „Ef maður er vandaður maður á jörðinni þá er það það besta," segir Jenna að lokum.

Gildir um helgina!

Gólfefna sprengja

Sprengi
tilboð!

15% afsláttur

af parketi, flísum og hurðum!

30-60% afsláttur

Rýmingarafsláttur af völdum
gólfefnum í BYKO Breidd.

**Ný og betri gólfefnadeild
í BYKO Breidd!**



NÝ OG BETRI GÓLFEFNADEILD Í BREIDD - NÝ OG BETRI GÓLFEFNADEILD Í BREIDD - NÝ OG BETRI GÓLFEFNADEILD Í BREIDD - NÝ OG BETRI GÓLFEFNADEILD Í BREIDD - NÝ OG BETRI GÓLFEFNADEILD Í BREIDD

**Flísaprúttmarkaður
í BYKO Kaupúni í dag!**

Komdu og prúttaðu, við tökum vel á móti þér!





Á LEIÐ TIL FUNDAR VIÐ ÞJÓÐINA Rannsóknarnefnd Alþingis gekk ákveðnum skrefum frá þinghúsinu í Iðnó þar sem hún, á fundi með blaðamönnum, opinberaði skýrslu sína um aðdraganda og orsakir falls bankanna. Nefndina skipuðu Páll Hreinsson, Tryggvi Gunnarsson og Sigríður Benediktstóttir. Tveir starfsmenn Alþingis urðu þeim samferða. Skýrslan er mikil að vöxtum; síðurnar 2.000 í níu bindum vega tíu kíló. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýtt upphaf eða bara orð?

Ár er liðið frá útkomu **skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis**. Margir biðu skýrslunnar með eftirvæntingu enda stóðu vonir til að hún myndi varpa ljósi á sannleikann um hrunið og marka upphaf nýs Íslands. Ekki voru til fordæmi af innlendum vettvangi um verkefnið enda atburðirnir sem fjallað var um algjörlega einstakir. **Björn Þór Sigbjörnsson** þælir í áhrifum skýrslunnar þykku.

Sólin skein í Reykjavík að morgni mánu dagsins 12. apríl 2010 þegar rannsóknarnefnd Alþingis kom úr Skeifunni, þar sem hún hafðist við í lúinni skrifstofubyggingu í rúmt ár, til fundar við samfélagið.

Spennan í loftinu fannst vel. Fátt hafði spurst um innihald skýrslunnar og fólk vissi ekki almennilega á hverju það mætti eiga von. Það eitt var víst að nefndin myndi bera sannleikann á borð líkt og Alþingi hafði falið henni að gera. Spurningin var hver þessi sannleikur væri.

Eftir stutta athöfn í Alþingishúsinu hélt nefndin fund með blaðamönnum í Iðnó. Líklega hafa ekki fleiri blaðamenn verið saman komnir á einum fundi á Íslandi, nema kannski á aðalfundi Blaðamannafélagsins.

Kaflaskil

Skýrslunni var almennt mjög vel tekið. Eftir var til umræða um hana í þinginu, fáum klukkustundum eftir útkomu og þar sparaði fólk ekki stóru orðin.

„Birting skýrslunnar boðar kaflaskil,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. „Hún er þungur áfellingdómur yfir stjórnkerfi, stjórnmalum, eftirlitsaðilum og fjármálastofnunum en um leið áskorun um heiðarlegt uppgjör, breyttar leikreglur í stjórnmalum og nýja og skýrari starfshætti í stjórnkerfinu.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lagði áherslu á að þingmenn hefðu sig upp úr skotgrófum stjórnmalanna og ynnu saman að því að draga sameiginlegan lærdóm af efni

skýrslunnar, nýttu niðurstöðurnar á uppbyggilegan hátt með það að markmiði að endurreisa samfélagið og tryggðu að hrunið endurtæki sig ekki.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði skýrsluna ekki hafna yfir gagnrýni en ekki ætti að einblína á það heldur nýta tækifærið og læra af reynslunni.

Sársaukafullt uppgjör

Birgitta Jónsdóttir Hreyfingunnar reri á önnur mið: „Þær upplýsingar sem koma fram í dag eru áfellingdómur fyrir þingið og stjórnsýslu landsins. Tengslin á milli viðskiptalífs og þingheims eru svo þéttfotin að skömm er að. Það kemur því miður fram í skýrslunni að enginn vill axla ábyrgð, fólk bendir hvert á annað og virðist fyrirmunnað að sjá þátt sinn í hrunadansinum sem hefur leitt mikla og óbærilega ógæfu yfir þjóðina. Það hlýtur að vera þeim fjölmörgu þingmönnum sem sjá nöfn sín samofin skýrslunni hvatning til að axla ábyrgð.“

Eftir að hafa þakkað rannsóknarnefndinni og síðfræðihópi hennar fyrir vel unnin störf sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra þetta: „Nú hefst annar kaflinn og hann er ekki síður mikilvægur, að vinna úr þessum miklu gögnum og gera allt það sem gera þarf og gera verður til að uppgjörið verði heiðarlegt, málefnalegt, yfirvegað – en þó eins vægðarlaust og sársaukafullt og það því miður sýnist þurfa að verða til að standa undir nafni.“

Allir benda á aðra

En hver er niðurstaðan? Hver er sannleikurinn? Nefndin dregur

margt fram. Margt klikkaði á árunum fyrir hrun. Það má eiginlega segja að allt hafi verið í rúst áður en bankarnir hrundu.

Á næstu síðu er hlaupið yfir nokkrar af helstu niðurstöðum nefndarinnar. Það var náttúrlega ekki eitthvað eitt sem felldi bankaana heldur samverkandi þættir. Og eins og Einar Már Guðmundsson rithöfundur rifjar upp er staðfest í skýrslunni að stjórnmalamennirnir bentu á bankamennina og bankamennirnir á stjórnmalamennina. Þannig er það enn. Fáir hafa gengist við ábyrgð. Hins vegar er ljóst að einhverjir munu þurfa að svara til saka fyrir gjörðir sínar í aðdraganda hrunsins. Sérstakur saksóknari er með þau mál á sinni könnu.

Og þó

Einn er þó sá maður sem hefur gengist við ábyrgð á sínum þætti hrunsins.

Björgólfur Thor Björgólfs-son fagnaði útkomu skýrslunnar, gekkst við því sem hann nefndi augljós mistök sín og baðst afsökunar. „Ég undirritaður, Björgólfur Thor Björgólfs-son, bið alla Íslendinga afsökunar á mínum þætti í eigna- og skuldabólunni sem leiddi til hruns íslenska bankakerfisins. Ég bið ykkur afsökunar á andvarleysi gagnvart þeim hættumerkjum sem hrönnuðust upp. Ég biðst afsökunar á að hafa ekki auðnast að fylgja hugboði mínu þegar ég þó kom auga á hættuna. Ég bið ykkur afsökunar,“ skrifaði Björgólfur tveimur dögum eftir útkomu skýrslunnar.

Um leið gerði hann þó fyrirvara við ýmislegt sem kemur fram í henni og nú, ári síðar, er hann byrjaður að leiðrétta það sem

hann segir augljósar villur, rangar ályktanir og hreinan uppspuna.

Engin áhrif til góðs

Líkt og viðskiptin tekur Björgólfur skýrsluna föstum tókum. „Ég, eins og flestir aðrir, batt vonir við að skýrslan myndi marka nýtt upphaf og veita þjóðinni nauðsynlega viðspyrnu... Því miður hefur mér ekki orðið að ósk minni. Skýrslan hefur enn engin áhrif haft til góðs á íslenskt samfélag,“ skrifar hann og kveðst mjög ósáttur við vinnubrögð rannsóknarnefndarinnar. Þótt hans sé víða getið hafi hann ekki verið kallaður fyrir nefndina.

Hyggst hann hrekja margt í skýrslunni á vef sínum btb.is á næstunni.

Annar ósáttur er Davíð Oddsson. Hann varð ber að vanrækslu í starfi sínu í Seðlabankanum, að mati nefndarinnar, en sjálfur vísar hann því á bug. Sendi hann nefndinni langa greinargerð sér til varnar og hrekur í henni flestar staðhæfingar nefndarinnar. Hér verður ekki gerð tilraun til að sannreyna hvor aðilinn hafi rétt fyrir sér, Davíð eða rannsóknarnefndin, en á það má benda að settur ríkissaksóknari í málum er varða bankahrunið komst að þeirri niðurstöðu snemmsumars í fyrra að ekki væri tilefni til að efna til sakamálarannsóknar á hendur Davíð, starfsbræðrum hans tveimur í Seðlabankanum og forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

Landsdómur

Í framhaldi af útkomu skýrslunnar setti Alþingi á fót nefnd til að fjalla um hana og móta tillögur að viðbrögðum þingsins við niðurstöðunum.

Atli Gíslason valdist til for-

mennsku og var nefndin jafnan nefnd Atla-nefndin. Hún lauk störfum í september og niðurstöðurnar komu mörgum á óvart. Meirihluti nefndarinnar lagði til að fjórir ráðherrar yrðu dregnir fyrir landsdóm.

Landsdómur hefur verið til samkvæmt lögum í meira en hundrað ár en aldrei hafði komið til þess að máli væri vísað til hans.

Alþingi greiddi atkvæði um tillögur um landsdóms-ákærur í lok september og samþykkti að ákæra bæri Geir H. Haarde. Tillögur um ákærur á hendur Ingibjörgu Sólrunu Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og Björgvin G. Sigurðsson voru felldar.

Atli Gíslason sagði nýverið í viðtali við Fréttablaðið að landsdóms- hlið nefndarstarfsins hafi farið út í pólitísk hrossakaup. „Það voru undirmál í gangi, eitthvað sem ég hef aldrei náð utan um. Ég vann málið mjög faglega, eingöngu lögfræðilega, og spurði mig oft hvort ég væri í pólitískri vegferð en gat alltaf svarað því neitandi,“ sagði hann. Upplýsti Atli jafnframt að hann hefði hugsað aðra leið en ákærur fyrir landsdóm. „Að samþykkja vitar á þinginu með þingsályktun var ein leiðin.“ Sjálfstæðismennirnir í nefndinni hafi hins vegar ekki viljað leggja dóm á vanrækslusyndir ráðherranna fyrrverandi og leiðin því lokast.

Áfellingdómur

Atla-nefndin lagði ekki einasta til ákærur á hendur fyrrverandi ráðherrum heldur næstum fjögur hundruð blaðsíða skýrslu og ítvaxna þingsályktunartillögur. Hún

FRAMHALD Á SÍÐU 28



AGA GAS ER ÖRUGGT VAL HEIMA OG Í FRÍINU

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fái góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú nýtir þér heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða þegar þú heimsækir söluaðila AGA. Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

ÍSAGA ehf. • www.gas.is
Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 5773000

Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:
ÍSAGA: Breiðhöfða 11 og Eyrartröð 8, Hafnarfirði - Verslanir BYKO

Umboðsmenn ÍSAGA ehf á landsbyggðinni:

Selfoss: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. Vestmannaeyjar: Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar, s. 481 3226. Sauðárkrúkur: Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. Reyðarfjörður: Landflutningar-Samskip, s. 458 8840. Ísafjörður: Þróstur Marsellíusson hf, s. 456 3349. Akureyri: Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515.

FRAMHALD AF SÍÐU 26

var samþykkt og hefur Alþingi því ályktað að a) skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé vitnisburður um þróun íslensks efnahagslífs og samfélags undangenginna ára og telur mikilvægt að skýrslan verði höfð að leiðarljósi í framtíðinni.

b) að brýnt sé að starfshættir

þingsins verði teknir til endurskoðunar. Mikilvægt sé að Alþingi verji og styrki sjálfstæði sitt og grundvallarhlutverk.

c) að taka verði gagnrýni á íslenska stjórnmalmenningu alvarlega og leggur áherslu á að af henni verði dreginn lærdómur.

d) að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfellingdómur yfir stjórnvöldum, stjórnmalamönnum

og stjórnvöldum, verklagi og skorti á formfestu.

e) að stjórnendur og helstu eigendur fjármálfyrirtækja á Íslandi beri mesta ábyrgð á bankahruninu.

f) að eftirlitsstofnanir hafi brugðist.

g) að mikilvægt sé að allir horfi gagnrýnum augum á eigin verk og nýti tækifærið sem skýrslan gefur til að bæta samfélagið.

Annar áfellingdómur

Ljóst er af því sem kemur fram hér að neðan að stjórnvöld hafa brugðist við skýrslu rannsóknarnefndarinnar og ábendingum Atlaneftirinnar með margvíslegum hætti. Fjöldi frumvarpa hefur verið lagður fram, skýrslur skrifaðar og reglur hertar. Mat Vilhjálmis Arnasonar, sem fór yfir síðferðis- hópi rannsóknarnefndarinnar, þess

efnis að ekki gæti breyttra starfshátta eða umræðusiða í stjórnmalunum eru hins vegar áhyggjuefni og í raun nýr áfellingdómur yfir stjórnmalamönnum. Þeir, sem á degi eitt lögðu svo ríka áherslu á að skýrslan markaði nýtt upphaf og boðuðu samvinnu og nýja síði, hafa, þegar upp er staðið haldið í gömlu vinnubrögðin sem með öðru kölluðu yfir okkur hrún bankanna.



■ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Þingmannanefndin lagði til umbótatillögur í átta liðum. Nokkrar hafa þegar komið til framkvæmda, ýmist með breytingum á lögum eða reglugerðum. Lögum um fjármálfyrirtæki var til dæmis breytt í samræmi við tillögur finnska sérfræðingsins Kaarlo Jenneri. Á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins er unnið að framtíðarstefnumörkun á fjármálamarkaði og er stefnt að því að ráðherra leggi bráðlega fram skýrslu um verkefnið. Fyrir þinginu liggur frumvarp til laga um starfsemi verðbréfasjóða og um Tryggingarsjóð innstæðueigenda. Þá má nefna að stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur samþykkt reglur um kaupaukakerfi fjármálfyrirtækja sem birtar verða á næstunni og settar hafa verið strangar reglur um fyrirgreiðslur fjármálfyrirtækis til eigenda og lykilstarfsfólks.



■ EFTIRLITSSTOFNANIR

Umbótatillögur vegna eftirlitsstofnana voru í fimmtán liðum og snúa einkum að Fjármálaeftirlitinu en einnig að Seðlabankanum. Lögum um Fjármálaeftirlitið hefur ekki verið breytt en margir innri verkferlar hafa breyst og áherslur skerpast í samræmi við liðna atburði og framkomnar ábendingar. Þá vinnur erlendur sérfræðingur að stjórnvöldum á eftirlitsferlum stofnunarinnar og unnið er að reglum um störf innri endurskoðenda. Aukin formfesta er í samskiptum Fjármálaeftirlitsins við aðrar stofnanir, kerfi sem sýnir tengsl aðila á markaði, einstaklinga og fyrirtækja, hefur verið keypt og leiðbeinandi tilmæli um lausafjárstýringu fjármálfyrirtækja hafa verið gefin út. Alþingi hefur stórukið fjárfraðslu til eftirlitsins til að gera því betur kleift að sinna verkefnum sínum.



■ STJÓRNSÝSLA

Ábendingar um umbótatillögur í stjórnvöldum eru í tíu liðum. Sex þeirra er mætt beint með frumvarpi til breytinga á lögum um Stjórnarráðið sem forsætisráðherra lagði nýverið fram. Því er meðal annars ætlað að hindra að einstakir ráðherrar gangi inn á valdsvið og ábyrgðarsvið annarra ráðherra, setja reglur um pólitíska starfsmenn ráðherra, skerpa á verkaskiptingu stofnana ríkisins og nýskipan við skráningu fundargerða ríkisstjórnar. Út af stendur meðal annars að skýra hvaða stofnun hafi það hlutverk að hafa heildarfyrirsýn yfir kerfisáhrættu og fjármálaeigendur stöðugleika og bera ábyrgð á að samræma viðbrögð og stofnun samráðsvettvangs fjármálaráðuneytis, Alþingis, stofnana ríkisins, sveitarfélaga og Seðlabankans um efnahagsmál.



■ SÍÐFERÐI/SAMFÉLAG

Af þeim tíu tillögum sem þingmannanefndin lagði til á sviði síðferðis og samfélags eru nokkrar komnar til framkvæmda eða eru í farvegi. Sumt kann að vera erfitt viðureignar og persónubundið, eins og til dæmis sú tillaga að stjórnmalamenn hagi orðum og athöfnum ætíð út frá trúnaðarskyldum sínum við land og þjóð og hafi hagsmuni almennings ávallt að leiðarljósi. Þá er hvatningu um að því að vera borgari fylgi ekki einungis réttindi heldur einnig skyldur beint til allrar þjóðarinnar og verður varla lög- eða reglufest. Á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins hafa þættir er bent var á verið færðir inn í skólanámsskrár og væntanlegt er frumvarp um háskóla sem meðal annars kveður á um síðareglur um réttindi og skyldur starfsmanna og akademískt frelsi fræðimanna.



■ ALÞINGI

Ýmislegt af því sem þingmannanefndin lagði til og snýr að Alþingi hefur þegar verið framkvæmt eða er í ferli. Má þar nefna síðareglur þingmanna, styrkingu eftirlitshlutverks þingsins og lög um rannsóknarnefndir. Sumt er svo í annarra höndum eins og til dæmis áhending um að sett verði ákvæði í stjórnarskrá um hlutverk Alþingis.

Lag var til að ráðist yrði í nokkrar úttektir og rannsóknir. Þau mál eru misjafnlega á vegi stöð. Eygló Harðardóttir Framsóknarflokki mælti fyrir tillögu um rannsókn á orsökum falls sparísjóða og lífeyrissjóðirnir hafa sett í gang óháða úttekt á sjálfum sér undir forystu Hrafns Bragasonar, fyrrverandi hæstaréttardómara. Þá hefur þingið samþykkt að rannsaka málefni Íbúðalánasjóðs.

Stöðst hún væntingar?

Í aðdraganda útgáfu skýrslunnar spurði Fréttablaðið hvaða væntingar fólk gerði til skýrslunnar. Nú er sama fólk spurt hvort skýrslan hafi staðist væntingar þess.

Framhaldið veldur vonbrigðum

„Nei, hún stöðst ekki væntingar mínar því stjórnvöld hafa, að íslenski hefði, stungið henni undir stól“, segir Davíð Scheving Thorsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri. Fyrir ári kvaðst hann vonast til að skýrslan fletti ofan af „ormagryfju fjármálakerfisins“. Gerði hún það? „Já að töluverðum hluta en framhaldið veldur mér miklum vonbrigðum.“

Úrvinnslan ekki nægilega góð

„Rannsóknarskýrslan var gríðarlega vel unnin og veitti okkur færi á endurskoðun á uppbyggingu samfélagsins“, segir Elin Björg Jónsdóttir, formaður BSRB. „En því miður hefur úrvinnslan

ekki verið nægilega góð og við höfum ekki nýtt það verkfæri sem skýrslan er til fulls. Hún er hins vegar enn til staðar og getur nýst okkur í að byggja upp réttlátara samfélag. Við verðum þá líka að nota hana.“

Hún er heiðarleg

„Svarið er bæði já og nei og að nokkru leyti er ekki hægt að segja til um það þar sem það er ekki enn komið í ljós, ferlið er lengra en svo“, segir Einar Már Guðmundsson rithöfundur. „Engin ný grundvallartíðindi komu fram en hún er heiðarleg og að einhverju leyti hreinsaði hún andrúmsloftið. Hún staðfesti ýmislegt sem við töldum okkur vita eins og til dæmis að stjórnmalamennirnir visuðu á bankamennina og bankamennirnir á stjórnmalamennina, og svo er í henni almennur sannleikur, svipaður og boðorðin tíu. En hún felur ekki í sér greiningu á kerfinu og svarar ekki spurningunni um hvort mennir bjuggu til kerfið eða kerfið mennina.“

Ekki að sjá að umræðusiðir hafi batnað

Vilhjálmur Arnason, formaður vinnuhóps um síðferði

Ég hef ekki gert neina skipulega athugun á því hvort farið hafi verið eftir tilmælum vinnuhóps um síðferði og starfshætti um breytingar, en ég hef orðið var við viðleitni í þá veru jafnt í fjármálaágeiranum, vísindasamfélaginu og í stjórnkerfinu. Á öllum þessum sviðum hefur til dæmis verið unnið að gerð síðareglna og eftir til samræðu sem því fylgir, þótt sú vinna hafi ef til vill ekki enn leitt til mikilla sýnilegra breytinga. Þá ber að geta þess að þingmannanefndin, sem mótaði tillögur að viðbrögðum þingsins við niðurstöðum skýrslu rannsóknarnefndar



Alþingis, tók undir nær allar ábendingar vinnuhóps um síðferði og starfshætti. Tillögur nefndarinnar

voru samþykktar einróma á Alþingi en þær féllu því miður algjörlega í skuggann af tillögu sömu nefndar um ákærur fyrir Landsdómi. Ekki er að sjá að starfshættir eða umræðusiðir stjórnmalanna hafi tekið breytingum til batnaðar á því ári sem liðið er frá útkomu skýrslunnar. Hafa verður í huga að umbætur á síðferði og starfsháttum krefjast breytinga á hugsunarhætti, menningu og gildismati sem taka yfirleitt langan tíma og það er í rauninni alltof snemma að meta núna til hvaða umbóta skýrslan mun leiða í íslensku samfélagi.“

HVAD KLIKKADI?

- Bankarnir stækkuðu of hratt og hraðar en innviðir þeirra þoldu.
- Stjórnvöld gripu ekki til aðgerða til að stemma stigu við ofvexti bankakerfisins.
- Stærstu eigendur stóru bankanna fengu óeðlilega greiðan aðgang að lánsfé hjá sínum banka. Baugur og tengd félög hjá Glitni, Exista Kaupþingi og Björgólfur

Thor hjá Landsbankanum.

- Mörkin milli hagsmuna bankanna og hagsmuna stærstu hluthafa þeirra voru óskýr þegar þrengja fór að bönkunum.
- Eiginfjárlutaföll bankanna endurspegluðu ekki raunverulegan styrk þeirra.
- Rýmkaðar starfshættir fjárfraðslunnar urðu til að auka verulega áhættu í rekstri þeirra.

Stefna stjórnvalda kynti undir ójafnvægi í efnahagskerfinu.

- Fjármálaeftirlitið var ekki eftt og stóð sig ekki.
- Stefna Seðlabankans var ekki nægjanlega aðhaldsöm.
- Stjórnvöld lækkuðu skatta á þenslutíma.
- Breytingar á útlánareglum Íbúðalánasjóðs voru þensluhvetjandi.

- Seðlabankinn veitti bönkunum umfangsmikil veðlán gegn tryggingum í verðbréfum bankanna þótt hann vissi af veikleikum þeirri.
- Samskipti Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar voru óeðlileg.
- Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í málefnum bankanna voru ómarkvissar.
- Mikið skorti á að unnið

hefði verið að viðbúnaðarmálum ríkisins á skipulegan og vandaðan hátt.

- Formfestu skorti í stjórnvöldum.
- Endurskoðendur sinntu ekki skyldum sínum nægilega vel.
- Ráðherrarnir Geir H. Haarde, Árni M. Mathiesen og Björgvin G. Sigurðsson sýndu af sér vanrækslu í embætti með því að láta

hjá líða að bregðast á viðeigandi hátt við hinni yfirvofandi hættu fyrir íslenskt efnahagslíf sem leiddi af versnandi stöðu bankanna.

- Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, og seðlabankastjórnari Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson sýndu af sér vanrækslu í tilteknum störfum sínum við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi og eftirlit með henni.



Nýtt!

NINTENDO 3DS

Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU Í HEIMI LEIKJATÖLVA

Komdu og sjáðu þetta undrataeki með eigin augum!

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Sjá nánar á www.ormsson.is

VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Nú mánaða vaxtalaugar raðgreiðslur í boði!

Upplifðu að spila tölvuleiki í **PRÍVÍDD** án þess að nota gleraugu. Hægt að tengjast þráðlaust á Internetið, spila þráðlaust við aðrar Nintendo DS leikjatölvur, taka ljósmyndir í 3 vidd og margt, margt fleira.

Verð: 49.900 kr.

Vortilboð

GLÆSILEGT VEISLUBORÐ FYRIR PÁSKAHÁTÍÐINA!

**FULL BÚÐ
AF FRÁBÆRUM
TILBOÐUM!**
Líttu við og láttu
fara vel um þig.

139.990

FULLT VERÐ: 239.990

169.990

FULLT VERÐ: 259.990

**SKENKUR
100.000
AFSLÁTTUR**

SKOVBY skenkur, eik/sápa.
B:180 D:46,5 H:81 cm.

SKOVBY borðstofuborð, eik/hvitt.
B:100 L:183/275 H:74 cm.

**30%
AFSLÁTTUR**



**25%
AFSLÁTTUR**

89.990
FULLT VERÐ: 119.980

LA Z BOY
LAWRENCE La-z-boy, fæst með ljósbrúnu og dökkbrúnu áklæði. B:92 D:95 H:106 cm.



**30%
AFSLÁTTUR**

109.990
FULLT VERÐ: 159.980

LA Z BOY
STANLEY La-z-boy, fæst með hvítu, svörtu, dökkbrúnu og vínrauðu leðri. B:80 D:85 H:105 cm.



**25%
AFSLÁTTUR**

89.980
FULLT VERÐ: 119.980

LA Z BOY
PINNACLE La-z-boy, fæst með natur, rauðu og brúnu áklæði. B:84 D:80 H:101 cm.



**25%
AFSLÁTTUR**

79.990
FULLT VERÐ: 109.990

LA Z BOY
AMITY La-z-boy, fæst með brúnu, natur og rauðu áklæði. B:80 D:80 H:102 cm.



**30%
AFSLÁTTUR**

79.990
FULLT VERÐ: 119.990

LA Z BOY
MORGAN La-z-boy, fæst með brúnu, grænu og vínrauðu áklæði. B:90 D:90 H:100 cm.



**20%
AFSLÁTTUR**

63.990
FULLT VERÐ: 79.990

LA Z BOY
ANDERSON La-z-boy, fæst með brúnu áklæði. B:80 D:80 H:102 cm.

Fáðu þér iPad



Verð frá 79.990.-

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt

Ókeypis námskeið á laugardögum
milli kl 13.00-15.00
www.epli.is/namskeid
Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú getur þú kíkt á námskeið í Apple búðinni, Laugavegi 182 og lært eitthvað nýtt.

2 fyrir páskana



iPad 2 Smart Cover

Passar fullkomlega saman við iPad 2. Festist með seglum, vekur iPad frá svefni þegar það er opnað og hægt að brjóta saman til að gera að stand. (Selt sérstaklega.)

epli.is

Laugavegi 182, sími 512 1300
Opíð 10-18 virka daga og 12-16 lau. | www.epli.is



TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM Í þessum flokki var Pollapönk tilnefnt, Listasmiðjan Litróf í Fella- og Hólakirkju, sem hlaut verðlaunin, og Íþróttafélagið Styrmir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gleðidagur í Þjóðmenningarhúsi

Árleg **Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins** voru veitt á fimmtudag. Forseti Íslands afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu þar sem tilnefndir og aðrir gestir fylltu salinn. Að athöfn lokinni var boðið upp á veitingar þar sem tilefni gafst til að spjalla og óska hvert öðru til hamingju.



HVUNNDAGSHETJUR Í flokknum Hvunndagshetjur voru tilnefnd Ásmundur Þór Kristmundsson fyrir björgunarfrek í Krossá, Júlíana Signý Gunnarsdóttir, sem færir heimilislausum jólagjafir ár hvert, og Stefán Helgi Stefánsson, sem stendur að Elligleði ásamt Margréti Sesselju Magnúsdóttur sem einnig er á myndinni.



SAMFÉLAGSVERÐLAUN Samtök kvenna af erlendum uppruna voru tilnefnd til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins, barnaheimilið í Reykjadal, sem hlaut verðlaunin, og Sorpa vegna Góða hirðisins.



FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR Tvenn hjón voru tilnefnd í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar, þau Andrés Guðmundsson og Lára B. Helgadóttir, sem standa að Skólahreysti, og Pétur Eggerz og Alda Arnardóttir, aðstandur Möguleikhússins. Jón Stefánsson hlaut verðlaunin í þessum flokki.



DÓMNEFNDARKONUR Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarráttgjafi Fréttablaðsins, Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, og séra Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur í Garðasókn, skipuðu dómnefnd um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins ásamt Felix Bergssyni leikara og Elliða Vignissyni, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum.



HEIÐURSVERÐLAUNAHAFINN Margir vildu eiga spjall við heiðursverðlaunahafann Jennu Jensdóttur, rithöfund og kennara. Hér er hún á tali við Ólaf P. Stephensen, ritstjóra Fréttablaðsins, og Ara Edwald, forstjóra 365 miðla.



MARGT UM MANNINN Gamli lestrarsalurinn í Þjóðarbókhöðunni var falleg umgjörð utan um Samfélagsverðlaunahátíð Fréttablaðsins.



STJARNFRÆÐILEGAR UPPHÆÐIR

Sexfaldur Lottópottur stefnir í 60 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
[facebook.com/lotto.is](https://www.facebook.com/lotto.is)

Íslandsperrarnir leynast víða

Rebekka Bryndís Björnsdóttir, fagottleikari hinnar vinsælu hljómsveitar Hjaltalín, er nýkomin heim til Íslands eftir stærsta hljómleikaferðalag sveitarinnar til þessa. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við hana um stóran aðdáendahóp í Þýskalandi, spurninga- og viðtalsþætti sem hún framleiddi sem barn og þá meðvituðu ákvörðun að taka enga ákvörðun um framtíðina.

Við höfum farið í þónokkur tónleikaferðalög áður en aldrei svona langt og strangt. Þetta voru 28 tónleikar á einum mánuði. Við byrjuðum í Bretlandi og fórum þaðan yfir á meginland Evrópu, spiluðum í Hollandi, Belgíu, Frakklandi, Þýskalandi, Spáni, Ítalíu, Tékklandi, Sviss og Austurríki, og þetta var dálítið strembið en ofboðslega gaman. Líklega hefðum við aldrei getað þetta án nightliner-svefnrútnunnar sem við fengum á meginlandinu. Þá var bara keyrt á næturnar og á hverjum degi vöknudum við í nýrri borg, sem var yndislegt," segir Rebekka Bryndís Björnsdóttir, fagottleikari Hjaltalín, einnar vinsælustu hljómsveitar landsins sem er nýkomin til Íslands eftir veglegt vorferðalag um Evrópu.

Hún segir viðtökurnar almennt hafa verið afar góðar, en þó sýnu bestar í París, Milánó og Prag. „Svo eigum við einhverra hluta vegna stóran og góðan aðdáendahóp í Þýskalandi. Reyndar sjáum við líka á Facebook- og Myspace-síðum Hjaltalín að aðdáendur okkar koma alls staðar að. Það er mjög gaman að sjá að fólk frá Ástralíu, Mexíkó og Perú hefur mikinn áhuga á að fá okkur til sín til að halda tónleika. Við vitum ekki hvernig tónlistin okkar nær svona mikilli dreifingu, en líklega er svarið einfalt: að fólk deili því sem því finnst gott. Kannski er eitthvað af þessu fólk að leita að einhverju aðeins öðruvísi en Lady Gaga. Svo hafa líka margir óþrjótandi áhuga á Íslandi og finnst íslensk tónlist almennt alveg frábær. Svona Íslandsperrar. Þeir leynast víða," segir Rebekka og hlær.

Uppreisn gegn fjölskylduhefð

Hjaltalín var stofnuð af fjórum nemendum Menntaskólans við Hamrahlíð haustið 2004. Rebekka gekk til liðs við sveitina tveimur árum síðar, 2006, en hún er borin og barnfæddur Keflvík-ingur og eyddi mjög stórum hluta æsku sinnar í að læra á hljóðfæri. Fyrst um sinn einbeitti hún sér að píanóleik, svo sellói, og þegar henni fór að leiðast píanóið tók hún þá ákvörðun að fagottið væri hennar hljóðfæri.

„Í og með var þetta uppreisn gegn fjölskylduhefðinni, því þar ræður brassið ríkjum. Bæði mamma mín og afi eru trompetleikarar og bróðir minn spilar á franskt horn, svo ég þurfti auðvitað að velja tréblásturs-hljóðfæri til að vera öðruvísi. Mamma er líka aðstoðarskólafari við tónlistarskóla Reykjanesbæjar og þegar ég var lítil sá hún um lúðrasveitina, djass-sveitina og ýmislegt fleira. Ég fór því mjög oft í ferðalög með þessum sveitum og þegar ég hafði lært á fagottið gat ég loksins spilað með þeim og orðið að einhverju liði. Svo kom í ljós að það vantaði bassaleikara í djass-sveitina svo ég lærði á hann líka og var þá að spila á allt í senn bassa, fagott og selló á tímabili," segir Rebekka, en hún lék um hríð á bassa í keflvísku rokksveitinni Streng sem innihélt meðal annarra stofnmeðlimi hljómsveitarinnar vinsælu Valdimars, sem einnig nýtur mikilla vinsælda nú um stundir. Að sögn Rebekku þykir henni afar vænt um sveitina Streng og segir stefnuna setta á örliðla endurkomu hennar þegar einn meðlimanna snýr aftur heim úr námi í vor. „Kannski höldum við eina tónleika á Paddy's í Keflavík," segir hún.

Vildi ekki verða tónlistarmaður

Merkilegt nokk var Rebekka harð-ákveðin í því að verða ekki tónlistarmaður þegar hún yxi úr grasi, þrátt fyrir þann mikla tíma sem fór í æfingar og spilamennsku. Hún minnst þess hversu gáttaður fagott-kennarinn hennar varð þegar hún tjáði honum á menntaskólaárum að hún stefndi einungis að því að vera áhugamaður í faginu, þegar flestir aðrir nemendur ólu í brjósti sér drauma um að verða atvinnumenn og einleikarar.

„Þetta fannst honum alveg ótrúlegt. En ég hef ætlað mér að verða svo margt



ÞETTA VENJULEGA Rebekka ólst upp í Keflavík en býr nú í Þingholtunum ásamt unnusta sínum. Hún segir Hjaltalín vera að færast í eilíft dekkri og dimmari áttir í sínum tónsmíðum en umfjöllunarefni textanna séu þó svipuð: vangaveltur um ástina og lífið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

á lífsleiðinni," segir Rebekka aðspurð. „Ég hef til dæmis lengi haft áhuga á kvikmyndagerð og var mikið að búa til alls kyns þætti þegar ég var ung. Ég gerði meðal annars spurningaþætti og um þrettán ára aldurinn bjuggu ég og frænka mín til nokkra stutta þætti þar sem við gerðum grín að viðtalsþættinum Maður er nefndur, sem við kölluðum Maður er skemmdur. Ég var spyrillinn og frænka mín, sem þá var bara tólf ára, vann leiksigur sem illa mál-aður „kynvillingur“," segir Rebekka og skellir upp úr. „Þessir þættir eru ennþá til heima hjá mömmu og pabba og væri örugglega þess virði að draga fram einhvern daginn.“

Hún segist vel geta hugsað sér að starfa við kvikmyndagerð í framtíðinni og hefur þegar fengið smjörþefinn af bransanum, en hún starfaði sem annar aðstoðarleikstjóri við gerð þáttaradanna Pressu 2 og Hlemmavídeós. Þá sinnti Rebekka starfi verkefnastjóra við kynningu á Degi tónlistarskólanna sem haldinn var hátíðlegur í tuttugasta sinn í febrúar síðastliðnum. Hún kenndi einnig um hríð við tónlistarskóla Reykjanesbæjar og segir almennt starf tónlistarskólanna í landinu standa sér afar nærri.

Spurð um deilurnar sem spruttu upp fyrir skemmstu, varðandi fyrirhugaðan niðurskurð á framlögum til tónlistarkennslu í Reykjavík, segist Rebekka varla hafa það í sér að ræða það mál, svo mikið hafi henni blöskrað áformin. „Þetta er í einu orði sagt glatað. Auðvitað skil ég að einhvers staðar þurfi að skera niður, en eins og hefur sýnt sig trekk í trekk er íslensk tónlist afar mikils virði í svo mörgum skilningi. Það er skrytið að ætla að gera fólk erfíðara fyrir að sækja tónlistarnám.“

En um sinn er það því tónlistin sem á hug Rebekku allan, en varðandi helstu framtíðaráform segist hún í raun hafa tekið þá meðvituðu ákvörðun að taka ekki ákvörðun.

„Einhvern tíma kemur kannski að því að ég verð að taka einhvers konar ákvörðun um það hvað ég ætla að verða þegar ég verð orðin stór. Ég verð ekki tuttugu og eitthvað alla ævi," segir hún og glottir. „En sá tími er ekki kominn enn.“

Þakklát fyrir uppeldið

Foreldrar Rebekku eru sjöunda dags adventistar og ólst hún því upp innan



Foreldrar mínir vildu ekki troða neinu upp á mig þegar ég var ung. Ég tók þá ákvörðun að skírast ekki inn í adventistakirkjuna og það var ekkert mál af þeirra hálfu.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fullkomið lýðræði

Meðlimir Hjaltalín eru sjö talsins, sem gerir sveitina að einni þeirri fjölmennustu í hendlendum poppbransa. Rebekka segir fullkomið lýðræði ríkja inn-anborðs, sem lýsi sér meðal annars í því að ekkert hafi slest upp á vinskapi á nýliðnu hljómleika-

ferðalagi, en meðlimirnir séu þó afar ólíkir hver öðrum. „Við erum með allan skalann. Það er slaka megachill-týpan, skipulags með allt á hreinu-gæinn og allt þar á milli. Ég veit ekki hvaða týpa ég er. Það er erfitt að meta sjálfan sig," segir Rebekka.

aðventistakirkjunnar svokölluðu, þótt sjálf kalli hún sig ekki sjöunda dags aðventista. Spurð um daglegt líf innan safnaðarins segir Rebekka það að mestu leyti snúast um það hvernig meðlimirnir lifi lífi sínu, komi fram við annað fólk og þar fram eftir götunum.

„Foreldrar mínir vildu ekki troða neinu upp á mig þegar ég var ung. Ég tók þá ákvörðun að skírast ekki inn í adventistakirkjuna og það var ekkert mál af þeirra hálfu. Fólk innan safnaðarins er auðvitað mis-strangtrúað. Mikið er lagt upp úr næringarfræði og því að hugsa vel um líkamann. Sjálf er ég nýbyrjuð að smakka skelfisk, því ég ólst upp við að borða hann ekki, og panta mér ekki rétti með svínakjöti á veitingastöðum. En ef við komum á tónleikastað og einungis eru í boði svínaréttir, þá borða ég þá. Það er mjög margt í lífsreglum sjöunda dags

aðventista sem ég er þakklát fyrir að hafa alist upp við, þótt ég fylgi því ekki bókstaflega. Ég held að það sé alls ekki galið lífsemi sem fylgir því að vera í söfnuðinum," segir Rebekka.

Dekkri og þyngri Hjaltalín

Í aðdraganda nýliðins tónleikaferðalags skelltu Hjaltalín-liðar sér í hljóð-verið Sundlaugina í Mosfellsbæ, þar sem sveitin vann að nýju efni. Sveitin hefur hug á að eyða meiri tíma í stúdíói í sumar við uppþöktur á lögum sem verða á þriðju plötu Hjaltalín, sem kemur til með að fylgja eftir hinni margrómuðu Terminal frá árinu 2009. Aðspurð segir Rebekka ekki enn ljóst hvenær nýja platan lifur dagsins ljós.

„Nýju lögin sem við prufukeyrðum á hljómleikaferðalaginu eru dálítið dekkri og þyngri en áður, sem ég flla mjög vel. Það má því segja að við séum að stefna í örliðið aðra átt í tónsmíðum og stemningu, en umfjöllunarefni textanna verða líklega svipuð. Vangaveltur um lífið og ástina. Þetta venjulega," segir Rebekka að lokum.



At the heart of the image

Með COOLPIX S2500 tekur þú skemmtilegri myndir

Nett og meðfærileg myndavél með 12.2 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 4x aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og hún fæst í 4 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

Verð 19.995.-



Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.



I AM YOUR BEST DEAL



NIKON D3100 Frábær fyrir alla

Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" LCD skjá. Allir geta tekið betri myndir með D3100

Verð 129.995.-

www.nikon.is

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholti 50b, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholt 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kaupþún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

KAUPAUKI!

Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið og Golla taska að verðmæti kr 17.995.-



SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnavetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

Sjaldan veldur einn...

Páskarnir eru tími vors, blóma, hamingju og **málshátta**. Í tilefni komandi hátíða fékk *Fréttablaðið* nokkra nafntogaða einstaklinga til að velja heppilega og viðeigandi málshætti í páskaegg þeirra sem þeir hafa deilt við að undanförunu, og öfugt.

■ EINAR BÁRÐARSON OG AUÐUNN BLÖNDAL



Einar Bárðarson, útvarpsstjóri Kanans, varð ósáttur þegar hann var gestur í þætti Auða og Sveppa á Stöð 2 nýverið. Fannst Einari sem grín æringjanna á sinn kostnað vegna holdafars hefði farið úr böndunum. Undir það tók Auði, sem baðst innilega afsökunar á öllu saman.

Málsháttur Auðuns fyrir Einar:
Þegar mávarnir fylgja fiskibátum þegar þú veigir þess að þeir telja að er það vegna þess að þú sjóinn. sardinunum verði hent í sjóinn. (Eric Cantona)



Málsháttur Einars fyrir Auðun:
Morgunstund gefur gull í mund.

■ PÁLL MAGNÚSSON OG ARI EDWALD



Málsháttur Ara fyrir Pál:
Allir brosa á sama tungumáli.

Útvarpsstjóri RÚV og forstjóri 365 miðla deildu í fjölmiðlum þegar síðarnefnda fyrir-tækið tryggði sér sýningarréttinn á HM í handbolta sem fram fór í janúar. Æstust leikar þegar Páll bauðst til að kaupa sýningar-réttinn af 365 nokkrum dögum fyrir keppni, en á það tilboð sagði Ari fremur líta sem framhald af áramótaskaupinu en nokkuð sem taka ætti alvarlega.



Málsháttur Páls fyrir Ara:
Sannleikurinn er sagna bestur.

Páskatilboð á kaffivélum



Magimix kaffivélar á frábæru páskatilboði, á meðan birgðir endast

Njótið páskana með rjúkandi kaffi, cappuccino eða caffè latte á innan við mínútu heima í eldhúsi. Magimix kaffivélar nota einungis Nespresso kaffi af bestu gerð.

Hefðbundin kaffivél	verð frá kr. 31.965
Kaffivél með bollahitara	verð frá kr. 39.900
Kaffivél með flóunarkönnu	verð frá kr. 47.551

magimix

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

■ REYNIR TRAUSTASON OG SVEINN ANDRI SVEINSSON



Málsháttur Reynis fyrir Svein Andra:
Ungur nemur, gamall temur.

Reynir Traustason, ritstjóri DV, og hæstaréttarlögmaðurinn Sveinn Andri Sveinsson rifust eins og hundur og köttur á Facebook síðasta haust eftir að sá síðarnefndi gagnrýndi leiðara sem birtist í DV. Reynir kallaði Svein Andra meðal annars endaparm íslenskrar lögmenntu og brást lögmaðurinn við með því að stinga upp á að Reynir og Agnes Bragadóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, færu saman á blaðamannanámskeið.



Málsháttur Sveins Andra fyrir Reyni:
Öfund, illmælggi og rógur eru leiðinda vinnuhjú.

■ TOBBA MARINÓS OG HAUKUR S. MAGNÚSSON



Málsháttur Hauks fyrir Tobbu:
Sælla er að gefa en þiggja.

Í grein eftir Ragnar Egilsson í tímaritinu Reykjavík Grapevine, sem ritstýrt er af Hauki S. Magnússyni, var farið hörðum orðum um fjölmiðlakonuna Þorbjörgu Marinósdóttur og fleiri nafngreinda einstaklinga og þeir meðal annars sagðir tilgangslausar frægðarhóru. Þorbjörg var ósátt við skrifin og sagði þau særandi og niðrandi.



Málsháttur Tobbu fyrir Hauk:
Vænt er að stíga í vitið en verra í dritið.

■ ÁSGEIR BÖRKUR ÁSGEIRSSON OG TRYGGVI GUÐMUNDSSON



Málsháttur Tryggva fyrir Ásgeir:
Beta er að standa á eigin fótum en annarra.

Ásgeir Börkur Ásgeirsson, leikmaður Fylkis, var býsna harðorður í garð Eyjapeyjans Tryggva Guðmundssonar eftir viðskipti þeirra í leik í efstu deild síðastliðið sumar. Ásgeir Börkur fékk rauða spjaldið í leiknum, en seinna gula spjaldið fékk hann fyrir leikaraskap þar sem Tryggvi kom við sögu. „Tryggvi Guðmundsson er bara fiffl, það er bara þannig!“, sagði Ásgeir Börkur í viðtali við heimasiðu Fylkis og bætti svo við: „Hann er bara með dómarann í vasanum allan leikinn og fær að segja það sem hann vill, svo brýt ég varla af mér og fæ tvö gul spjöld... bara fáránlegt.“



Málsháttur Ásgeirs fyrir Tryggva:
Illt er að ginna gamlan ref.

ÚTIVIST

Í HLÝJUM FATNAÐI UM

PÁSKANA!



www.intersport.is

Takmarkað úrval í Smáralind



16.990
(fullt verð 19.990)



SALOMON VEGA GORE-TEX
Gönguskór með vatnsheldri GORE-TEX öndunarfilmu. Dömu- og herrastærðir.



PRO TOUCH IMPACT 77 LIGHT
Stíllanlegir léttir göngustafir.

7.990
(fullt verð 9.990)

9.990
(fullt verð 15.990)



MCKINLEY HERRIER/FLOCCUS JACKET

Útivistarjakkí með 5.000 mm vatnsheldni og góðri öndun. Dömustærðir: Svartur, rauður. Herrastærðir: Svartur.



MCKINLEY RAND FLEECE MR

Fílspesya. Barnastærðir.

3.990



MCKINLEY RANDY BEANIE

Húfa. Barnastærðir.

1.690

4.990
(fullt verð 6.990)



MCKINLEY BASIC LAYER ONE

Nærfatasett, síðermabolur og síðar nærbuxur. Dömu- og herrastærðir.



MCKINLEY ACTION PANTS JR

Vind- og regnheldar útivistarboxur með endurskíni. Styrkingar á hnjúm, rassi og neðan á skálmum. Stærðir: 110-160.

4.690
(fullt verð 6.490)



TOUCH 9 TIMMY/TORA SOLID JACKET JR

Softshell-jakkí með léttu fílspóðri. Hettu má taka af. Stærðir: 90-150.

6.490
(fullt verð 7.990)

INTERSPORT

AKUREYRI Sími 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA Sími 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 LINDUM Sími 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSI Sími 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 SMÁRALIND Sími 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18



Skemmtilegir skreppitúrar

Páskarnir eru handan við hornið og þeim fylgja langir og ljúfir fridagar. Þeir sem ekki hyggja á langferð fá hér nokkrar hugmyndir að skemmtilegum dagsferðum sem hefjast á höfuðborgarsvæðinu.

1. FJÖLMENNING Í FELLUNUM

Kannaðu nýtt hverfi

Breiðholtið er heimur sem er mörgum ókunnur og fyrir þann hóp er tilvalið að halda í könnunarleiðangur í Fellahverfið. Þar er margt að sjá fyrir áhugafólk um borgarmenningu, lengsta fjölbýlishús landsins, við Iðufell, Gyðufell og Fannarfell og þau fjölmennustu í Æsu- og Asparfelli. Í Gerðubergi eru ætíð listasýningar og sunnudagar eru barnadagar í útbúi Borgarbókabókasafnsins þar. Fella- og Hólakirkja er leynd perla og útsýnið þaðan er óvænt.

2. HELLAFERÐ Í HEIÐMÖRK

Ekki gleyma vasaljósinu

Mariuhellar eru vestast í Heiðmörk, skammt frá Vífilstaðavatni. Inngangurinn lætur ekki mikið yfir sér en ævintýraheimur blasir við þegar niður er komið. Ferðin niður er hin mesta upplifun fyrir unga sem aldna, en ráðlegt er að vera með hjálm og vissulega vasaljós.

3. KEFLAVÍK ER ENGRI LÍK

Ólsen Ólsen er ekki bara nafn á spili

Ýmsir skemmtilegir möguleikar eru í stöðunni þegar skipuleggja á dagsferð til Keflavíkur. Poppminjar heilla nörd, sundlaugin fjölskyldufólk og Ólsen Ólsen skorar hátt á lista skyndibitaunnenda. Þá svíkur bíltúr um miðbæinn engan.

4. FLOTTASTA SUNDLAUG LANDSINS

Nostalgískur bíltúr fyrir fullorðna

Ein flottasta sundlaug landsins er sundlaugin í Laugaskarði í Hveragerði, byggð á fjórða áratugnum, hönnuð af húsameistara ríkisins. Eftir sundsprett í henni er hægt að rölta sem leið liggur að Listasafni Árnesinga og skoða meðal annars ljósmyndir úr forum Hvergerðinga. Svo má rúnta og fá sér ís bæjarins, Kjörís.

5. ÞAÐ ER FALLEGT Á STOKKSEYRARBAKKA

Nýtt sjónarhorn á Suðurland

Gömul hús og gott kaffi eru tveir hlutir sem finna má á Eyrarbakka. Þar er líka falleg fjara sem er skemmtileg til göngutúra. Fjallasýnin í Flóanum er svo ægífögur þegar ekið er sem leið liggur í austurátt. Stokkseyri er skemmtilegur viðkomustaður, einkum fyrir humarsvanga og svo má auðvitað líta við á Selfossi áður en lagt er af stað heim.



6. EKKI BRATT, BARA MISMUNANDI FLATT

Esjan er 914 m á hæð yfir sjávarmáli

Göngutúr upp í hlíðar Esju er fæstum ofraun og útsýnið yfir höfuðborgina svíkur engan, því hærra, því betra. Á þessum árstíma er hins vegar ekki hægt að stóla á að viðri til fjallaferða og því hægt að hafa Úlfarsfell í Mosfellssveit sem varaplan í fjallagöngu páskanna.



7. FISK Á DISK

Rennt fyrir fiski í Reynisvatni

Stangveiði er fyrirtaks fjölskyldusport og tilvalið að leyfa litlum krökkum að stíga sín fyrstu skref í veiði í vötnum, til dæmis Reynisvatni. Ef áhuginn dvínar má alltaf fara í göngutúr og skoða náttúru í næsta nágrenni borgarinnar.



8. KRÆKLINGAFERÐ Í FJÖRU

Eldað úti í náttúrunni.

Kræklingur eru gæðafæða sem hægt er að tína víða um landið, til að mynda í Hvalfirði. Í kræklingaferð er nauðsynlegt að muna eftir potti og prímusi svo hægt sé að sjóða nýttindan kræklinginn strax. Eftir fjöruferð í Hvalfirði er tilvalið að kíkja í Kjósina og ná úr sér hrollinum á Kaffi Kjós sem opnar um páskana eftir vetrarlokun.

9. UPP UNDIR EIRÍKS-JÖKLI

Reykholt og Húsafell

Páskabíltúr í Húsafell getur hafist með heimsókn á söguslóðir Snorra Sturlusonar í Reykholti. Eftir nestisstopp við Barnafossa í Hvítá liggur leiðin í Húsafell. Í fallegu umhverfi er margt að skoða. Sundlaugin í Húsafelli er opin um páskana fyrir þá sem kjósa afslöppun frekar en hreyfingu.

■ SÓL OG SNJÓR

Veðrið hefur ekki beinlínis leikið við landsmenn undanfarið en þá er að vona að það viti á gott fyrir páskaveðrið. Ýmislegt er um að vera um páskana eins og venja er. Óhætt er að mæla með þessu.

■ Aldrei fór ég suður á Ísafirði

Hin einstaka tónlistarhátíð á Ísafirði fer fram um páska-helgina eins og undanfarin ár.

■ Páskafjör í Fjarðabyggð

Skíðasvæðið í Oddskarði er með því betra á landinu og Austfirðingar lofa snjó um páskana og skemmtilegri dagskrá í bæjarfélögunum.

■ Alltaf gaman á Akureyri

Skráning er hafin í Páskaskíðaskóla barnanna á Akureyri því Norðlendingar treysta á sól og snjó þó að komið sé fram yfir miðjan apríl. Ýmislegt fleira er við að vera fyrir norðan um páskana og örugglega margir sem fara þangað í ár sem endranær.



ROKK OG RÓL Aldrei fór ég suður stendur alltaf fyrir sínu.



lægra
vöruverð

500
FERMETRA
GÆLUDYRA-
VERSLUN
gaeludyr.is

gaeludyr.is

einfaldlega ódýrari



TVÖFÖLD DEILDASÝNING HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

16. - 17. APRÍL Í VERSLUN GÆLUDYR.IS Á KORPUTORGI

 Frí dýralæknaráðgjöf báða dagana kl 12.30 -14.30

 Handverksmarkaður

 Ljósmyndastúdíó

ARION

HAPPY DOG

nature's
best

TRAINER
Dog & Cat Wellness

PURINA
PROPLAN
PROTECTS WHILE IT NOURISHES

Hill's

AG
ARDEN GRANGE

Pedigree

15%

afsláttur af fóðri

15%
afsláttur
af sjampói

PET
HEAD
Only for Cool Dogs!

www.gaeludyr.is

Opió virka daga 11-18:30 · Laugardaga 10-18 · Sunnudaga 12-18 · Sími 568 6688

Korputorgi

Staðið við stóru orðin?

Þá er loksins komið að því. Tveggja mánaða rimma allra bestu körfuboltamanna heims hefst í dag, þegar boltarnir taka að rúlla í úrslitakeppni NBA-deildarinnar. *Stigur Helgason* hleypur á hundavaði yfir leiktíðina sem leið.

Lengi framan af – raunar alveg fram undir það síðasta – virtist sem liðin leiktíð í deild hinna bestu yrði fyrst og fremst væmin dæmisaga um sigur liðsheildarinnar. Tvö frábærlega mönnum lið, Boston Celtics og San Antonio Spurs, stungu af hvort á sinni ströndinni, lið sem þó hvorugt reyndist síðar fá einn einasta leikmann kjörinn í byrjunarlið stjörnuleiksins. Svo kom naggur frá Chicago, Derrick Rose að nafni, og eyðilagði þessa fallettu sögu.

Stóru orðin

Leiktíðinni var reyndar hálfpartinn þjófstartað þremur mánuðum fyrir fyrsta leik þegar augu heimsins beindust að sirkus LeBron James, sem setti á svið heljarinnar sýningu og tilkynnti loks – efnislega – að nú hygðist besti leikmaður heims ganga til liðs við þann næstbesta undir merkjum Miami Heat. Ekki nóg með að fyrir væri á fleti Dwyane Wade, óhagganlegur fastamaður í liðum ársins, heldur fengu þeir líka til sín aðra stjörnu, Chris Bosh, sem fór fyrir misjöfnu liði Toronto Raptors í áraradír við mikla eftirtekt.

Það var því ekki að undra að miklar vonir væru bundnar við Miami-liðið. Aldrei fyrr höfðu þrjú stírnir af þessari stærðargráðu sameinast undir einum hatti á hátíndi ferilsins. Og ekki vantaði heldur yfirlýsingarnar. Þeir ætluðu sér titil. Hetjurnar vældu reyndar undan sjálfskapadri pressunni þegar á leið og sökuðu heiminn um að vilja sér illt. Gamla brýnið Charles Barkley svaraði þeim svona: „Dwyane, þú veist að ég elska þig – en það er öllum sama um Miami Heat. Þeir einu sem hata Miami Heat eru aðdáendur Cleveland Cavaliers.“

LeBron-lausir Kavaljarar sátu enda eftir með sárt ennið og hröpuðu niður töfluna milli ára; umturnuðust í einni hendingu úr einu besta liði deildarinnar í eitt það alslakasta. Það segir sína sögu um leikmanninn sem þeir misstu. Og þótt hér og þar örlaði á þórðar-



BESTUR? LeBron James hefur verið í eldflunni með Miami Heat síðan síðasta sumar. Tim Duncan, Tony Parker og félagar í San Antonio tróna hins vegar á toppi vesturdeildarinnar eftir frábæra leiktíð. Bæði lið hljóta að gera tilkall til meistaratitilsins, en hindranirnar sem þarf fyrst að ryðja úr vegi eru margar og fáar þeirra auðveldar. NORDICPHOTOS/AFP

gleði yfir því að Miami hafi ekki gjörsigrað í hverjum einasta leik verður ekki horft fram hjá því að árangurinn er býsna góður. Liðið hafnaði í öðru sæti í austurdeildinni, fyrir ofan Boston. Það þarf varla nokkur að væla yfir því.

Grænu risarnir og meiðslin

Boston-menn, sem byrjuðu tímabilið svo firnaveil og virtust á köflum ósigrandi, létu undan síga eftir áramót og höfnuðu að lokum í þriðja sæti austurdeildarinnar. Líklega hefur skortur á miðherjum haft þar sitt að segja. Það leit ekki illa út á pappírnum að geta valið á milli hinna tröllvöxnu Shaquille O'Neill og Kendrick Perkins, en þar sem báðir eru krónískir meiðslapésar mæddi í upphafi óþyrmilega á Shaq, þangað til hann meiddist – auðvitað. Þá sneri Perkins aftur, en var af einhverj-

um furðulegum ástæðum skipt rakið til Oklahoma City Thunder fyrir framherjann Jeff Green, minni spámann og skiptimynt.

Ætla mætti að þetta gæti komið í bakið á Boston-liðinu þegar það mætir rækilega betrubættu liði New York Knicks í fyrstu umferð úrslitakeppinnar... en þó ekki. Knicks hafa nefnilega valdið töluverðum vonbrigðum í vetur. Þeir nældu í fyrsta stórstírnið þegar þeir fengu kraftframerjann Amar'e Stoudemire frá Phoenix Suns í fyrrasumar og bættu um betur í febrúar þegar þeir keyptu Carmelo Anthony dýru verði (einkum í leikmönnum talið) og fengu reynsluboltann Chauncey Billups með í kaupbæti til að stýra leiknum. Þrátt fyrir stjörnuafansinn slefuðu strákarnir úr Stóra eplinu ekki nema í sjötta sæti austurdeildarinnar og unnu aðeins rétt

ríflega helming leikja sinna. Samt áttu þeir tvo af fimm stigahæstu leikmönnum deildarinnar – eins og Miami.

Þrír turnar í vestri

Í vestrinu hafa þrír turnar gnæft yfir önnur lið nánast alla leiktíðina. Sá fyrsti heitir San Antonio Spurs og kom nokkuð á óvart með ótrúlegri byrjun í haust sem svo lauk í raun aldrei. Hinir leikreyndu Tim Duncan, Tony Parker og Manu Ginobili slökktu strax í öllum vangaveltum um að menn þyrftu að vera nýskriðnir úr háskóla til að geta eitthvað í körfubolta – og vinna jafnvel heila deild. Það hefði þó ekki tekist nema með dyggu liðsinni óvenjubreiðs hóps af frambærilegum leikmönnum að hífa liðið upp úr sjöunda sæti vesturdeildarinnar í fyrri, upp á toppinn í ár.

Dallas Mavericks átti líka fljúgandi start, með Dirk Nowitzki og Jason Kidd sem fyrr í broddi fylkingar, og endaði í þriðja sætinu á vesturströndinni. Viðureign þeirra við Portland Trail Blazers í fyrstu umferð úrslitanna gæti orðið með þeim allra bestu, enda hefur Portland sýnt æði lipra tilburði, jafnvel þótt einn þeirra besta maður, Brandon Roy, hafi að mestu verið frá vegna meiðsla.

Meistarar síðasta árs, Los Angeles Lakers, voru lengur í gang en við var búist en eftir afar dapra frammistöðu í aðdraganda stjörnuleiksins í febrúar settu þeir í fimmta gír og unnu sautján leiki á móti einum. Þeir gáfu reyndar eftir í blálökin en þessi miklu sprettur skilaði Kobe Bryant og félögum öðru sætinu í vesturdeildinni. Enginn ætti að þurfa að furða sig á því ef þeir kafsiga

■ SNILLINGARNIR SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM – ÞESSIR HAFNA SKARAÐ FRAM ÚR Í ÁR

Aðalfundur

Sjálfsbjörg félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu heldur aðalfund þriðjudaginn 19.apríl kl. 19.00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál

Þeir einir hafa kosningarétt sem hafa greitt félagsgjaldið fyrir árið 2010.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

Stjórnin



Af hverju get ég ekki orðið bestur?

Derrick Rose, 22 ára, Chicago Bulls



Fátt virðist geta komið í veg fyrir það að Derrick Rose verði síðar í mánuðinum valinn verðmætasti leikmaður NBA-deildarinnar þetta árið.

Þar með verður hann yngsti leikmaður sögunnar til að hljóta þá nafnbót, og jafnframt sá fyrsti sem fékk ekki einasta atkvæði í kjörinu árið áður.

Rose var þrátt fyrir þessar staðreyndir kokhraustur í haust: „Af hverju ætti ég ekki að geta verið valinn verðmætastur?“ spurði hann í viðtali. Og svo stóð hann bara við stóru orðin – sísvona.

Rose var drifkrafturinn í efsta liði deildarinnar í allan vetur og sá til þess að Bulls drægjust ekki aftur úr þegar hinir máttarstólparnir, Joachim Noah og Carlos Boozer, meiddust. Rose skoraði 25 stig að meðaltali í leik, gaf 7,7 stoðsendingar og tók 4,1 frákast.

Hinn nýi bjargvættur N

Blake Griffin, 22 ára, Los Angeles Clippers

Þá eru allir að tapa sér yfir hæfileikum Blakes Griffin. Sumir kalla hann mikilvægasta leikmann sem litið hefur dagsins ljós í NBA-deildinni í árafjöld, svo mjög muni hann trekkja að áhorfendur. Griffin hefur stökkkraft á við meðalpúmu, leikur sér að því að troða á andlitið á hvaða varnartrólli sem er og gefur glæsilegar stoðsendingar þess á milli. Og hann er á sínu fyrsta tímabili í deildinni.

Það er öllum ljóst að Blake Griffin er löngu búinn að rústa keppnina um nýliða ársins. Hann hefur skorað 22,4 stig í leik, tekið 12,1 frákast og gefið 3,7 stoðsendingar. Slík tölfræði er fáheyrd hjá nýliðum í seinni tíð. Og líklega hefur aldrei verið eins gaman að halda með Clippers.

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

apríl 2011

Fryðsemistákn og vorboðar

Príréttuð eggjamáltíð.

SÍÐA 4.



Lambahrygg- vöðvi í hnetuhjúp

- Af hverju lagði mikla gufu yfir Árbæjarhverfið í vikunni?

1. Ícesave-samninginn
2. Ólafur Ragnar Grímsson
3. Japan
4. Í Þýskalandi
5. Jóhanna Sigurðardóttir
6. Tækniskólinn
7. Barack Obama
8. Jón Gnarr
9. Vegna óvæðis sem
10. Vegna þess að það





CINTAMANI BANKASTRÆTI 7
101 REYKJAVÍK, S. 533 3390

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

CINTAMANI KRINGLUNNI
103 REYKJAVÍK, S. 533 3003



CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

KRÓNAN



Nýtt kortatímabil



ÓDÝRT

698 kr. kg

Grísabógur, hringskorinn



20% afsláttur

958 kr. kg

Verð áður 1198 kr. kg
Grísahryggur m/pöru



35% afsláttur

1689 kr. kg

Verð áður 2598 kr. kg
Grísalundir

GLÆSILEGUR VEISLUMATUR!



50% afsláttur

849 kr. kg

Verð áður 1698 kr. kg
Grísahnakki, úrb.



ÓDÝRT

698 kr. kg

Grísahnakki með beini



FRÁBÆRT VERÐ

989 kr. kg

Krónu hamborgarhryggur



1998 kr. kg

Krónu kjúklingabringur, ferskar



1998 kr. kg

Krónu kjúklingabringur, ferskar



2,6 kg

2498 kr. stk.


Dönsk herragarðsönd, 2,6 kg



Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

EXPO - www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndbreytingar



30% afsláttur



2799 kr. kg

Verð áður 3998 kr. kg
Ungnauta Rib Eye, erlent

50% afsláttur



1749 kr. kg

Verð áður 3498 kr. kg
Ungnauta innralæri, erlent

ÓFROSID



1298 kr. kg

Lambalæri



449 kr. pk.

H&G veislusalat, 100 g



229 kr. kg

Cantalópe melóna



50% afsláttur

229 kr. pk.

Verð áður 459 kr
Jarðarber í öskju, 250 g



169 kr. stk.

A. Mable muffins, 3 teg.



1 kg

1599 kr. stk.

Mackintosh, 1 kg



98 kr. pk.

Maryland kex, 4 teg.



2 lítrar

179 kr. stk.

Hátíðarappelsín, 2 l



5 lítrar

999 kr. stk.

Krónuís, súkkulaði eða vanilla, 5 l



8 lítrar Coca-Cola og eitt Freyju Rís egg nr. 4

1198 kr. pk.

8 lítrar Coca-Cola og eitt Freyju Rís egg nr. 4



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. ríki í Mið-Ameríku, 6. í röð, 8. verkur, 9. fóstra, 11. guð, 12. strengja-hljóðfæri, 14. skammt, 16. bardagi, 17. knæpa, 18. orlof, 20. persónuform-nafn, 21. baktal.

LÓÐRÉTT

1. vag, 3. innan, 4. trjátegund, 5. keyra, 7. klína, 10. sigað, 13. í viðbót, 15. rötartauga, 16. kraftur, 19. klaki.

LAUSN

tága, 16. afl, 19. ís.
5. aka, 7. klisstra, 10. at, 13. auk, 15.

LÓÐRÉTT: 1. kjag, 3. út, 4. bartei, ká, 18. frí, 20. ég, 21. last.
LÁRÉTT: 2. kúba, 6. jk, 8. tak, 9. ala, 11. ra, 12. gítar, 14. stut, 16. at, 17.

FÁÐU ÞÉR PÁSKAEGG FRÁ FREYJU ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GLÆSILEGA VINNINGA

SKAFMÍÐI INNI Í EGGJUNUM!

VINNINGARNIR
42" PANASONIC SÓNVARP
PANASONIC LUMIX G10 MYNDAVÉL
FULLT AF BIÓMÍÐUM FYRIR 2 Á RÍO

Panasonic Sjónvarpsmiðstöðin
FINNDU SKAFMÍÐANN ÞINN Í FREYJU PÁSKAEGGIUM OG FÁÐU SVÖ
Á FREYJUHEIMURIS Á PÁSKADAG. DREGIÐ VERÐUR 28. APRÍL 2011

Nánari upplýsingar á vitasport.is

Gönguferð um grísku eyjuna Korfu

28. maí–7. júní

265.000 kr.*

og 15.000 Vildarpunktur

M.v. 2 í tvíbýli

Innifalið: Flug, skattar, gisting, matur á göngudögum, íslensk fararstjórn og innlendir leiðsögumaður.

* Verð án Vildarpunkta: 275.000 kr.

Korfu er hálfmáanalöguð eyja skammt undan ströndum Epirus og skilur Korfusundið hana frá meginlandinu. Norðurhluti eyjarinnar er víðfeðmur og fjallendur en að sunnan er hún hæðótt og mun mjórri. Einkennandi gróðurfar eru ólífulundur og kýprusviðarskógar.

Mikið er um spennandi gönguleiðir á þessum fallegu slóðum og meðal annars liggur 220 km gönguleið eftir eyjunni endilangri.

Í ferðinni er gengið í sjö daga en síðustu þrjú dagarnir teknir rólega á ströndinni.

Upplýsingar hjá Vita í síma 570 4453 eða í gegnum tölvupóst: siljarun@vita.is
www.vita.is/sportlif | www.gonguhrolfur.is



VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444



Faðmlag öfganna

BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar

Stundum er sagt – og það með allnokkrum sanni – að öfgarnar mætist. Þegar kemur að pólitík birtist þetta einkum í því að öfgamenn til hægri og vinstri virðast gjarnan eiga mun meira sameiginlegt en höfsamir vinstri- og hægrimenn. Þetta eru einkum alræðistilburðir, forræðishygga og andúð á mannréttindum. Því er ég að velta þessu fyrir mér að í nýlegri atkvæðagreiðslu á Alþingi drógu þingmenn upp nokkuð skýra mynd af því hvernig hinu pólitíska landslagi er háttað í þingsölum um þessar mundir.



ÞAR var m.a. hlaupist undan merkjum vegna afstöðu ríkisstjórnarinnar til Evrópusambandsins. Hún er, skilst mér, sú að þjóðin skuli ákveða hvort landið tilheyrir ESB eða ekki. Við þetta geta sumir ekki sætt sig og finnst það allt of mikil þjónkun við ESB að þjóðinni, sem treysti þeim fyrir þingsæti, skuli treyst til að taka slíka ákvörðun.

Nú í vikunni tókst flokksþingi Framsóknarflokksins naumlega að sigrast á þessum lýðræðisótta með því að samþykka ekki að viðræðum skyldi strax hætt. Það var, að mínu mati, vel af sér vikið. Það hvernig þingstýrkur Framsóknarflokksins hefur þróast undan-

farna áratugi gefur fólki þar á bæ nefnilega litla ástæðu til að hafa neitt sérstakt dálæti á lýðræðinu. En þennan styrk hafa sumir greinilega ekki til að bera.

ÞESSI ríkisstjórn mun ekki taka ákvörðun um Evrópusambandsaðild. Hún hefur ekki vald til þess. Það vald er þjóðarinnar einnar. Og þá ákvörðun mun þjóðin taka fyrr eða síðar, hvort sem einhverjum líkar það betur eða verr. Feli stjórnvöld henni það ekki mun hún knýja fram rétt sinn til þess. Hver ákvörðunin síðan verður er aukaatriði í þessu samhengi. Nú ríður á að byggja upp og það verður ekki gert með neinum traustvekjandi hætti í skugga algjörar óvissu um aðild – af eða á – í náinni framtíð.


ÞAÐ segir sína sögu um lýðræðisótta Evrópusambandsandstæðinga að þeir skuli ekki treysta þjóðinni til að hafna aðildinni, í ljósi þess hve augljóst skaðræði þeir telja hana. Það segir líka sitt um trú þeirra sem hlynntir eru aðild að þeir skuli knýja á um að ákvörðunin verði tekin sem fyrst, þótt skoðanakannanir gefi þeim núna litla ástæðu til bjartsýni.

VERST að ekki skuli vera til gott orð í íslensku um þá pólitísku hugsjón að stjórnvöldum sé betur treystandi fyrir hagsmunum fólks en lýðnum. Jú, annars ... orðið er til. Það er „fasismi“.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Gefum góða sumargjöf

Fótbolti!



Fótboltar
frá 2.990.-



Nike fótboltaskór
Hver er flottastur?



Enski boltinn
Sængurföt
Handklæði
Flísteppi
o.m.fl.



Fótboltatreyjur
Frá kr. 6.990.-

Klikkar ekki.



Takkaskór
Verð frá 6.990.-



Íþróttatöskur
Verð frá 4.990.-



Legghlífur
Verð frá 2.990.-



Gerfigrasskór
Verð frá 6.990.-



Markmannshanskar
Verð frá 2.490.-



Fótboltasokkar
Verð frá 990.-

STANNO



Ertu búinn að græja þitt lið upp fyrir sumarið.
Þú færð búninginn á þitt lið hjá okkur.
Fáðu tilboð hjá okkur!

Opið til kl. 16:00 í dag laugardag

Jói útherji

síðan 1999

Ármúla 36 - 108 Reykjavík s. 588 1560

www.joiutherji.is



TÖFRAFLAUTAN Í HÖRPU Íslenska óperan setur upp Töfraflautu Mozarts í haust. Þetta verður fyrsta óperuuppfærsla óperunnar eftir að hún flytur heimkynni sín í Hörpu í næsta mánuði. Daniel Bjarnason verður hljómsveitarstjóri og Ágústa Skúladóttir leikstýrir. Í helstu hlutverkum eru Þóra Einarsdóttir, Finnur Bjarnason, Garðar Thór Cortes, Ágúst Ólafsson, Hulda Björk Garðarsdóttir, Jóhann Smári Sævarsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Valgerður Guðnadóttir og Kolbeinn Jón Ketilsson.

Gyrðir áritar í dag



GYRÐIR ELÍASSON

Gyrðir Elíasson, handhafi Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, áritar smásagnasafnið Milli trjána í húsnæði Uppheima frá klukkan 14 til 16 í dag. Uppheimar, Undirheimar og Bókafélagið Ugly standa fyrir opnum kiljumarkaði í húsnæði Uppheima við Stórhöfða 24 frá klukkan 13 til 18 í dag. Um 100 titlar af kiljum verða til sölu á sérstöku tilboðs-verði.

Leikfélagið Royndin frá Nólsoy í Færeyjum
Norræna húsið, Leikfélag Hafnarfjarðar og Gaflaraleikhúsið
kynna

Havgird

- Sjótekinn

Umsagnir um sýninguna:
„Þarna liggur að baki mjög áhrifamikil hugmynd [...] og öll úrvinnsla úr henni gerir útkomuna magnaða leikhúsupplifun.“
(Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, www.leiklist.is)

„Sagan er ómótstæðileg og fer með áhorfandann“

Miðapantanir í síma 565-5900
og í midasala@gaflaraleikhusid.is



HRUNADANS Sýningarstjórar ásamt nokkrum listamönnum sem taka þátt í sýningunni. Frá vinsti: Ásmundur Ásmundsson, Ingvar Högni Ragnarsson, Gunnhildur Hauksdóttir, Páll Haukur Björnsson, Hannes Lárússon og Tinna Grétarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sáralítið breyst eftir hrun

Góðærið, hrunið og eftirköst þess eru undir í myndlistarsýningunni **Koddu**, sem opnuð verður í Nýlistasafninu og Alliance-húsinu í dag. Ekki hefur verið þrútaust að setja sýninguna upp, að sögn **Ásmundar Ásmundssonar**, eins af sýningarstjórum sýningarinnar.

Yfir 40 listamenn taka þátt í sýningunni **Koddu**, sem verður opnuð í Nýlistasafninu og Alliance-húsinu við Grandagarð í dag. Þar rýna listamennirnir í myndmál ríkjandi hugmyndafræði góðærisáranna og fram yfir hrun.

Ásmundur Ásmundsson er sýningarstjóri sýningarinnar ásamt Tinna Grétarsdóttur og Hannesi Lárússyni. Hann segir mikla

rannsóknarvinnu liggja að baki sýningunni, sem hafa meðal annars leitt í ljós að sú hugmyndafræði bóluhagkerfisins hafi ekki látið undan síga eftir hrun.

„Við rýndum í ýmsar skýrslur, til dæmis Ímyndarskýrsluna frægu, og Ísland 2015, sem Viðskiptaráð og Háskólinn í Reykjavík unnu saman. Það held ég að sé plagg sem er unnið eftir í öllum ráðuneytum.“

Ein af birtingarmyndum er samkvæmt listamönnum kynningarátakið **Inspired by Iceland**, þar sem ung stúlka gengur nakin í heita laug um miðbik myndbandsins og segir munúðarlega: „Koddu“. Af því dregur sýningin nafn sitt.

Sýningin fjallar einnig um stöðu og hlutverk lista á tímum þar sem krafan til listamanna sé öðru fremur að vera til skrauts og skemmtunar.

Ásmundur segir **Koddu** vera

fyrstu myndlistarsýninguna sem fjalli gagnert um efnahagshrunið og það hafi verið talsverð þrúta-ganga að setja hana upp. Til stóð að setja upp sýninguna í Listasafni Árnesinga í nóvember, en safnstjóri rifti samningum skömmu fyrir opnun vegna óánægju með inntak og efnistöð sýningarinnar og Ásmundur segir að hafi verið hrein ritskoðun.

„Við rákumst á fleiri vegg í framhaldinu. Listasafn Íslands svaraði ekki fyrirspurn okkar um að setja upp sýninguna þar og Listasafn Reykjavíkur hafði ekki áhuga. Það gekk heldur ekki að afla fjár hér innanlands og er sýningin að öllu leyti fjármögguð erlendis frá. Það er því ljóst að það er sáralítil áhugi hjá listastofnunum hér á landi sem sýningu sem þessari, sem helgast kannski af því að þessi sýning beinir kastljósinu að vissu leyti að þeim.“

bergsteinn@frettabladid.is

Rannsóknasjóður

Umsóknarfrestur til 1. júní 2011

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Sjóðurinn styrkir rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

Auglýst er eftir umsóknum í Rannsóknasjóð með umsóknarfrest til 1. júní 2011.

Veittir verða tvenns konar styrkir:

- Öndvegissstyrkir
- Verkefnastyrkir


Styrkirnir eru veittir til allt að þriggja ára í senn. Umsækjendur, sem hlutu styrk til verkefna árið 2011 með áætlun um framhald á árinu 2012, þurfa ekki að endurnýja umsókn en skulu senda ársskýrslu til sjóðsins fyrir 10. janúar 2012.

Allar umsóknir og umsóknagögn skulu vera á ensku. Undanþágur eru aðeins veittar frá þeirri reglu ef birtingar á viðkomandi fræðasviði einskorðast við íslenska útgáfu. Í þeim tilvikum skal umsækjandi fá leiðbeiningar hjá starfsmönnum Rannís.

Allar umsóknir um öndvegissstyrki skulu vera á ensku.

Nánari upplýsingar um Rannsóknasjóð, styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á www.rannis.is

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins og hefur umsjón með opinberum samkeppnisjóðum s.s. Rannsóknasjóði og Tæknipróunarsjóði. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun og gerir áhrif þeirra á þjóðarhag sýnileg. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.



BÓKASKÚLPTÚR Harpa hefur þróað tækni í vinnslu og framsetningu klippimynda en Ragnhildur Jóhannsdóttir hefur mörkum ljóðlistar og myndlistar.

Ragnhildur og Harpa ræða Tilbúning

Ragnhildur Jóhannsdóttir og Harpa Dögg Kjartansdóttir ræða sýningu sína **Tilbúning** í Gallerí Ágúst við Baldursgötu klukkan 14 í dag.

Sýningin var opnuð 2. apríl síðastliðinn en þar eru til sýnis verk sem Ragnhildur og Harpa Dögg hafa unnið á undanförunum árum. Harpa hefur þróað tækni í vinnslu og framsetningu klippimynda og meðal annars unnið á notaðar og útflattar málningardósir. Oft skeytir hún saman ólíkum hlutum eða andstæðum og geta verkin þannig orðið súrrealísk og ævintýraleg. Í öðrum verkum sínum, svo sem innsetningum, hefur Harpa notað trjágreinar, rafmagnssnúður, neónljós, pípulagnir fleira. Með því að

taka hluti í sundur og setja saman aftur og nota til þess fundið efni, á þessi nálgun Hörpu Daggar ekki síst erindi í dag á tímum offramleiðslu og sóunar.

Ragnhildur Jóhannsdóttir hefur mörkum ljóðlistar og myndlistar og gjarnan með texta, bækur og tímarit. Ragnhildur hefur sýnt verk sín og framið gjörninga bæði hérlandis sem erlendis.

Nýlega tók hún t.d. þátt í upplestri með þreska skáldinu Iain Sinclair í Rich Mix Art Center í London. Listakonurnar leika sér báðar með tvívið og þrívíð, ljóð og ævintýri og nota gjarnan fundið efni í myndverkum sínum. Verk þeirra eru þó ólík og nálgast þær myndlistina á sinn hvorn máttann.

DVD markaður

Hagkaup Smáralind

DVD myndir frá 599 kr.



SJÓNVARPS-SERÍUR FRÁ 1.999 kr.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Grímulaus andlit

Myndlist ★★★★★

Öll erum við eins og trúðar

Elín Pjet. Bjarnason

Listasafn ASÍ. Til 15. maí.

Yfirlitssýning á verkum eftir Elínu Pjet. Bjarnason (1924-2009) stendur nú fram í miðjan maí í Listasafni ASÍ við Freyjugötu. Elín lærði ung myndlist, fyrst veturlangt hérna heima og síðan hélt hún til náms við Listaháskólann í Kaupmannahöfn árið 1945 þar sem hún var við nám til 1950, auk þess að ferðast talsvert um Evrópu. Síðar lærði Elín veggmynda-gerð við sama skóla og enn síðar grafík. Þessa grunns gætir í verkum hennar. Elín hélt ekki einkasýningar á verkum sínum en tók þátt í allnokkrum samsýningum í Danmörku, eitt sinn sýndi hún hér heima, ásamt veflistakonunni Vigdís Kristjánsdóttur (1904-1981) í Bogasalnum árið 1968. Elín var búsett í Kaupmannahöfn frá náms-árum sínum til æviloka.

Elín var fyrst og fremst málari. Snemma á ferlinum málaði hún stór fíguratíf málverk með

skýrt afmörkuðum flötum þar sem formin eru einfölduð og sterk. Frá sjöunda áratugnum og áfram voru portrettmyndir áleitinn þáttur í list hennar. Elín málaði bæði sjálfmyndir og myndir af vinum sínum, m.a. dönskum listamönnum og -konum. Myndir af húsum í landslagi eru annar sterkur þráður, þar sem spilað er saman ferningsformum og óreiðu náttúrunnar, en hún málaði meðal annars myndir sem sýndu eldgosíð í Heimaey.

Portrettmyndir Elínar eru kraftmikil verk og margar þeirra sýna innri heima frekar en ytra útlit. Þær eru dökkar og afskræmdar og minna á grímur. Erfitt er að segja hvernig listakonan hugsaði þær, hvort að hér sé hennar innri sýn að verki eða hvort hún vinni meðvitad í takt við ytri áhrif líkt og t.d. málverk COBRA-listamanna sem oft sýndu grímur og afskræmingu. Myndverk Alfreðs Flóka heitins koma upp í hugann, en það er sjaldgæft að verk íslensks listamanns kallist á við hans. Þetta er ekki síst í grafíkmyndunum.

Sýningin á verkum Elínar er forvitnileg fyrir margar hluta sakir. Fyrir það fyrsta er spennandi að sjá verk eftir íslenska lista-



ÖLL ERUM VIÐ TRÚÐAR Portrettmyndir Elínar eru kraftmikil verk og margar þeirra sýna innri heima frekar en ytra útlit, segir meðal annars í dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

konu sem nánast hafa ekki verið sýnd áður hérlendis, og það verk frá öllum ferli hennar. Sýningin kyndir ekki síður undir forvitni um listakonuna sjálfa og líf hennar

en Elín lést árið 2009. Við höfum því aðeins myndverk hennar að rýna í en myndheimur hennar er nokkuð sérstakur.

Sýningarnefndin, þau Kristín G.

Guðnadóttir, Steinunn Helgadóttir, Ingiríður Óðinsdóttir og Pjetur Hafstein Lárusson, systursonur og annar erfingja Elínar, hefur tekið ákveðna afstöðu við framsetningu verkanna og þannig að nokkru leyti túlkað þau á sinn hátt. Þannig eru til dæmis portrettmálverk Elínar í dramatískri umgjörð í Gryfjunni. Hér er gefið til kynna að portrettin hafi endurspeglad hugarheima Elínar og líklega er það rétt. Dökkir veggir skapa sterka tilfinningu fyrir ákveðnum erfiðleikum. Það er álitamál hvort málverkin þurfi á svo afgerandi framsetningu að halda en að mínu mati er umgjörðin alveg í takt við innra drama málverkanna. Framsetning mynda í Ásmundarsal er síðan mjög vel unnin.

Í heildina er fengur að þessari sýningu sem auðgar flóru sögunnar. Ragna Sigurðardóttir

Niðurstaða: Eftirminnileg og sérstök sýning á svo til óþekktu ævistarfi Elínar Pjet. Bjarnason. Áleitni og sterk málverk, sérstaklega portrettmýndirnar, bæta við flóru íslenskrar myndlistarsögu. Dramatísk framsetning nær tókum á áhorfandanum.

MORKINSKINNA



TVÖ NÝ BINDI ÍSLENSKRA FORNRITA

Morkinskinna er mikið konungasagnarit frá fyrri hluta 13. aldar og greinir frá þeim konungum sem ríktu í Noregi eftir fall Ólafs helga á Stiklarstöðum árið 1030. Ritið mun í öndverðu hafa náð fram til þess tíma er Sverrir Sigurðarson tekur að brjótast til valda í Noregi seint á 12. öld, en niðurlagið er glatað. Hér er á ferð elsta rit þar sem saga margra konunga er rakin ítarlega.

Morkinskinna gerist einkum við norsku hirðina, og mikill áhugi er þar á hirðmenningu og hirðlífi. Konungar eru sýndir í samskiptum við þegnana, og greina má þar mikinn áhuga á konungsvaldi. Verkið má því kalla samfélagsspegl þar sem hirðlífið er skoðað í ýmsum myndum. Enn fremur ber ritið vitni miklu dálæti á framandi löndum, og drjúgur hluti þess gerist í Austur-Evrópu og löndunum umhverfis Miðjarðarhaf. Ein höfuðþrýði Morkinskinnu eru hinar mörgu frásagnir af samskiptum konunga við Íslendinga sem dveljast í Noregi, hinir svonefndu Íslendinga þættir. Flestir eru þættirnir í sögu Haralds harðráða. Sumir þáttanna eru meðal meistaraverka íslenskra bókmennta, svo sem Auðunar þáttur vestfirska, Halldórs þáttur Snorrasonar, Hreiðars þáttur heimiska og Sneglu-Halla þáttur. Í Morkinskinnu eru fleiri vísur en í nokkru öðru fornu íslensku sagnariti, og setja þær og hin íslensku skáld mikinn svip á verkið.

Morkinskinna er nú í fyrsta sinn gerð aðgengileg íslenskum almenningi, með ítarlegum formála og skýringum. Verkið er í tveimur bindum; í þeim báðum eru formálar og skýringar, en skrár og kort sem gilda fyrir bæði bindin eru í því síðara. Myndir prýða útgáfuna.

Útgáfur **Íslenskra fornrita** eru gerðar úr garði með rækilegum inngangi og skýringum á kveðskap og torskildum orðum neðanmáls, auk sögu- legrar, mannfræðilegrar og landfræðilegrar glöggvunar á atburðum og aðstæðum þar sem þurfa þykir. Ítarleg kynning allra fornrita: www.hib.is



DREIFINGU ANNAST:

Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

Til heiðurs Perkins

Blúshátíð í Reykjavík hefst í áttunda sinn í dag með ýmsum uppákomum í miðbænum. Þar á meðal verður tilkynnt um heiðursfélaga Blúsfélags Reykjavíkur. Bandaríska blúsarans Pinetop Perkins, sem lést á dögnum 97 ára gamall, verður minnst um helgina, enda spilaði hann með íslensku hljómsveitinni Blue Ice Band og kom fram á Blúshátíð fyrir tveimur árum. Tónleikar honum til heiðurs verða haldnir á Rosenberg í kvöld þar sem fjöldi tónlistarmanna ætlar að heiðra Perkins, þar á meðal Vinir Dóra, Ragnheiður Gröndal og Hilmar Örn Hilmarrsson. Allur ágóðinn rennur til Pinetop Perkins stofnunarinnar.

Á sunnudaginn sýnir Ragnar Kjartansson í fyrsta sinn hér á



PINETOP PERKINS Bandaríska blúsarans verður minnst á Blúshátíð í Reykjavík sem hefst í dag. Hátíðinni lýkur 21. apríl. NORDICPHOTOS/GETTY

landi myndbandsverkið *The Man* í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Þar spilar Perkins á píanó á akri utan við Austin í Texas. Sýningin stendur yfir frá kl. 14 til 22 og er enginn aðgangseyrir.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 16. apríl 2011

→ Tónleikar

17.00 Sigríður Ósk Kristjánsdóttir söngkona, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari halda **Ijóða-söngstónleika í Salnum** í dag kl. 17. Aðgangseyrir er kr. 3.500.

23.00 Hljómsveitirnar **Brother Grass** og **Illgresi** leiða saman hsta sína í blússandi Suðurriktjatryllingi á **Faktorý** í kvöld kl. 23. Húsið opnað kl. 22. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

→ Opnanir

16.00 Sýningin **Koddu** verður opnuð í **Nýlistasafninu** í dag kl. 16. Á sýningunni má sjá íslenska uppganginn, hrúnið og þjóðarsjálfíð eins og það blasir við listamönnum. Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.

→ Sýningarspjall

14.00 Sýningin **TILBÚNINGUR** stendur nú yfir í **Gallerí Agúst** og ætla listakonurnar **Ragnhildur Jóhanns.** og **Harpa Dögg** að vera með listamannspjall í dag kl. 14. Allir velkomnir.

Sunnudagur 17. apríl 2011

→ Tónleikar

16.00 **Kammertónleikar** verða í tónlistarsalnum **Hörmum** á Ísafirði í dag kl. 16. Tónlistarhjólin **Selvaldore** og **Tuuli Rähni** leika á klarinett og píanó. Aðgangseyrir er kr. 2.000, en kr. 1500 fyrir lífeyrisþega. Frítt fyrir 20 ára og yngri.

→ Sýningar

15.00 Myndlistarmaðurinn **Þorri Hringsson** verður með **listamannspjall** í **Hafnarborg** á sýningunni „Varanlegt augnablik“. Spjallið byrjar kl. 15.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



TJARNARBÍÓ

Dansdagurinn 29

Janis Joplin 30
BRYNDÍS ÁSMUNDS.

FRAMUNDAN Í MAÍ: 07

Óperudraugurinn

The Vocal Project 14
KÓRTÓNLEIKAR

28

Rebbasaga FRÖNSK BARNASÝNING

NÁNAR Á WWW.TJARNARBIO.IS

Mibasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is

TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

FRÁ FRAMLEIÐENDUM **ICE AGE**



KOMIN Í BIÓ!



SMÁRA  BIÓ HÁSKÓLA  BIÓ BORGAR  BIÓ  SVALENDI  EÐISHÖLL  LAUGARÁS BIÓ

WWW.SENA.IS/RIO



VILTU VINNA MIÐA?

SENDU SMS SKEYTIÐ
EST RIO Á NÚMERIÐ **1900**

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
FULLT AF VINNINGUM:

BÍÓMIÐAR

SVALI - COCOA PUFFS - PÁSKAEGG
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

9. HVER VINNUR!
FJÖLDI
AUKAVINNINGA

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.



5.000 FERMETRAR er stærðin á húsinu sem Taylor Swift keypti handa foreldrum sínum í Nashville. Húsið kostar litlar 1,4 milljónir dala.

Nýtt par í Hollywood

Ef marka má slúðurmiðla vest-anhafs eru leikaranir Charlize Theron og Keanu Reeves að stinga saman nefjum. Ónefndir heimildarmenn úr vindahópi þeirra staðfesta sambandið en segja leikarana vera að bíða með að opinbera þangað til þau flytja saman til Englands, en bæði eru að taka upp kvikmyndir þar á næstu vikum.

Ekki er nema tæpt ár síðan að Theron og Reeves náðust á filmu í faðmlögum en orðrómurinn var þá kæfður niður enda ekki langt síðan Theron skildi við þáverandi eiginmann sinn, leikstjóran Stuart Townsend.



TÍSKA Í KÓPAVOGI Fatnaðurinn vakti ólík viðbrögð áhorfenda eins og sjá má.

Framtíð tískunnar sýnd í Kópavogi

Útskriftarnemar í fata- og textilhönnun við Fjölbautaskólann í Garðabæ héldu glæsilega tískusýningu í Turninum á fimmtudaginn var. Alls sýndu sextán nemendur lokaverkefni sín fyrir fullum sal og þótti sýningin heppnast með eindæmum vel.



KRÜTTLEGT Þessar fyrrsætur voru sætar að sjá með bleikan varalit.

ÆVINTÝRALEGT Fyrrsætur klæðast ævintýralegum fatnaði frá Kolfinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



LÍF OG FJÖR Það var mikið um að vera baksviðs eins og þessi mynd ber vitni um.

Flóridana
VIRKNI

**MEÐAL
ÞEIRRA
BESTU**

Rauður Flóridana VIRKNI var einn þriggja virknidrykkja sem hlaut viðurkenningu á hinni alþjóðlegu keppni 'Beverage Innovation Functional Drink Awards' í ár.

Hann gefur orku og eykur einbeitingu. Hollur og bragðgóður ávaxtasafi án viðbættis sykurs.

Flóridana VIRKNI – safar sem virka.



Pællir ekki í vextinum

Söngkonan Adele segist ekki hafa tíma til að velta sér upp úr smáhlutum líkt og vexti sínum og segir tónlist sína vera fyrir eyrun, ekki augun.

„Líf mitt er fullt af dramatík og ég hef ekki tíma til að velta mér upp úr smávægilegum málum á borð við útlitið. Mér finnst ekki gaman að fara í ræktina. Mér finnst gott að borða góðan mat og drekka gott vín. Og þótt ég hefði frábæran vöxt mundi ég samt ekki vilja sýna umheiminum hann,“ sagði söngkonan geðþekka, sem hefur slegið í gegn með annari geislaþötu sinni, 21.



ADELE

GERÐU
FRÁBÆR KAUP
Í MIÐHRAUNI
UM HELGINA

ÆDEINS
Í MIÐHRAUNI

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
HUNDAMAT OG
KATTAMAT!

Hugsum vel
um dýrin
okkar!



Dýrarárikið 2
Ópið 12-18 alla daga
Sími: 568 66 68

DÝRÁRÍKIÐ
...fyrir dýravin!

HINN EINI SANNI

RISA

ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

MARKAÐUR



NÚ AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ

við hliðina á Dýraríkinu

Nýtt kortatímabil

Opið alla daga milli kl. 12:00 og 18:00

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE

Kaupfélagið

skór.is

| ecco®

NIKE®

PUMA®

hummel®

Reebok

BLEND

ORIGINAL

SKECHERS



SPORT
besta sætið



SPORT 2
enski boltinn

EIN MAGNAÐASTA FÓTBOLTAHELGI ÁRSINS

**MAN. CITY
MAN. UTD.**

Undanúrslit FA Cup á Wembley
Í dag kl. 16:00



**REAL MADRID
BARCELONA**

„El Clásico“ á Bernabeu
Í kvöld kl. 19:30



**ARSENAL
LIVERPOOL**

Stórleikur á Emirates
Sunnudag kl. 14:30





VILDARSKRIFT AD STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR      512 5100 | STÖÐ 2 IS | VERLANIR VODAFONE | VERLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Í OPNUNARTEITI Lóa Hjalmtýsdóttir úr FM Belfast (í miðjunni) ásamt Georg Holm úr Sigur Rós og eiginkonu hans Svanhvíti.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BRÍARÍ OPNAÐ

Tómstundahúsið Bríarí var opnað í Kex Hostel við Skúlagötu á fimmtudaginn. Húsið verður opið um helgina í tengslum við tónlistarhátíðina Reykjavík Music Mess.

Bríarí kemur tímabundið í stað tómstundahússins Havarí, sem lagðist í dvala í lok janúar. Síðan þá hefur staðið yfir leit að föstum viðverustað hússins í miðborg Reykjavíkur, án árangurs. Í anda Havarís býður Bríarí upp á tónlist, myndlist, ókeypis tónleika, hljómplötur og ýmislegt fleira. Einnig verður þar miðasala fyrir Reykjavík Music Mess. Bríarí verður opið bæði í dag og á morgun frá klukkan 11 til 18.



BERGLIND OG ÁRNI Berglind Häsler úr hljómsveitinni Skakkamanage og Árni Plúseinn úr FM Belfast voru á staðnum.



HRESS Pourie, Kristján Freyr Halldórsson, Diljá Ámundadóttir og Kamilla Ingibergsdóttir voru hress í opnunarteitinu.





Comfort4

Upplifðu mýkri og þægilegri rakstur með nýju 4 blaða Comfort4 rakvélinni frá Bic

4 sjálfstæð veltiblöð aðlaga sig að andlitinu og gefa enn mýkri rakstur en Bic 3ja blaða rakvél.



-svo er hún líka á frábæru verði



meira fyrir minna!



PLAYMO Frá vinstri: Þórarinn Jónsson, Baldvin Gunnar Árnason, Ólafur Gunnar Jónsson, Björgvin Hörður Arnarson og trommarinn Hanna Rut. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

PLAYMO TRYLLIR LÝÐINN Í SUMAR

Ballhljómsveitin Playmo ætlar að sér stóra hluti í sumar. Vinskapur við hljómsveitirnar Mars og Dalton varð til þess að Playmo var stofnuð.

„Við ætlum okkur stóra hluti í sumar,“ segir Baldvin Árnason, eða Baddi, gítarleikari reykvíska ballhljómsveitarinnar Playmo. Sveitin byrjaði að spila opinberlega fyrir einu ári og ætlar að vera dugleg við spilamennsku í sumar. Á efnisskránni eru dansvæn lög eftir vinsælar hljómsveitir enda er stefna Playmo að halda fólki úti á dansgólfinu eins lengi og mögulegt er. „Það er ekkert skemmtilegra en að standa uppi á sviði og sjá fólk dansa sig sveitt. Það veitir okkur mestu ánægjuna. Við ætlum að spila mikið í sumar og gera Playmo að þekktu nafni á meðal ballhljómsveita,“ segir Baddi og útilokar ekki að einn góðan veðurdag verði Playmo stærri en Skímó. Hann horfir mjög upp til Sálárinna hans Jóns míns, sem trónaði á toppi ballbransans í mörg ár. „Það er erfitt að komast með tærnar þar sem þeir hafa hælana. Það vantar í dag fleiri hljómsveitir á þessum skala eins og Sálina og SSSól og við viljum taka þátt í að endurvekja þessa ballmenningu. Þetta er lítill markaður eins og stendur og það mættu alveg vera fleiri staðir í bænum sem eru með svona live-tónlist.“

En hvers vegna ákváðuð þið að hella ykkur út í þennan erfða ballbransa? „Okkar vinahópur

er dálítið í þessu. Við þekktum strákana í Mars og Dalton og höfum stundað böllin mikið með þeim. Við ákváðum einn daginn að stefna á svipað ról og þeir,“ segir Baddi, sem telur Dalton vera bestu ballhljómsveit landsins. Til marks um vináttuna við Dalton tók Playmo nýverið upp nýtt lag sem nefnist „Já sæll, já fínt“ í hljóðveri Bödda, söngvara Dalton. Í laginu eru hinir ýmsu frasar úr Vaktapáttunum teknir og þeir hnoðaðir saman í eitt lag. „Þetta er ekta lag sem gripur mann og festist í hausnum á manni.“

Meðlimir Playmo eiga mismunandi bakgrunn og eru allir yfir þrítugt, nema trommuleikarinn Hanna Rut. Baddi og Þórarinn Jónsson gítarleikari eru báðir flugvirkjar, söngvarinn Ólafur Gunnar Jónsson er skrifstofumaður, Björgvin Hörður Arnarson bassaleikari er smiður og Hanna Rut er í námi. „Það eru eiginlega allir fjölskyldumenn nema ég,“ segir Baddi og viðurkennir að það hafi verið erfitt að koma Playmo af stað þegar hljómsveitin var að æfa prógrammið sitt. „Það þurfti svo gríðarlegan tíma í æfingar og það er ennþá erfitt að blanda þessu saman en við eigum mjög góðar fjölskyldur.“

Fram undan hjá Playmo er páskaball í Vík í Mýrdal á skemmtistaðnum Ströndinni. Þar verður nýja lagið „Já sæll, já fínt“ vafalítið spilað auk þess sem Svartur afgan með Bubba í rokkadri útgáfu Playmo hefur lengi verið funheitt á dansgólfinu.

freyr@frettabladid.is

Vill fá frí frá unnustanum

Söngkonan Jessica Simpson er orðin þreytt á því að hafa unnusta sinn, íþróttamanninn fyrrverandi Eric Johnson, alltaf í kringum sig. Johnson hefur verið atvinnulaus frá árinu 2008 og eyðir því öllum sínum stundum með Simpson.

„Jessica sagði Eric að láta sig í friði í nokkra daga. Þau eyddu öllum sínum tíma saman og Jessica fékk loks nóg. Hún bað hann um að gefa sér smá frí svo hún gæti hugsað aðeins um sjálfa sig,“ var haft eftir innanbúðarmanni.

Samkvæmt heimildarmönnum

tímaritsins In Touch Weekly er Simpson einnig þreytt á að þurfa að halda hinum atvinnulausa unnusta sínum uppi og sjá honum fyrir vasapeningum. „Jessica keypti bíl handa Eric fyrir ekki svo löngu. Hún keypti sér líka nýjan BMW en hún hefur komið Eric í skilning um að það sé hennar bíll og leyfir honum alls ekki að keyra hann.“

FÆR FRÍ Jessica Simpson bað unnusta sinn, Eric Johnson, um að gefa sér smá frí.

NORDICPHOTOS/GETTY



HÖRÐ ÁGÚT

Laugardagur til *lista*

Í dag milli kl. 12.00 – 17.00 eru verk eftir *Hörð Ágústsson*, *listmálara og fræðimann* til sýnis í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19. Upptökur af fyrirlesturum Péturs Ármannssonar og Ólafs Gíslasonar um listamanninn verða sýndar í ráðstefnusal bankans.

Sýningin er einnig opin alla virka daga í apríl milli kl. 11.00 – 15.30.

Verið *velkomin*.



 **adidas® is all in**

Tekur púlsinn á samfélaginu

Einfalt og tímalaust eru orðin sem lýsa best stíl ljósmyndarans Einar Snorra. Með Gwen Stefani og hljómsveitina R.E.M. á ferilskránni býður Einar Snorri Íslendingum upp á myndatöku gegn vægu verði næstu daga en hann er að sanka að sér efni í nýja portrettbók.

„Það hefur blundað í mér lengi að kyla á þetta verkefni, gera aðra bók með mismunandi andlitum. Þegar Sissa (innsk. bl. eigandi ljósmyndaskóla Sissu) fór þess á leit við mig að koma heim og halda fyrirlestur fyrir nemendur skólans ákvað ég að slá tvær flugur í einu höggi. Halda fyrirlestur og safna efni í bókina í leiðinni,“ segir Einar Snorri en hann býr í Berlín þar sem hann vinnur við ýmislegt tengt kvikmyndagerð og að mismunandi ljósmyndaverkefnum.

Einar Snorri hefur nú þegar gefið út tvær ljósmyndabækur í samvinnu við félagi sinn Eið og einna frægust er hin svokallaða Kaffibarsbók þar sem fastagæstir barsins á fyrri hluta tíunda áratugarins voru festir á filmu. „Alveg síðan ég byrjaði að taka myndir hef ég verið hrifinn af portrettförminu. Andlit spegla raunveruleikann og sálina. Þess vegna finnst mér tímabært að gera aðra bók núna og taka púlsinn á samfélaginu á þessum skrytnu tímum,“ segir Einar Snorri en hann stefnir að því að safna yfir 100 myndum í bókina og vill meina að það skapist flott áhrif þegar mörg andlit eru samankomin á einum stað. Hann hvetur því sem flesta til að koma, borga vægt verð og fá



LIÓSMYNDIN ER DÝRMÆT MINNING Einar Snorri hvetur fólk frekar til að borga fyrir góða ljósmynd af sjálfu sér en að kaupa nýjar gallabuxur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



PLÖTUÐU GWEN STEFANI Í MYNDATÖKU Einar Snorri og félagi hans Eiður voru fengirn til að mynda hljómsveitina No Doubt þegar hún var við það að skjótast upp á stjörnuhimininn. Þeir félagarnir heilluðust strax af söngkonunni Gwen Stefani en var bannað að taka af henni andlitsmynd einni enda átti myndatökan að vera af allri sveitinni. „Ég var staðráðinn í að ná af henni einni portretmynd enda er hún með frábært andlit og náði ég að taka þessa mynd á Polaroid-vél undir þeirri yfirskrift að ég væri að prufa ljósið. Ég er mjög ánægður með hana.“

MYND/EINARSNORRI

í staðinn lítið listaverk af sjálfum sér. „Það er vanmetið hversu dýrmætt það er að eiga góða mynd af sjálfum sér. Góð minning sem maður á alla ævi. Frekar að borga fyrir það en að kaupa sér nýjar gallabuxur,“ segir Einar Snorri en

áhugasamir geta sent póst á netfangið krunkproductions@gmail.com og pantað sér tíma í myndatöku. Verðið er 25.000 krónur og innifalið er ein útprentuð mynd ásamt geisladiski með völdum römmum. alfrun@frettabladid.is

Dýrð í Apphæðum!

Fermingartilboð í öllum verslunum

Stórsnjallir símar á frábæru verði auk úrvals framúrskarandi fermingargjafa.

Prófaðu nýjustu tæknina og sjáðu framtíðina með þínum eigin augum. Láttu ekki app úr hendi sleppa.



Nokia C5-03

200 MB
á mán. fylgir
með í 6 mán.

2 miðar
í Sambíóin
fylgja
á meðan birgðir endast

3.333 kr.
á mán. í 12 mán.
Fullt verð: 39.990 kr.

power to you



BEIÐ EFTIR
BRÚDKAUPINU
Sif Sigmarsdóttir

Andlit Kate á klósettskálum

Þegar Kate Middleton játaðist Vilhjálmí Bretaprins í lok síðasta árs mátti hún eiga von á að ein afleiðing þess yrði sú að senn myndi andlit hennar prýða postulínshluti til ýmiss brúks. Borðbúnaður skreyttur ásónu brúðhjónanna til minja um konunglegt brúðkaupid sem fer fram þann 29. apríl næstkomandi er fánlegur í minnstu túristakyrtrum sem virðulegustu verslunarmiðstöðvum um allt Bretland. Ólíklegt er þó að sú hugmynd hafi hvarflað að brúðinni verðandi að örlög hennar yrðu að brosa framán í heiminn af Postulíninu með stóru P. Nú er hins vegar fánlegt forlata klósettlok tileinkað skötuþjúnum og deginum þeirra.

Ekki er þetta í fyrsta sinn sem klósett reynist Kate vandræðagripur. Fundir foreldra Kate og Elísabetar Englandsdrottningar hafa þótt takast með afbrigðum illa og í kjölfar eins þeirra kom upp mál sem kallað hefur verið „klósett-gate“ (e. „toilet-gate“).

„Ótrúlega miðstéttarleg“

„Hún er ágeng, heldur væmin og ótrúlega miðstéttarleg,“ er haft eftir ónefndum „innanbúðarmanni“ við bresku hirðina um Carole Middleton, móður Kate. Carole þessi er komin af mörgum ættliðum kolanámumanna. Sjálf hefur hún notið velgengni sem kaupslukona og þannig haft burði til að koma börnum sínum til mennta í virtustu – og dýrustu – menntastofnunum Bretlands.

En hvorki peningar né samneyti við aðalinn þjóna sem aðgöngumiði að efri stéttum bresks samfélags. Öldum saman hefur hástéttin þróað með sér „framkomureglur“ sem þeir sem standa utan hennar kunna ekki að fara eftir. Ein af þessum reglum sem hástéttinni virðist annat um – og leiddi einmitt af sér klósett-gate – er rétt hugtakanotkun.

Klósettskálín og hásetið

Ekki er vítað hvernig salerni bærust í tal í samskiptum drottningarinnar og Carole Middleton. Axarskaft Carole varð hins vegar eitt umtalaðasta hneyksli í fjölmiðlum ytra svo



vikum skipti. Glæpur Carole var að nota orðið „toilet“ um klósett. „Loo“, „lavatory“, jafnvel „bog“ hefðu verið góð og gild orð í samræðum við drottninguna. En ekki „toilet“.

Carole varð víðar á í messunni. Hún tuggði tyggjó í nærveru drottningarinnar. Hún ávarpaði hana með orðunum „pleased to meet you“, eða „en ánægjulegt að hitta þig“ í staðinn fyrir „how do you do“, eða „hvernig hafið þér það“ (gengið er út frá því að öllum sem hlotnast sá

heidið að hitta drottninguna sé það mikil ánægja). Og svo mætti lengi telja.

Sagt er að vinir Vilhjálmss skemmti sér við að hæðast að verðandi tengdamóður hans. Þeir hvísla gjarnan orðin „cabin crew, doors to manual“ þegar hún mætir á svæðið og vísa þar til þess að Carole vann eitt sinn sem flugfreyja.

Í ljósi klósett-gate hlýtur það að svíða Kate sárt að andlit hennar skreyti nú fjölda breskra klósettskála. Einn vinsælasti brúðkaupsminjagripurinn ber þó vott um að mörgum þætti það ásættanlegur fórnarkostnaður að verma þann stað sem almúginn notar til að ganga örna sinna í skiptum fyrir hásetið. Um er að ræða postulínsborðbúnað með áletruninni: „Þetta hefði átt að vera ég“.



laugardagar, eru
vængjadedagar

25
Hot Wings™ á
2199
KR.

Hot Wings
PIECES



PIKAXI BNA • SA • 119922

vertu með
vængjaslátt
á laugardögum!

Hot
Sauce
fylgir



svooogott™

www.kfc.is

FAXAFENI • GRAFARHOLTÍ • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI





Feringartilboð



Tilboð
9.900 kr.



Sennheiser
RS-120
11.900 kr.



Sennheiser
Sport
7.980 kr.

Tilboð
6.900 kr.



Sennheiser
HD-228
8.900 kr.

Tilboð
8.900 kr.



Sennheiser
HD-238
11.900 kr.



Adidas
HD-220
9.900 kr.

Tilboð
7.800 kr.



Sennheiser
HD-418
9.800 kr.

Tilboð
13.900 kr.



Sennheiser
HD-515
17.900 kr.



Sennheiser
HD-201
4.600 kr.

Tilboð
17.900 kr.



Sennheiser
RS-160
21.900 kr.

Tilboð
16.900 kr.



Sennheiser
HD-555
21.900 kr.

Tilboð sem hljóma vel

Heyrnartólin frá **Sennheiser** eru þýsk gæðavara og skila tónlistinni nákvæmlega eins og hún á að hljóma. Þau henta öllum feringarbörnum og nú færðu Sennheiser heyrnartól á sérstöku feringartilboði hjá okkur næstu vikurnar.

Velkomin í Pfaff – þar sem feringargjafirnar fást.

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is

PFAFF



MEISTARAKEPPNI KSÍ í karlaflokki fer fram í dag en í þessum árlega leik mætast núverandi Íslandsmeistarar (Breiðablik) og bikarmeistarar (FH). Leikurinn hefst klukkan 18.15 í dag og fer fram í Kórnum. Þessi sömu lið áttust við í sömu keppni í fyrra og þá unnu FH-ingar 1-0 sigur.



ENGINN KÆRLEIKUR Pep Guardiola, stjóra Barcelona, og Cristiano Ronaldo, leikmanni Real Madrid, lenti eftirminnilega saman í síðasta leik liðanna.

NORDICPHOTOS/GETTY

Boltinn í Evrópu um helgina: Enski bikarinn og El Clásico

FÓTBOLTI Það verður nóg af stórvíðburðum í evrópsku knattspyrnunni um helgina, þó aðallega á Spáni og Englandi.

Real Madrid og Barcelona munu eigast við í spænsku úrvalsdeildinni kl. 20 í kvöld. Börsungar unnu fyrri leik liðanna í deildinni 5-0 og eru nú með átta stiga forystu á Madridinga á toppi deildarinnar. Það er því fyrst og fremst stoltið sem er undir fyrir þá hvítklæddu í kvöld því möguleikar Real í deildinni verða að teljast litlir, þó svo að liðið vinni í kvöld.

Undanúrslitin í ensku bikarkeppninni fara fram á Wembley-leikvanginum um helgina. Í dag kl. 16.15 eigast við Manchesterliðin, City og United, í hörkuslag en á morgun kl. 15 mætast Stoke og Bolton.

Þá er einnig spilað í ensku úrvalsdeildinni en stórleikur helgarinnar er viðureign Arsenal og Liverpool á morgun kl. 15. - esá

Margir möguleikar opnast eftir ár

Guðjón Valur Sigurðsson segir það ekki vera frágengið að hann spili með danska liðinu AGK á næstu leiktíð. Hann hefur náð samkomulagi við AGK en er samningsbundinn Rhein-Neckar Löwen út næstu leiktíð. Hann fer því ekki nema Löwen sleppi honum. Guðjón heldur sínum möguleikum opnum árið 2012.

HANDBOLTI Framtíð hornamannsins Guðjóns Vals Sigurðssonar er í óvissu. Skartgripajöfurinn Jesper Nielsen, sem fer fyrir liðum AGK og Rhein-Neckar Löwen, hefur lýst því yfir, oftast en einu sinni, að Guðjón muni spila með AGK á næsta ári. Guðjón segir að það sé ekki rétt hjá Nielsen að hann spili með AGK á næsta ári.

„Staðreyndin er sú að við Jesper höfum rætt saman og ég hef samþykkt hans tilboð upp á eins árs samning. Málið er aftur á móti það að ég er samningsbundinn Löwen út næstu leiktíð og ef ég fæ ekki samþykki frá Löwen þá fer ég ekki til Danmerkur. Að sama skapi dettur upp fyrir sá samningur sem ég hef samþykkt við Jesper um að fara til Danmerkur,“ sagði Guðjón Valur við Fréttablaðið í gær en hann viðurkenndi að það væri leiðinlegt að standa í þessum sögusögnum og óvissuástandi þegar hann vildi einbeita sér að því að spila handbolta.

„Ef þjálfarinn [Guðmundur Guðmundsson] segir nei þá fer ég ekki neitt og ekkert að því. Ef þeir leyfa mér að fara þá fer ég. Málið verður í það minnsta ekki unnið í neinum leiðindum.

Ég bíð eftir viðbrögðum frá Löwen. Persónulega myndi ég vilja vita hvað verður sem fyrst en það er ekki svo gott. Það er mikið að gera hjá Löwen þar sem EHF hefur meinað Jesper að vera stjórnarformaður bæði Löwen og



GUÐMUNDUR HEFUR SITT AÐ SEGJA Guðjón segir að ef Guðmundur Guðmundsson meini honum að fara til Danmerkur muni hann klára sinn samning hjá Rhein-Neckar Löwen.

AGK þannig að það spilar eflaust inn í. Ég veit hreinlega ekki hvernig þetta mál mun fara,“ segir Guðjón sem ætlar að sýna mönnum að hann sé kominn í gott stand og sé enn sami leikmaðurinn og hann var þegar hann meiddist.

„Ég vil sýna að ég sé enn góður. Ég er enn fljótur og góður í handbolta. Ég þarf aftur á móti að fá að sýna það. Samningar margra vinstri hornamanna í bestu liðum heims renna út árið 2012. Ég er ekki að gera eins árs samning að óþörfu.

Það verður hreyfing á markaðnum á mönnum í minni stöðu sumarið 2012 og ég vil því halda mínum málum opnum þó svo að það geti vel verið að ég verði á sama stað. Þá renna út samningar hjá mönnum í Kiel, Hamburg, Barcelona og Ciudad Real. Hvort ég eigi möguleika á að fara í þessi lið verður svo að koma í ljós. Ég vil í það minnsta halda mínum möguleikum opnum,“ segir Guðjón, sem hefur mátt sætta sig við það að vera oft utan hóps hjá Löwen eftir áramót.

„Ég er farinn að geta æft hrikalega vel núna. Ég gat spilað á HM og var langt frá því í eins góðu formi þá og núna. Ég komst samt ansi vel frá því móti. Ég er í enn betra standi núna og nú þarf ég að fá að spila. Ég þarf að sýna fólki að ég standist álagið í marga mánuði eftir að hafa verið frá í tíu mánuði.“

henry@frettabladid.is

Snjór var á völlum landsins þegar aðeins um tvær vikur eru í mót og KSÍ íhugar aðgerðir ef þörf krefur: KSÍ vill frekar fresta en fara með leiki inn í hús

FÓTBOLTI Veðurfarið á Íslandi síðustu daga er líklega ekki til þess að létta lund mótastjóra KSÍ. Það eru um tvær vikur í að Pepsi-deildin eigi að hefjast og enn snjóar reglulega og margir vellir eiga talsvert í land með að vera tilbúnir fyrir átökin.

Fréttablaðið hafði samband við Þóri Hákonarson, framkvæmdastjóra KSÍ, og spurði einfaldlega hvað sambandið ætlaði að gera ef tíðarfarið myndi ekki lagast

og vellirnir væru hreinlega ekki hæfir til knattspyrnuíðkunar.

„Ef það verður snjór yfir öllu verður eðlilega að gera einhverjar ráðstafanir. Við gerum þó ekki ráð fyrir því. Við treystum á að upphitun vellirnir komi vel undan þessu tíðarfari. Við munum þó skoða málin í næstu viku en stefnan í dag er að mótið byrji eins og áætlað er,“ sagði Þórir en hvað ætlar KSÍ að gera ef allt fer á versta veg? Kemur

til greina að fara með leiki inn í knattúsin?

„Að mínu viti er það ekki möguleiki núna enda ætlum við að halda okkar striki. Það eru ekki mörg hús sem gætu tekið við leik í Pepsi-deildinni. Við myndum eflaust ræða þetta við félögin en við myndum vilja færa leiki til frekar en að fara inn í hús þó svo húsin séu góð. Þetta er engin óskastaða en við vonum það besta,“ sagði Þórir Hákonarson.

- hbg



KÓPAVOGSVÖLLUR Á þessum velli fer opunarleikur Pepsi-deildarinnar fram 1. maí. Snjór var á honum í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SUPER SUB
-50%
af lambasamlökum gegn framvisun auglýsingar

Nýbýlavegi 32 • S: 577 5773 • supersub.is

ENGIN MISKUNN



Í dag | Undanúrslit | Leikur 2

HK- AKUREYRI
Digranes | Kl. 16.00

Mán. 18. apríl | Undanúrslit | Leikur 3

AKUREYRI - HK
Höllin Ak. | Kl. 19.30 *ef þarf

Í dag | Undanúrslit | Leikur 2

FRAM-FH
Framhús | Kl. 16.00

Mán. 18. apríl | Undanúrslit | Leikur 3

FH-FRAM
Kaplakriki | Kl. 19.30 *ef þarf



EFNILEGAR Þorlákur Árnason hefur náð frábærum árangri með U-17 lið Íslands. MYND/KSÍ

Ótrúlegur árangur U-17 landsliðs kvenna: Í hópi fjögurra bestu landsliða í Evrópu

FÓTBOLTI U-17 landslið kvenna í knattspyrnu sneri aftur heim til Íslands í gær eftir frækna för til Póllands. Þar sigraði Ísland í sínum riðli í undankeppni Evrópumeistaramótsins og tryggði sér þar með sæti í úrslitakeppninni í Sviss í sumar. Aðeins fjögur lið taka þátt í henni og er árangur liðsins því stórglæsilegur.

„Þetta er frábær tilfinning og maður trúir þessu varla,“ sagði þjálfarinn Þorlákur Árnason. „Þetta er það sem við stefndum auðvitað á en þar sem aðeins fjórar þjóðir komast áfram þarf allt að ganga upp.“

Ísland spilaði í tveimur riðlum í undankeppninni og vann þá báða. Fyrst í Búlgaríu í haust þar sem liðið vann hin þrjú liðin í riðlinum samanlagt 29-1. Svo nú í Póllandi þar sem Ísland vann aftur alla sína leiki. Liðið mætti sterkum andstæðingum; Póllandi, Englandi og Svíþjóð, og vann þá alla.

„Þetta lið er búið að vinna átta leiki í röð. Sex í undankeppni EM og svo tvo leiki þar á undan. Það er búið að slá öll met sem hægt er að slá,“ benti Þorlákur á.

Eins og ávallt vekur það athygli þegar svo fámenn þjóð nær svona langt á vettvangi knattspyrnunnar, vinsælustu íþróttar í heimi.

„Það voru allir að klóra sér í hausnum í Póllandi. En minni-máttarkenndin er einfaldlega ekki

„Minnimáttarkenndin er einfaldlega ekki til staðar hjá leikmönnum okkar. Þær hafa mikla trú á því sem þær eru að gera.“

ÞORLÁKUR ÁRNASON
ÞJÁLFARI U-17 LANDSLIÐS KVENNA

til staðar hjá leikmönnum okkar. Þær hafa mikla trú á því sem þær eru að gera,“ sagði Þorlákur.

Hann segir þennan góða árangur því helst að þakka að leikmenn eru að spila flestir með meistara-flokkum sinna félagar þrátt fyrir ungan aldur.

„Þær hafa spilað erfiða leiki með sínum liðum og eru þar að auki að æfa við mjög góðar aðstæður. Þar að auki er þjálfun í yngri flokkum á Íslandi mjög góð og það hefur verið að skila sér. Árangur A-landsliðs kvenna skemmir heldur ekki fyrir og allt hefur þetta áhrif. Stelpurnar hafa séð að allt er hægt.“

Þar sem aðeins fjögur lið keppa í úrslitakeppninni í sumar er byrjað í undanúrslitum og mætir Ísland liði Spánar sem er ríkjandi Evrópumeistari í þessum aldersflokk. Frakkland mun keppa í hinum undanúrslitaleiknum en ekki liggur fyrir hver andstæðingur liðsins verður þar.

- esá



Að skora á sjálfan sig

